


**skoðun 22**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
**5. nóvember 2010**
260. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Eftirleikur hrunsins

*Jón Atli Jónasson ræðir um vald frásagnarinnar, timburmenn góðærisins og muninn á skemmtikröftum og listamönnum.*

**föstudagsviðtalið 18**

## Styrkja hjartveik börn

*Hið nýstofnaða kvenfélag Silfur heldur fyrsta galakvöldverð sinn.*

**tímamót 28**



## FH að missa flugið

*FH tapaði fyrir Fram í handboltanum og Akureyri lagði botnlið Vals.*

**sport 42**

## veðrið í dag




**BJART MEÐ KÖFLUM** nokkuð víða í dag en él um landið sunnanvert. Vindur verður víða fremur hægur og hiti um frostmark með suður- og vesturströndinni en annars staðar frost.

**VEÐUR 4**

# Tugir glæpa fyrnast vegna fjárskorts hjá lögreglunni

**Niðurskurður hjá lögreglu er farinn að hafa alvarleg áhrif á rannsókn mála. Lögbrjótar sleppa við refsingu vegna þess að mál fyrnast. Áhyggjuefni ef lögreglan annar ekki rannsóknum segir dómsmálaráðherra.**

**DÓMSMÁL** Tugir mála hafa fyrnst hjá lögregluembættum landsins þar sem lögreglumenn höfðu ekki tíma til að rannsaka þau, segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari. Hann segir mikinn misbrest á því að sum embætti geti lokið málum innan eðlilegra tímamarka.

Valtýr segir viðvarandi fjárskort hjá lögreglunni farinn að hafa alvarleg áhrif, sérstaklega í smærri málum. „Niðurskurðurinn hlýtur að koma niður á löggæslunni almennt, en hann kemur einnig niður á rannsókn mála.“

**322** sakamál hafa borist embætti ríkissaksóknara frá lögreglustjórum það sem af er árinu. Þau voru fimmtungi fleiri á sama tíma í fyrra.

Það er hlutverk ákæruvalds og lögreglu að sjá til þess að þeir sem hafa brotið lög fái refsingu samkvæmt lögum, en það gerist ekki þegar mál fyrnast, segir Valtýr.

Hjá embætti ríkissaksóknara hafa menn einnig orðið varir við að meðferð mála taki lengri tíma hjá lögregluembættunum, jafnvel þótt það valdi því ekki nema í undantekningartilvikum að mál fyrnist. Þannig hafa 322 sakamál borist embættinu til meðferðar frá lögreglustjórum það sem af er ári. Á sama tíma í fyrra voru þau fimmtungi fleiri, 387 talsins.

„Þetta er mjög alvarlegt, og það hlýtur að vera okkur áhyggjuefni ef svo er komið að lögreglan annar ekki rannsóknum á málum sem til hennar er skotið,“ segir Ögmundur Jónasson, dóms- og mannréttindaráðherra. „Við munum standa vörð um þennan grunn, og sjá til þess að gangverk réttarríkisins virki.“

Það er tvímælalaust hlutverk stjórnvalda að tryggja að fólk geti leitað réttar síns, segir Ögmundur sem ætlar að afla sér upplýsinga um stöðuna á næstunni. **- bj / sjá síðu 16**



**GÖNGUTÚR Í VETRARRÍKINU** Oahn og litli drengurinn Ísak klæddu sig eftir veðri í gær þegar þau fengu sér spássértúr á Klambratúni í snjónum sem nú liggur yfir höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VOFF** Tíkin Sunna er hreinræktuð og í eigu Guðna Ágústssonar, formanns deildar íslenska fjárhundsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenski fjárhundurinn í útrás:

## Á risasýningu í Bandaríkjunum

**GÆLUDÝR** Íslenski fjárhundurinn verður frumsýndur á einni stærstu hundasýningu Bandaríkjanna í næstu viku.

„Þetta er mjög mikilvæg sýning fyrir framtíðarvinsældir íslenska fjárhundsins í Bandaríkjunum,“ segir Kristina Moore fjölmiðlafulltrúi. Búist er við að 20 milljónir manna fylgist með sýningunni á sjónvarpsstöðinni NBC á þakkargjörðardaginn. **- afb / sjá síðu 46**

Björgvin G. Sigurðsson vill sameiginlegt framboð frjálslyndra stjórnmálaafla:

# Vill stóran nýjan flokk á miðjunni

**STJÓRNMÁL** Með stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn eftir kosningarnar 2007 vék Samfylkingin frá hugsjóninni um breiðfylkingu sem byggði upp samfélag sósíaldemókratismans án þátttöku íhaldsmanna, hvort sem var til hægri eða vinstri. „Enn er þó morgunn og ekkert því til fyrirstöðu að taka upp þráðinn og setja af stað nýtt samrunaferli sem stefndi að sameiginlegu framboði frjálslyndra afla í samfélaginu: Samfylkingar, Framsóknar, hluta sjálfstæðismanna og hugsanlega lítils hluta Vinstri grænna. Í orrustunni um Ísland morgundagsins er þetta framtíðarmódel frjálslyndra stjórnmálaafla sem ég er sannfærður um að við eigum að stefna að. Það er verkefni minnar kynslóðar vinstra megin við miðju.“

Þetta segir Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar og ráðherra í stjórn hennar og Sjálfstæðisflokksins, í bók sinni Stormurinn – reynslusaga ráðherra, sem kemur út eftir helgi.

Fram kemur að Björgvin hafi frá upphafi verið andvígur stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn. Hann hafi þó látið undan þrýstingi um að taka sæti í stjórninni.

Hann greinir frá því að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi upplýst hann tveimur dögum fyrir kjördag um að líklega yrði reynt að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum ef þáverandi stjórnarandstaða næði ekki markmiðum sínum um að fella ríkisstjórnina. **- bþs / sjá síðu 10**





Námskeiðin fara að hefjast. Þú getur byrjað strax í dag. Skráðu þig núna!

578 8200 | www.grandspa.is




Úrval nýrra ljósa
Á betra verði



Opið laugardag kl. 11-16

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

**SPURNING DAGSINS**



*Vala, stefnir stelpan ekki hraðbyri á þing, fyrst hún talar tungum tveim?*

„Jú, þingið hefði gott af því að fá Súsönnu til liðs við sig í framtíðinni.“

Vala Þórsdóttir og Agnieszka Nowak hafa skrifað bókina Þankagöngu Myslobieg um Súsönnu, tíu ára tvítyngda stúlku.

Svíakonungur gagnrýndur fyrir framhjáhald, næturklúbbaheimsóknir og tengsl við glæpaheima Svíþjóðar:

# Karl Gústaf biður fjölmiðla um svigrúm

**SVÍÞJÓÐ, AP** Karl Gústaf Svíakonungur vildi engu svara þegar fjölmiðlar spurðu út í svæsnar sögur af einkalífi hans, sem fjallað er um í nýútkominni bók.

Á blaðamannafundi, sem haldinn var í gær í tilefni af elgsveiðum konungs, eins og venja er til á hverju ári, sagðist hann aðeins hafa blaðað í bókinni. Hann hefði ekki haft tíma til að lesa hana alla og gæti því ekki tjáð sig um innihald hennar.

Hann sagði þó atburðina, sem um væri rætt, vera löngu liðna. Hann hefði rætt þá við fjölskyldu sína og þessi mál væru að baki. „Við snúum við blaðinu og höldum áfram,“ sagði konungurinn.



**KARL GÚSTAF RÆÐIR VIÐ FJÖLMIÐLAFÓLK** Óvenju fjölmennt var á blaðamannafundinum í gær, en konungurinn sagðist ekki hafa náð að lesa bókina alla. NORDICPHOTOS/AFP

Auk þess bað hann fjölmiðla um að láta nú konungsfjölskylduna í friði „vegna þess að við höfum ákveðnum skyldum að gegna“.

Bókin heitir „Karl Gústaf XVI – konungurinn ófúsi“ og fjallar höfundurinn þar ítarlega um einkalíf konungs, þar á meðal sögur af framhjáhaldi, útstáelsi á næturklúbbum og tengsl við glæpaheim Svíþjóðar.

Höfundurinn Thomas Sjöberg hefur áður skrifað umtalaða bók um Ingvar Kamprad, eiganda IKEA-verslananna, og aðra um sænska klámframleiðandann Berth Milton. Sjöberg vann að bókinni í tvö og hálft ár í samvinnu við Deanne Rauscher og Tove Meyer. Samkvæmt sænskum lögum eiga þau yfir höfði sér fangelsisdóm, kjósi konungurinn að kæra þau. - gb

Tillaga í velferðarráði:

## Vilja að styrkir verði hækkaðir

**BORGARMÁL Fjárhagsaðstoð til einstaklinga sem reka heimili hækkar úr tæpum 126 þúsund krónum í 149 þúsund krónur, samkvæmt tillögum sem fulltrúar Samfylkingar og Besta flokksins lögðu fram á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar í gær. Hækkunin nemur tæpum 19 prósentum.**

**Einnig er lagt til að fjárhagsaðstoð til hjóna hækki úr rúmum 200 þúsund krónum í tæpar 224 þúsund krónur, sem er 11 prósenta hækkun. Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr í foreldrahúsum mun nánast ekkert breytast og grunnfjárhæð til annarra þeirra sem ekki reka eigið heimili verður óbreytt.**



**IROM SHAMALA** Hún er orðin afar veikburða eftir hungurverkfallið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veikburða kona á Indlandi:

## Hungurverkfall í heilan áratug

**INDLAND, AP** Irom Shamala, 38 ára gömul indversk kona, hefur ekki sjálfviljug sett mat inn fyrir varir sínar síðan 4. nóvember árið 2000. Í gær hafði hún því verið í hungurverkfalli í heilan áratug.

Hún hóf hungurverkfallið til að mótmæla lögum sem veita indverskum hermönnum heimildir til að handtaka og jafnvel skjóta uppreisnarmenn án dómsúrskurðar.

Hún var handtekin þremur dögum síðar og hefur þann áratug sem síðan er liðið fengið næringu í gegnum nefið, gegn vilja sínum. - gb

# Biður fólk að dæma ekki hana Birtu sína

**Belinda Theriault á læðuna Birtu sem hvarvetna mætir fordómum fyrir útlitið eitt. Belinda hefur skrifað bók um Birtu til að reyna að auka umburðarlyndi og víðsýni. Birta litla er hárlaus og situr á öxl Belindu í gönguferðum um bæinn.**

**FÓLK** „Það er sérstakt að fylgjast með viðbrögðum fólks þegar það sér hana fyrst af því að hún er svona hárlaus,“ segir Belinda Theriault um Sphynx-læðuna sína Birtu.

Belinda og tíkin Týra voru óaðskiljanlegar í fimmtán ár þar til Týra dó haustið 2006.

„Þegar Týra dó var ég í ofboðslega miklum sárum. Ég vildi ekki fá mér annan hund en vissi að ég yrði að fá mér eitthvert dýr af því að mér leið svo illa,“ segir Belinda sem tók Sphynx-læðuna Birtu til reynslu í nokkra daga sumarið 2007. Birta var þá í fyrsta skipti aðskilin frá bróður sínum og móður og faldi sig út um allt hús.

„Eftir tvo daga kom hún allt í einu inn í stofu og lagðist í kjöltu mína og horfði í augun á mér. Þá vissi ég að hún Birta færi héðan aldrei út aftur,“ lýsir Belinda andartakinu þegar hún féll fyrir læðunni sinni.

Sphynx-kattategundin er upprunalega frá Kanada og varð til við stökkbreytingu. Sérstakt útlit Birtu veldur því að hún mætir miklum fordómum.

„Fólk segir oft oj. Það spyr hvort hún sé ekki grimm og hvort ekki sé ógeðslegt að koma við hana. Bara við það að sjá hana myndar fólk sér svo ofboðslega neikvæða skoðun á henni,“ segir Belinda sem kveður börn hins vegar mun jákvæðari gagnvart Birtu en þá eldri. „Börnin vilja vita allt um Birtu. Þess vegna datt mér í hug hvort ég gæti notað hana sem sameiningartákn,“ segir Belinda sem skrifað hefur bókina Birta, brött og bleik.

„Fólk segir að hún líkist geimveru og sumir halda að hún sé rotta. Hún situr stundum eins og páfagaukur á öxlinni á mér og við göngum um hverfið og höfum jafnvel fengið okkur kaffi á útikaffihúsi. Einu sinni var lítill strákur með mömmu sinni niðri á Hallærisplani þar sem hann æpti upp: Ertu með grís?“ hlær Belinda.



**BELINDA OG BIRTA** Söguni um Birtu bleiku er ætlað að fá lesendur til að dæma þá sem eru öðruvísi ekki eftir útlitinu heldur sjá þá frá öðru sjónarhorni, segir höfundurinn Belinda Theriault. Tíkin Týra fylgist með ofan af vegg. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Einu sinni var lítill strákur með mömmu sinni niðri á Hallærisplani þar sem hann æpti upp: Ertu með grís?
>
> **BELINDA THERIAULT** RITHÖFUNDUR

Bókin fjallar um það þegar Birta fer út og hittir önnur dýr sem vilja hana ekki í hópinn. Belinda hefur áður skrifað tilraunaverkefni byggt á Birtu sem notað var í Norðlingaskóla.

„Í lok verkefnisins fórum við í heimsókn. Það að Birta sé til í alvörunni finnst fólki svo heillandi. Hún er ekki röndóttur fíll heldur er hún til og getur farið og hitt krakkana og þau fengið að sjá hana,“ segir hún og undirstrikar að Birta sé yndislegur köttur þótt hún sé öðruvísi.

„Birta er mjög mannblendin og það elska hana allir út af lífinu. Það er skemmtileg leið að nota hana til að leggja áherslu á umburðarlyndi, víðsýni og sjálfstæða hugsun,“ segir Belinda Theriault. gar@frettabladid.is



**LANDEYJAHÖFN** Ætlunin er að opna í dag eftir fjórutíu daga hlé.

Dýpkunarvinnu að ljúka:

## Herjólfi stefnt í Landeyjahöfn

**SAMGÖNGUR** Stefnt er að því að Herjólfur leggi að í Landeyjahöfn í síðdegisferðinni frá Vestmannaeyjum á morgun. „Að öllu óbreyttu stendur til að fara eina ferð í Þorlákshöfn á morgun og svo frá Eyjum klukkan fimm í Landeyjahöfn,“ segir Sigmar Jónsson hafnarvörður. Síðan er ætlunin að Herjólfur sigli úr Landeyjahöfn til Eyja klukkan hálfsjö annað kvöld.

Dæluskipið Perlan er í höfninni og heldur áfram dýpkunarstörfum í dag. Landeyjahöfn hefur verið lokuð í fjörtíu daga vegna sands í innsiglingunni. - gar

Norður-írskir þingmenn of feitir:

## Meinað að fara til Afganistans

**ÍRLAND, AP Breska varnarmálaráðuneytið hefur meinað tveimur norður-írskum þingmönnum, Ken Maginnis og David Simpson, að ferðast til Kabúl í Afganistan.**

**Ástæðan er sú að holdafar þeirra gerir það að verkum að þeir komast ekki í skotheld vesti. Jafnvel stærstu skotheldu vestin sem breski herinn hefur yfir að ráða duga ekki til að hlífa mönnunum.**

**Maginnis er ekki alls kostar sáttur við þetta og segir þá vera nokkuð venjulega í vextinum, „þótt við séum reyndar stærri en flestir“.** - gb






Mál Gunnars Rúnars Sigurþórssonar sent ákæruvaldinu í kringum helgina:

# Rannsókn á morðmálinu lokið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið rannsókn á manndrápinu í Hafnarfirði í ágúst síðastliðnum. Málið verður sent til ákæruvaldsins í kringum helgina.

Fyrir liggur játning Gunnars Rúnars Sigurþórssonar þess efnis að hann hafi veitt Hannesi Þór Helgasyni áverka með hnífi, sem urðu honum að bana. Þá er geðrannsókn lokið á Gunnari Rúnari. Það er dómara að ákveða hvort hann sé sakhæfur, með tilliti til rannsóknar geðlæknis.

Þá liggur krufningarskýrsla nú fyrir. Ýmis önnur gögn eru fyrirliggjandi, svo sem myndband sem sýnir Gunnar Rúnar henda hnífi í smábátahöfnina í Hafnarfirði. Hann mun þá hafa verið að koma beint af heimili Hannesar Þórs Helgasonar eftir að hafa orðið honum að bana. Myndbandið er úr eftirlitsmyndavél við höfnina. Þá fannst far eftir skó hans á morðvettvangi og fleiri gögn eru fyrirliggjandi.

Enn er beðið formlegra niðurstaðna úr lífsýnum að utan, en þær verða notaðar í málinu þegar þær berast að utan.

Gunnar Rúnar hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 27. ágúst. - jss



**SMÁBÁTAHÖFNIN** Kafarar leituðu að morðvopninu í smábátahöfninni.

# Farsímar sem koma þér í gott samband!




**2.590 kr.** / 12 mán.

**Nokia 5230**

**Bíókort og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!**

**Verð: 2.590 kr. á mánuði í 12 mán.**
**eða 29.990 kr. staðgreitt**

Gildir með 3G áskrift og 3G frelsi.

**2.690 kr.** / 12 mán.

**Nokia C5**

**Bíókort og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!**

**Verð: 2.690 kr. á mánuði í 12 mán.**
**eða 31.990 kr. staðgreitt**

Gildir með 3G áskrift og 3G frelsi.

DAGUR & STEINI




**Bíókort 6 x í bíó og 500 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova!**

Ef þú átt nú þegar farsíma getur þú fengið Bíókort í næstu verslun Nova: 3.990 kr. (Fullt verð 6.600 kr.)

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## GENGIÐ 04.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 108,52 | 109,04 |
| Sterlingspund | 175,57 | 176,43 |
| Evra | 154,48 | 155,34 |
| Dönsk króna | 20,719 | 20,841 |
| Norsk króna | 18,891 | 19,003 |
| Sænsk króna | 16,640 | 16,738 |
| Japanskt jen | 1,3402 | 1,3480 |
| SDR | 172,38 | 173,40 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,8076

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gæsluvarðhald hóps litháískra ríkisborgara framlengt:

# Fimmti maðurinn handtekinn

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður sem handtekinn var í fyrradag vegna rannsóknar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á framleiðslu amfetamíns og kannabis hér landi var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 18. nóvember. Fjórir menn sátu fyrir í varðhaldi vegna málsins og voru þeir einnig úrskurðir í áframhaldandi gæslu til sama tíma. Allir eru mennirnir litháískir ríkisborgarar á þrítugs- og fertugsaldri.

Fjórir mannanna voru handteknir í Reykjavík og Grímsnesi í október. Rannsókn lögreglu snýr að ætlaðri framleiðslu fíkniefna, sölu þeirra og dreifingu. Við húsleitir var lagt hald á amfetamín og kókaín og mun magn hvorrar tegundar hafa verið undir kílói.



**FYRIR DÓMARA** Einn mannanna færður fyrir dómara í gær. FRETTABLADID/STEFAN

Þá fundust um tvö kíló af marijúana, sem grunur leikur á að mennirnir hafi framleitt. Loks fann lögregla um sex milljónir króna í reiðufé sem er álitið að sé afrakstur fíkniefnasölu.

Lögregla tók einnig í sína vörslu ýmis önnur verðmæti sem grunur leikur á að séu, minnsta kosti að hluta, þýfi, svo og tæki sem talin eru tengjast framleiðslu á amfetamíni og marijúana.

Einn mannanna hefur áður komið við sögu hjá lögreglu hér vegna fíkniefnamáls. **- jss**

Ríkisstjórninni mótmælt:

# Vestfirðingar slökkva ljósin

**MÓTMÆLI** Hátt í sjö hundruð manns á Vestfjörðum höfðu síðdegis í gær skráð sig í átak á Facebook gegn ríkisstjórninni.

Upphafsmaður átaksins, Guðjón M. Þorsteinsson, vill að Vestfirðingar slökkvi ljós á heimilum sínum og fyrirtækjum í eina mínútu klukkan sjö í kvöld. „Vestfirðingar. Sýnum samhug í verki. Ríkisstjórnin vill að við flytjum héðan ef marka má vinnubrögðin," segir Guðjón á Facebook-síðu sem hann stofnaði um átakið. **- gar**

Smuga á Schengen:

# Norðmenn og Rússar opna

**NOREGUR Norðmenn og Rússar hafa samið um að opna landamæri ríkjanna að hluta. Þetta verður í fyrsta sinn sem ríki innan Schengen-svæðisins opnar landamæri til ríkis sem er ekki aðili að Schengen-landamærasamstarfinu.**

**Landamæri ríkjanna verða þó ekki opnuð almennri umferð, heldur fá íbúar á svæðunum næst landamærunum sérstök skilríki sem gera þeim kleift að ferðast á milli að vild.**

**Það voru utanríkisráðherrar ríkjanna, þeir Jonas Gahr Støre og Sergei Lavrov, sem undirrituðu samninginn í Osló.** **- gb**

## LEIÐRÉTTINGAR

Sigfús Eymundsson bóksali teiknaði uppdráttinn að upphaflegri Hótel Valhöll sem reist var á Þingvöllum árið 1898 en ekki Guðjón Samúelsson eins og sagði í Fréttablaðinu í gær. Seinna var byggt við hótelið sem flutt var fyrir árið 1930 á þann stað sem það stóð þegar eldsvoði grandaði því í fyrrasumar.

Vegna rangra upplýsinga frá Þjóðleikhúsinu birtist rangt nafn við frétt um annan af höfundum tónlistarinnar við leikritið Lé konung. Hið rétta er að Benny Nilsen starfar við sýninguna ásamt Hildi Guðnadóttur. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

## ÁRÉTTING

Mynd af unglingum sem var notuð sem myndskreyting með frétt um hagi norrænna ungmenna, og birtist í Fréttablaðinu á laugardag, tengist ekki efni fréttarinnar. Myndin var tekin af öðru tilefni. Hlutaðeigandi eru beðnir velvirðingar.

# Ríkisstjórnin er eins og Groundhog Day

**Stjórnarandstöðuþingmenn gagnrýna ríkisstjórnina fyrir aðgerðaleysi og rukka hana um aðgerðir fyrir heimilin og fyrirtækin. Forsætisráðherra segir að mikill árangur hafi náðst og skorar á stjórnarandstöðuna að bera upp vantrauststillögu.**

**ALÞINGI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, líkti ríkisstjórninni við framvinduna í kvikmyndinni Groundhog Day á þingfundi í gær. Í henni upplifir sögupersónan sama daginn aftur og aftur og ekkert gerist.

Hann og fleiri gagnrýndu ríkisstjórnina fyrir aðgerðaleysi í brýnustu málum og rukkuðu forsætisráðherra um stefnu. Voru skuldavandi heimilanna, samráð við stjórnarandstöðuna, atvinnuleysi og atvinnustefnan undir.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði ríkisstjórnina verða að gera almennilega grein fyrir hvað hún ætlaði að gera fyrir heimilin.

Sigmundur Davíð sagði að enn einu sinni væri boðað til samráðs með stjórnarandstöðunni. Það væri sjálfsagt en þá þyrfti ríkisstjórnin að skipta um stefnu.

Sigurður Kári Kristjánsson Sjálfstæðisflokki sagði að mæta þyrfti atvinnuleysinu með róttækum aðgerðum. Fjöldi tillagna hefði komið fram frá stjórnarandstöðunni og hreyfingum vinnuveitenda og launþega. Ríkisstjórnin hefði hins vegar ekkert fram að færa, en verði kröftum sínum í að skjóta niður tillögur annarra. Þá sagði hann stjórnina svikula og benti á stöðugleikasáttmálann og stjórn fiskveiða máli sínu til stuðnings.

Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki undraðist að forsætisráðherra skyldi guma af góðum árangri í efnahagsmálum, raunveruleikinn sýndi annað.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON | BJARNI BENEDIKTSSON | SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON | BIRKIR JÓN JÓNSSON

## Komið þið fram með vantraust!

„Ef þessi ríkisstjórn er svona ómöguleg eins og stjórnarandstaðan er að halda fram, af hverju ber hún ekki fram vantraust á þessa ríkisstjórn? Komið þið fram með vantraust á þessa ríkisstjórn. Við skulum sjá hvort hún hafi meirihluta hér á þingi til þess að takast á við þessi viðfangsefni. Ef hún þarf að gera það án stjórnarandstöðunnar þá skulum við bara láta reyna á það og við skulum þá sjá hvort stjórnarandstaðan er þá annaðhvort tilbúin til að fara í kosningar strax eða taka við."

*Jóhanna Sigurðardóttir á Alþingi í gær*



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Jóhanna Sigurðardóttir sagði margar tillögur á borðinu um aðgerðir fyrir heimilin og í atvinnumálum. Aðgerðir í skuldamálum yrðu kynntar á mánudag og varðandi atvinnulífið væru í bígerð stuðningur við nýsköpunarverkefni, vegaframkvæmdir upp á 30 milljarða, sérstakt atvinnuátak á Suðurnesjum og aðgerðir fyrir atvinnulausa.

Um efnahagsmálin almennt sagði hún að mikill árangur hefði náðst. Um það vitnuðu erlendir sérfræðingar.

Ásökunum um svik við stöðugleikasáttmálann svaraði Jóhanna á þá leið að SA hefði horfið frá honum út af skötusel og ASÍ út af fjármagni í starfsendurhæfingarsjóð. Lagði hún svo áherslu á mikilvægi samstarfs stjórnar og stjórnarandstöðu.

bjorn@frettabladid.is





**FYRSTI KALLINN KEYPTUR** Flugstjóri Geysis kaupir fyrsta Neyðarkallinn af Slysavarnafélaginu Landsbjörgu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Neyðarkallinn kominn í sölu:

# Flugmaður Geysis fyrstur

**SAMFÉLAGSMÁL** Dagfinnur Stefánsson, flugmaður flugvélarinnar Geysis sem fórst á Bárðarbungu árið 1950, keypti fyrsta Neyðarkall Slysavarnafélagsins Landsbjargar þegar sala hófst í gær.

Kostnaðarsamt ár er að baki hjá björgunarsveitunum og ber þar hæst eldgosið í Eyjafjallajökli og eftirmál skjálftans á Haítí. Ólöf Snæhólm Baldursdóttir upplýsingafulltrúi segir í samtali við Vísi að aðgerðirnar hafi útheimt mikinn mannafla og tækjabúnað og skilin hafi verið eftir tæki fyrir fimmtán milljónir króna á Haítí. Neyðarkallinn verður seldur um allt land um helgina. **- sv**

Írska stjórnin í niðurskurð:

# Hyggst draga hratt úr halla

**ÍRLAND Ríkisstjórnin á Írlandi boðar metniðurskurð á næstu árum til þess að koma ríkisfjármálum í betra horf.**

**Fjárlagahalli verður minnkaður niður í rúm níu prósent af þjóðarframleiðslu á næsta ári og niður í þrjú prósent á þarnæsta ári.** **- gb**







## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**HELGIN**
Það má búast við éljum um landið sunnanvert í dag en annars verður víða nokkuð bjart og þá sérstaklega á Norðausturlandi. Á morgun þykknar upp vestan til með slyddu þegar líður á daginn og á sunnudaginn gengur í norðaustan hvassviðri.



**Á MORGUN** Strekkingur NV-lands, annars hægri.

**MÁNUDAGUR** Gengur í NA hvassviðri þegar á daginn líður.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 13° |
| Orlando | 20° |
| Ósló | 6° |
| París | 15° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



Disney · PIXAR
Cars
TOON
ROBERT PATTINSON
EMILIE DE RAVIN
CHRIS COOPER
LENA OLIN
PIERCE BROSNAN
Remember Me
"Robert Pattinson gives a raw and gut-wrenching performance."
betra verð
2.299.-
Disney · PIXAR
Cars
TOON
MATER'S TALL TALES
MEÐ ÍSLENSKU TALI
betra verð
2.299.-
Skellibjalla og Leyndardómur Álfanna
2.699.-
EINNIG TIL Á BLU-RAY
2-DISC DVD
Beauty and the Beast
2.399.-
EINNIG TIL Á BLU-RAY
Kristen BELL Josh DUHAMEL
when in ROME
"Flat-Out Hilarious!"
2.499.-
EINNIG TIL Á BLU-RAY
2-DISC SPECIAL EDITION
PARKER CATTRALL DAVIS NIXON
SEX AND THE CITY 2
2.499.-
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 11. nóvember á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að fylgjast með Þjóðfundinum um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,2% |
| Nei | 73,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að byggja nýtt hótel á Þingvöllum?*

Segðu þína skoðun á visir.is.

Dómur fellur í Nova Scotia um að Kanadamaður eigi rétt á 20 milljónum fyrir samningsbrot:

# SÍF snuðaði kanadískan fiskverkanda

**DÓMSMÁL** Fiskverkanda frá Nova Scotia í Kanada hafa verið dæmdir 180 þúsund dollarar, jafnvirði um 20 milljóna króna, fyrir vangreidda ráðgjafarþóknun frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda (SÍF). Sagt er frá málinu í blaðinu The Chronicle Herald.

Roger H. Smith og kona hans Gail seldu SÍF saltfiskverkunina Sans Souci Seafoods í Yarmouth árið 1997 fyrir 5,6 milljónir dollara, sem þá voru um 400 milljónir króna. SÍF gerði munnlegt samkomulag við Smith um að hann stæði ekki í samkeppni við félagið í fimm ár gegn því að hann fengi 100 þúsund dollara ráðgjafarþóknun frá félaginu árlega, að því er segir í dómi Hæstaréttar Nova Scotia frá því á miðvikudag.

Strax hafi hins vegar komið í ljós að SÍF ætlaði ekki að efna samkomulagið. Þess hafi heldur hvergi séð stað í kaupsamningnum.

Dómarinn segir að fullnægjandi sannanir séu eigi að síður fyrir því að samkomulagið hafi verið gert. Hins vegar hafi Smith rofið það tveimur árum síðar með því að stofna humarvinnslu og hafi þar með fyrirgert rétti sínum til frekari greiðslna.

Smith er því talinn hafa verið snuðaður um 200 þúsund dollara, og eigi að auki inni fimm þúsund dollara í ferðakostnað vegna málarekstursins. Frá því dragast 25 þúsund dollarar sem hann fékk á sínum tíma greitt fyrir að vinna skýrslu en gerði aldrei.

SÍF er nú starfrækt undir merkjum Iceland Seafood. - sh



**SÍF** Höfuðstöðvar SÍF voru í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Tveggja og hálfs árs fangelsi:

## Nauðgaði fyrrum eiginkonu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær karlmann í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir að hafa með ólögmætri nauðung og ofbeldi þröngvað fyrrverandi eiginkonu sinni til samræðis í bifreið eftir ökuferð sem þau fóru saman í. Þá var maðurinn dæmdur til að greiða konunni eina milljón króna í skaðabætur. Hæstiréttur staðfesti þar með dóm Héraðsdóms Vesturlands.**

**Maðurinn neitaði staðfastlega fyrir dómi að hafa nauðgað konunni. Kvað hann atvikið hafa átt sér stað með samþykki hennar.**

**Framburður mannsins var talinn afar ótrúverðugur í ljósi aðstæðna. Framburður konunnar hefði hins vegar verið nákvæmur og greinargóður.** - jss

Bush tekur af vafann:

## Gaf sjálfur leyfi til pyntinga

**BANDARÍKIN** George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, segist sjálfur bera ábyrgð á ákvörðun um að vatnspyntingar voru notaðar við yfirheyrslur á fanga sem grunaður er um aðild að hryðjuverkaárásum á Bandaríkin haustið 2001.



**GEORGE W. BUSH**

Þetta kemur fram í sjálfsævisögu hans, sem kemur út á næstu vikum. Bandaríska dagblaðið Washington Post skýrði frá þessu í gær.

Hann segist hafa svarað því játandi, þegar leyniþjónustumenn spurðu hvort beita ætti þessari pyntingaraðferð á Khalid Sheikh Muhammed, sem enn situr í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu. - gb

# Rasismi ungliða skók sendinefnd Svíþjóðar

**Ungur liðsmaður Svíþjóðardemókrata veittist að barþjóni af palestínskum uppruna með rasískum fúkyrðum og kastaði í hann glasi. Sænska sendinefndin á þingi Norðurlandaráðs var miður sín og óskaði eftir að fá að hitta barþjóninn.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Ungliði úr röðum Svíþjóðardemókrata veittist að barþjóni af erlendum uppruna á Ölstofu Kormáks og Skjaldar í fyrrakvöld og kastaði í hann bjórglasi. Sendinefnd Svíþjóðar á Norðurlandaráðsþinginu hafði samband við barþjóninn í gær og óskaði eftir að fá að hitta hann svo ungliðinn gæti beðist afsökunar.



**KORMÁKUR GEIRHARÐSSON**

„Hann var búinn að vera til leiðinda í svolítinn tíma," segir Kormákur Geirharðsson, annar eigenda Ölstofunnar. Ungliðinn hafi verið nokkuð drukkinn og linnulítið hreytt rasískum ónotum á sænsku í barþjóninn, sem er íslenskur og sænskur, en af palestínskum uppruna. „Það vildi til að hann var alinn upp í Svíþjóð og skildi allar blammeringarnar," segir Kormákur.

Þegar maðurinn hafi síðan viljað fá afgreiðslu hjá barþjóninum eftir svívirðingarnar – og hent í hann greiðslukorti – hafi þjónninn fengið nóg, hent kortinu til baka og afþakkað viðskiptin við hann. „Þá barði hann í borðið og svo tók hann næsta bjórglas sem hann sá og grýtti í drenginn," segir Kormákur. Glasið hæfði barþjóninn í öxlina en honum varð þó ekki meint af.

„Hann sagði sjálfur að hann hefði bara ætlað að skvetta á hann en misst glasið," segir Kormákur. Í kjölfarið hafi honum verið vísað út af staðnum. Hann hafi þrætt fyrir að eiga sök á uppákomunni og þá verið boðið að fá lögreglu á staðinn til að fara yfir upptökur úr öryggismyndavél. Það hafi hann ekki viljað.

Kormákur gerir ekki lítið úr atvikinu. „Þetta er töluvert mikið mál. Þetta á ekki að sjást og við líðum ekki svona hér. Þetta setti svartan blett á sænsku sendinefndina og ég veit að þeim finnst það ekki gott."

Og það stendur heima. Heimildir Fréttablaðsins herma að sendinefndin hafi verið svo miður sín yfir uppákomunni að fulltrúi hennar hafi, með hjálp starfsmanna Alþingis, komið sér í samband við barþjóninn og óskað eftir því að fá að hitta hann áður en hópurinn fór af landi brott síðdegis í gær svo ungliðinn gæti beðist afsökunar á framferði sínu. Ekki fengust upplýsingar um það í gær hvort barþjóninn hefði þegið boðið.

stigur@frettabladid.is




**ÖLSTOFAN** Ungliðanum var vísað út af staðnum eftir að hafa veist að barþjóninum. Fjöldi gesta á Norðurlandaráðsþinginu var staddur á Ölstofunni að skemmta sér þetta kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Berjast gegn innflytjendum í Svíþjóð

Svíþjóðardemókratar voru meðal sigurvegara þingkosninganna í Svíþjóð fyrr í ár. Þessi þjóðernissinnaði hægriflokkur bauð fram í fyrsta sinn og hlaut tuttugu þingsæti. Flokkurinn hefur harða innflytjendastefnu og lýstu fulltrúar allra annarra flokka því yfir fyrir kosningar að vegna andúðar flokksmanna á innflytjendum kæmi ekki til greina að mynda með þeim stjórn.



**SKRIFAÐ UPP Á SAMSTARF** Framkvæmdastjóri Icelandair og forstöðumaður hjá SAS kvittuðu undir margháttað samstarf flugfélaganna í gær.

Icelandair og SAS í samstarfi:

## Bónusar verða í boði hjá báðum

**VIÐSKIPTI** Icelandair og norræna flugfélagið SAS hafa samið sín á milli um margháttað samstarf, svo sem um tengingar og þjónustu flugfélaganna á milli áfangastaða og gagnkvæm réttindi fyrir vildarklúbbsfélaga.

Stefnt er að því að snemma á næsta ári geti félagar í Vildarklúbbi Icelandair nýtt vildarréttindi sín í EuroBonus-klúbbi SAS og öfugt.

Helgi Már Björgvinsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair, og Lars Sandström, forstöðumaður samstarfsmála hjá SAS, skrifuðu undir samninginn í Stokkhólmi í gær. - jab

**FRAKKLAND**

### Réðst á konu með blæju

Jeanne Ruby, franskur enskukennari á eftirlaunum, hefur hlotið mánaðarlangan skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að ráðast á konu frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum, sem var með andlitsblæju á ferðalagi í París.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

### Hertar reglur um netöryggi

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill setja strangari reglur um að netfyrirtæki á borð við Google og Facebook þurfi að gefa notendum sínum frekari stjórn á því hvernig netnotkun þeirra er skráð.






+ Bókaðu gistingu erlendis á icelandair.is

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52223 11/10




SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík
Opið: 9-18:30 virka daga.


Flugmálastjórn telur flugtengdan rekstur ECA á Keflavíkurflugvelli flókinn:

# Enn virðist langt í land fyrir ECA

**SAMGÖNGUR** Enn gæti verið langt í að fyrirtækið ECA fái nauðsynleg leyfi til að hefja flugtengda starfsemi á Keflavíkurflugvelli, þrátt fyrir að þegar hafi fimm starfsmenn verið ráðnir til fyrirtækisins og fyrsta þotan í flota fyrirtækisins sé væntanleg í byrjun desember.

Í áliti sem Flugmálastjórn (FMS) vann fyrir samgönguráðuneytið kemur fram að verkefnið sé talið flókið og reynsla af slíku sé ekki til staðar hér á landi. Þess háttar þekkingar væri hægt að afla „ef fjármunir og vilji er fyrir hendi“, en tímaramminn í því tilliti er að sögn FMS mældur í árum en ekki mánuðum.



**LANGT Í LENDINGU** Flugmálastjórn telur að það verði flókið að leiða málefni ECA til lykta. NORDICPHOTOS/AFP

Vélar ECA yrðu á ábyrgð íslenskra yfirvalda við notkun erlendis, en FMS veltir upp þeirri hugmynd að jafnvel væri hægt að skrá þær erlendis, án þess að það myndi hafa í för með sér minni umsvif hér á landi. Þar segir að „nær jafn mörg störf ættu að skapast við starfsemina hér á landi“.

Þar segir einnig að undirbúningur þessa verkefnis myndi hlaupa á tugum milljóna og FMS geti ekki lagt út í slíkt án fjárveitingar.

Í greinargerð á vef samgönguráðuneytisins segir að ráðherra muni á næstu dögum gera ríkisstjórn grein fyrir málinu og niðurstöðu sinni. - þj

Hálka í Breiðholti olli óhappi:

## Bíll hafnaði á unglingspilti

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á höfuðborgarsvæðinu um kvöldmatarleytið í fyrrakvöld með þeim afleiðingum að bíllinn rann upp á gangstétt og hafnaði þar á sextán ára unglingspilti.

Pilturinn var fluttur á slysadeild. Hann reyndist óbrotinn og ekki alvarlega slasaður.

Talið er að hálka hafi valdið þessu óhappi, sem varð við Austurberg á móts við Norðurfell, samkvæmt upplýsingum lögreglunnar. - jss

Kona dæmd í héraðsdómi:

## Ellefu mánuðir fyrir bílstuld

**DÓMSMÁL Kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í ellefu mánaða fangelsi fyrir að stela bíl í Reykjavík. Honum ók hún um höfuðborgarsvæðið og síðan áleiðis til Eyrarbakka. Hún hafði áður verið svipt ökuréttindum.**

**Fyrir dómi játaði konan brot sín. Hún gerði jafnframt grein fyrir aðstæðum sínum og viðleitni til að vera án fíkniefna.**

**Með broti sínu nú raufkonan skilorð 10 mánaða skilorðsdóms frá 2008.** - jss



**Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Með aflagningu Varnarmálastofnunar færast verkefni hennar til í stjórnkerfinu. Stofnunin samdi í byrjun þessa árs um að veita Vodafone aðgang að ljósleiðurum í ljósleiðarakapli NATO sem hringtengir landið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mílu gert að veita Vodafone aðgang

**PFS hefur gert Mílu að veita Vodafone aðgang að ljósleiðara NATO. Kröfu Vodafone um dagsektir var hafnað. Frestur er gefinn til 15. desember.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Vodafone fær aðgang að ljósleiðara NATO sem er í umsjá og að hluta í eigu Mílu, samkvæmt nýrri ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunarinnar (PFS). Tengingu á helstu staði á að vera lokið fyrir 15. desember, að því er fram kemur í ákvörðuninni. Eftir útboð samdi Vodafone í byrjun þessa árs við Varnarmálastofnun um leigu á ljósleiðara í kapli NATO. Míla á fimm ljósleiðarastrengi í kaplinum, en þrír eru á forræði utanríkisráðuneytisins.

Í ákvörðuninni er hafnað rökum Mílu (sem á og rekur fjarskiptanet Símans) um að krafa Vodafone um aðgang hefði átt að beina til utanríkisráðuneytisins og um að Varnarmálastofnun, sem leigði Vodafone einn ljósleiðara í kapli NATO, hefði ekki heimild til fjarskiptastarfsemi.

PFS vísar til þess að samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar frá árinu 2007 og með vísan til fjarskiptalaga hvíli sú kvöð á Mílu að veita aðgang að kaplinum. „Míla ehf. skal hafa forræði á því hvernig uppsetningu verður háttað og leggja til nauðsynlegar teikningar ef þurfa þykir. Fyrirtækið skal hafa hliðsjón af þeirri lýsingu sem fram kemur í erindi Og fjarskipta,“ segir jafnframt í ákvörðuninni. Um leið er áréttað að Míla megi rukka Vodafone um kostnað vegna breytinga sem ráðist verði í til að veita aðganginn.

„Við fögnum að sjálfsögðu niðurstöðunni, enda er óheftur aðgangur að ljósleiðaranum, sem við greiðum fyrir samkvæmt samningi við hið opinbera, forsenda þess að samkeppni skapist í gagnaflutningum um landið,“ segir Hannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. „Fyrirtæki hafa þurft að kaupa gagnasambönd Mílu, sem hefur verðlagt þjónustuna í samræmi við stöðu sína á markaðnum,“ segir hann og boðar aukna þjónustu þar sem samkeppni hafi verið takmörkuð þar til nú.



**HRANNAR PÉTURSSON**

PFS hafnaði kröfu um að Míla yrði beitt dagsektum vegna dráttar tengingar Vodafone við kapalinn. „Eins og málavöxtum er háttað verður að telja að sá dráttur sem orðið hefur á málinu sé ekki eingöngu af völdum Mílu, heldur sé hann að hluta til á ábyrgð Varnarmálastofnunar sem gagnaðila fyrirtækisins, meðal annars með því að draga að tilkynna um fjarskiptastarfsemi sína og ganga frá óleystum atriðum varðandi eignarhaldið á strengnum,“ segir í ákvörðuninni.

Ekki náðist í Evu Magnúsdóttur, forstöðumann sölu hjá Mílu. Fyrirtækið getur innan fjögurra vikna skotið ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. olikr@frettabladid.is


Kailash
ANDLEGT FERÐALAG

Á morgun, laugardaginn 6. nóvember, opnar ný verslun á Strandgötu 11 í Hafnarfirði sem sérhæfir sig í vörum frá Tíbet og Nepal. Verslunin selur meðal annars Buddhastyttur, talnabönd, skartgripi, reykelsi, poncho og margt fleira á andlega sviðinu.

Við bjóðum ykkur velkomin og að sjálfsögðu er alltaf heitt á tekatlinum.

Verslunin er opin virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-14.

Strandgata 11, Hafnarfjörður • Sími 512 3777 • www.kailash.is




til félaga í SVFR!

Á aðalfundi Stangaveiðifélags Reykjavíkur þann 27. nóvember næstkomandi fer fram kjör til stjórnar félagsins.

Í ljósi erfiðrar stöðu SVFR og harðnandi samkeppnisumhverfis vilja nokkrir velunnarar félagsins skora á dugmikla og drífandi félaga að gefa kost á sér í stjórnarkjör en kosið er um þrjú sæti í stjórn auk embætti formanns.

Athugið að framboðsfrestur rennur út þann 13. nóvember næstkomandi.

Nánari upplýsingar og leið til skoðanaskipta er á http://velunnararsvfr.xblogg.is

Hópur velunnara Stangaveiðifélags Reykjavíkur




# KYNNTU ÞÉR FRÁBÆR TILBOÐ Í NÝJA NETTÓ-BÆKLINGNUM OG Á NETTO.IS






25% afsláttur

**INNBAKAÐUR LAX**
750 G
**1.349** KR/PK.
ÁÐUR 1.798 KR/PK.




50% afsláttur

**NÁTTÚRA JÖKLASALAT**
200 G
**149** KR/PK.
ÁÐUR 299 KR/PK.



**FERSKT NAUTAINNRALÆRI**
**2.199** KR/KG
ÁÐUR 2.698 KR/KG

19% afsláttur




20% AFSLÁTTUR

**EMERGE**
ORKUDRYKKUR
250 ML
**79kr**
ÁÐUR **99** KR/STK.




20% AFSLÁTTUR

**RED BULL**
ORKUDRYKKUR
250 ML
**159kr**
ÁÐUR **199** KR/STK.




14% AFSLÁTTUR

**PEPSI/PEPSI MAX**
33 CL
**59kr**
ÁÐUR **69** KR/STK.



37% afsláttur

**FERSK GRÍSAMÍNÚTUSTEIK**
**1.196** KR/KG
ÁÐUR 1.898 KR/KG

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

## GILDIR 4. - 7. NÓVEMBER

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!**

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR
GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



**FAGMAÐUR** Franski slátrarinn Yves-Marie Le Bourdonnec leikur listir sínar á Kjötkróknum, alþjóðlegri ráðstefnu slátrara sem haldin var í New York í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Áskriftarverð breytist:

## Sportrás og Fjölvarp hækka

**FJÖLMIÐLAR Eftir tæpan mánuð tekur gildi breytt verðskrá fyrir Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport2 og Fjölvarpið. Hinn 3. desember hækkar grunnverð áskriftar að þessum stöðvum um 5 prósent.**

**Þannig hækkar áskriftarverð að Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 um 300 krónur, en grunnverð áskriftar að Fjölvarpinu eins og hér segir; Fjölvarp Stóri um 270 krónur, Fjölvarp Toppur um 180 krónur, Fjölvarp Skemmtun og Fræðsla um 170 krónur og Fjölvarp Landsbyggð um 145 krónur.**

**Eftir sem áður njóta vildaráskrifendur Stöðvar 2 afsláttarkjara, en þeir eru 90 til 95 prósent allra áskrifenda. Frekari fríðindi fyrir vildaráskrifendur eru væntanleg.** - gb

# Vildi ekki stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum

**Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður og fyrrverandi ráðherra, var andvígur samstarfi Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins eftir kosningarnar 2007. Fleiri Samfylkingarþingmenn lögðust gegn samstarfinu.**

**STJÓRNMÁL** Björgvin G. Sigurðsson vildi ekki að Samfylkingin gengi til stjórnarsamstarfs með Sjálfstæðisflokknum eftir kosningarnar 2007. Hún ætti fremur að vera áfram í stjórnarandstöðu en að mynda stjórn með höfuðandstæðingi sínum.

Frá þessu greinir Björgvin í bók um tímabilið fyrir, í kringum og eftir efnahagshamfarirnar 2008. Í henni lítur hann líka til baka og til framtíðar í stjórnmálum. Bókin kemur út eftir helgi.

Björgvin kveðst hafa beitt sér mjög gegn samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn „sem var ljóst að stefndi í, næði stjórnarandstaða Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Frjálslyndra ekki meirihluta". Helgi Hjörvar, Árni Páll Árnason og Katrín Júlíusdóttir hafi verið sama sinnis.

Björgvin segir að þrátt fyrir þá afstöðu hafi hann vitað að svo gæti farið að hann yrði beðinn að taka að sér ráðherraembætti. „Ég hneigðist fremur til þess að hafna því ef það byðist, en vinir mínir og félagar í Suðurkjördæmi lögðu hart að mér að breyta þeirri afstöðu. Ég gæti ekki skorast undan slíkri ábyrgð sem oddviti flokksins í kjördæminu. Staða mín innan þingflokksins yrði bæði viðkvæm og erfið, ef ég ætlaði að sitja þar sem eins konar stjórnarandstæðingur." Hann hafi því ákveðið að taka því jákvætt ef forystan óskaði eftir honum í ríkisstjórn.

Að sögn Björgvins var nokkuð almenn skoðun innan flokksins að formaðurinn, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ætti að verða fjármálaráðherra en ekki utanríkisráðherra. Fjármálaráðuneytið væri næstöflugasta ráðuneytið. Þá vildi flokkurinn hafa formanninn heima en ekki á sífelldum ferðalögum, enda sýndi reynslan að slíkt gæti veikt bæði formenn og flokka. „Það kom hins vegar fljótt fram að fólkið kringum Ingibjörgu Sólrúnu leit á stól utanríkisráðuneytisins sem næstþyngsta embættið, að minnsta kosti hvað virðingu snerti, og hún tók strikið þangað."

Björgvin segist hafa talið það ranga ákvörðun og raunar hafi hann verið óhress með að Samfylkingin skyldi sætta sig við að ganga inn í öll gömlu ráðuneytin sem Framsókn hafði farið með.

„En flokkurinn kærði sig kollóttan í vímunni yfir því að hafa náð því takmarki að komast í landsstjórnina," segir Björgvin í bókinni.

bjorn@frettabladid.is

## Bókun Helga um andstöðu ekki skráð

„Helgi Hjörvar var eindreginn andstæðingur stjórnarsamstarfsins, og við Katrín Júlíusdóttir og Árni Páll Árnason lögðumst einnig mjög gegn því á fundi þingflokks daginn eftir kosningarnar í maí 2007.

Helgi gekk svo langt að bóka andstöðu sína á þingflokksfundinum sem haldinn var daginn eftir kosningar. Sú bókun finnst nú hvergi. Honum var síðar tjáð að formaður flokks og þingflokks hefðu ákveðið að bókun hans skyldi ekki skráð. Fyrir því voru færðar einhverjar óskiljanlegar ástæður."



**AFSÖGNIN** Björgvin G. Sigurðsson sagði af sér sem viðskiptaráðherra undir lok janúar á síðasta ári eftir tuttugu mánuði í embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Foringjahollur flokkur**

„Nú blasti hins vegar við sá veruleiki að flokkurinn hafði tekið stefnuna á samstarf við Sjálfstæðisflokk þrátt fyrir að engar líkur væru á að saman næðist um ákvörðun um að sækja um aðild að ESB. Forystan náði þó strax fram skilyrðum sínum um myndarlegar umbætur í málefnum lífeyrisþega og öðrum velferðarmálum. Það féll vel í kramið hjá flokksmönnum, sem á þeim tíma voru ekki fúsir til að gera ESB að úrslitaatriði.

Rökin voru þau, að það væri ekkert annað stjórnarsamstarf, með eða án okkar, sem gæti náð árangri í þeim efnum. Okkur hefði altjent tekist að ná fram loforðum um Evrópunefnd og menn gerðu sér vonir um að með skynsemi og rökum mætti þróa starf hennar í átt að umsókn.

Formaðurinn hafði flokkinn með sér í þessu enda Samfylkingin foringjahollur flokkur. Á flokksstjórnarfundi á Hótel Sögu var ákafur fögnuður yfir samkomulaginu við höfuðandstæðinginn."

*Úr bók Björgvins.*




FRUMSÝNING Í HEKLU Á MORGUN. NÝR AUDI A1 - Opið frá 12 til 16

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA




**Full búð af nýjum vörum!**
**25% afsláttur af öllum vörum.**

**Opið virka daga 10-18,**
**laugardaga 11-16.**

HEIMA HÚSIÐ

Öndvegi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is



**TEKUR GÖTUMYNDIR FYRIR GOOGLE** Bianca Keybach, ferðamálastjóri í Oberstaufen í Þýskalandi, vakti heldur betur athygli þar sem hún hjólaði um bæinn með öflugar myndavélar í þágu Streetview-kortaþjónustu Google-vefsins. NORDICPHOTOS/AFP

Játaði þátttöku í þjófnaði:

## Stal 30 gróðurhúsalömpum

**DÓMSMÁL Tæplega tvítugur piltur hefur verið dæmdur fyrir þátttöku í þjófnaði á þrjátíu gróðurhúsalömpum úr gróðurhúsi í Gufuhlíð í Bláskógabyggð.**

**Pilturinn játaði sakargiftir að fullu og hreinskilnislega í þeim lið ákærunnar sem hann varðar. Hann kvaðst hafa snúið af vegi afbrota og fíkniefnaneyslu og lagði fram um það gögn fyrir dómi.**

**Pilturinn var sautján ára þegar hann framdi brot sitt, en síðan liðu tæp tvö ár áður en dómur gekk í málinu. Héraðsdómur frestaði ákvörðun um refsingu hans en dæmdi hann á skilorð í tvö ár.** - jss

# Meirihlutinn mildar tillögur

**Mannréttindaráð hefur mildað tillögur sínar um samskipti kirkju og skóla og hörfað frá algeru banni við kirkjuferðum og heimsóknum presta í skóla í þágu áfallahjálpar. Kirkjan vill efla samstarfið enn frekar.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig ætlar Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar að koma til móts við gagnrýnisraddir?

Mörgum þóttu tillögur meirihluta mannréttindaráðs um samstarf kirkju og skóla bæði óljósar og róttækar. Biskup Íslands gagnrýndi fyrstu tillögurnar harðlega í predikun sinni í Hallgrímskirkju í október og sagði þær skefjalausa fordóma og sýna andúð á kristni og þjóðkirkjunni. Hann sagði að gengi tillagan eftir myndi hún stuðla að fáfræði, fordómum og andlegri örbirgð.

Margrét Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs, undraðist viðbrögð biskups og svaraði því að meiningin með tillögunum hefði ekki verið að ráðast á kirkjuna heldur væri í meginatriðum verið að setja hömlur á trúboð í leik- og grunnskólum. Þar ætti það ekki heima.

Í upprunalegum tillögum ráðsins kemur meðal annars fram að heimsóknir barna í kirkjur á skólatíma skuli banna, sömuleiðis heimsóknir presta og annarra fulltrúa trúar- og lífsskoðanahópa í skólana. Sálmasöngur og listsköpun í trúarlegum tilgangi skuli sett af.

Háværar raddir brutust fram í samfélaginu í kjölfarið og þótti fólki mörgum spurningum ósvarað, þá helst varðandi undirbúning vegna kristinna hátíðahalda eins og í kringum aðventu, jól og páska. Mannréttindaráð fundaði í vikunni og lagði fram drög að endurbættum tillögum að breytingum á samstarfinu. Margrét segir að engar efnislegar breytingar hafi átt sér stað, en skerpt hafi verið á orðalagi og þau atriði sem hafi þótt óljós hafi verið sett skýrar fram. Ekki verður þó betur séð, þegar texti upphaflegu tillögunnar og þeirrar endurskoðuðu er borinn saman, en að meirihluti mannréttindaráðs hafi mildað tillögurnar talsvert.



**GRAFARVOGSKIRKJA** Formaður mannréttindaráðs segir engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á tillögum um samskipti kirkju og skóla en orðalag hafi verið skerpt.

**Tillögur mannréttindaráðs – hvað er breytt?**

| Ekki heimilt skv. gömlu tillögunni | Endurbætt tillaga |
|---|---|
| Heimsóknir presta | Heimilar í fræðandi tilgangi og að frumkvæði skólans. |
| Heimsóknir í kirkjur | Ekki heimilar í leikskólum. Á grunnskólastigi skulu heimsóknir eiga sér stað undir handleiðslu kennara og sem liður í fræðslu. |
| Áfallahjálp presta | Heimil við sérstakar kringumstæður, að frumkvæði skólans og samráð skal haft við foreldra. Helgistundir vegna áfalla skulu fara fram utan skólatíma. |
| Sálmasöngur og listsköpun í trúarlegum tilgangi | Sígildir söngvar, dansar, leikir og handíðir sem teljast hluti af gamalgrónum hátíðum og frídögum þjóðarinnar halda sínum sessi í árstíðabundnum skemmtunum og starfi. |

Samkvæmt nýrri námskrá fyrir fræðslu þjóðkirkjunnar, sem lögð verður fram fyrir kirkjuþing í þessum mánuði, er fjallað um leikskóla og sagt að markmið uppeldisstarfs í leikskólum landsins skuli meðal annars taka mót sitt af kristinni arfleið.

„Æskilegt er því að auka samstarf kirkjunnar og leikskólans,“ segir í námskránni. Í kafla um grunnskóla segir einnig að hin kristna arfleifð skuli hafa mótandi áhrif á starf í skólum og nauðsynlegt sé að auka samstarf kirkju og skóla. „ … enda nær skólinn til flestra barna sem skírð eru,“ segir í námskránni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í mannréttindaráði eru ósammála tillögum meirihluta Besta flokksins, Samfylkingar og Vinstri grænna. Sjálfstæðisflokkur bókaði á fundi ráðsins á miðvikudag að andstöðu við framkomna tillögu og að engin ástæða væri til þess að senda hana til umsagnar til annarra ráða. Samráð og samstarf við foreldra hefði ekki verið tryggt og fulltrúum flokksins í ráðinu hefðu borist nokkur hundruð kvartanir frá borgarbúum þar sem umræddri tillögu meirihlutans væri mótmælt.

Tillögurnar liggja nú til umsagnar hjá velferðarráði, menntaráði og íþrótta- og tómstundaráði.

sunna@frettabladid.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Chaplin

Nokkur af meistaraverkum Charlie Chaplin sýnd á stóra tjaldinu í Háskólabíói við lifandi undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

AÐALSTYRKTARAÐILAR

BORGUN · VÍS · Morgunblaðið



## CHAPLIN-BÍÓTÓNLEIKAR

Fim. 11.11.10 » 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Fös. 12.11.10 » 20:00

· **Charles Chaplin:** *Borgarljós (City Lights)*
**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Horfðu á eitt af meistaraverkum Chaplins og njóttu um leið lifandi flutnings Sinfóníunnar undir stjórn Frank Strobel, eins helsta sérfræðings heims á sviði kvikmyndatónlistar. **Miðaverð er 2.500 kr.**



## BARNABÍÓ MEÐ CHAPLIN

Lau. 13.11.10 » 14:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Lau. 13.11.10 » 17:00

· **Charles Chaplin:** *Hundalíf (A Dog's Life)*
· **Charles Chaplin:** *Iðjuleysingjarnir (The Idle Class)*
**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Yngsta kynslóðin á skilið að kynnast Chaplin við bestu aðstæður. Tilvalin skemmtun fyrir alla fjölskylduna. **Miðaverð er 1.700 kr.**

**Miðasala** » www.sinfonia.is » Sími 545 2500 » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
398
KR.10 stk
DUNI STERINKERTI 10 STK
ILMKERTI
98
KR.stk
ILMKERTI Í ÁLDÓSUM *MARGAR GERÐIR*
Tolli
Landslag hugans
TOLLI: LANDSLAG HUGANS
Í VERSLUNUM BÓNUS **kr. 4990.-**
ALLIR BESTU MOLARNIR Í EINUM KASSA !
NÓA KONFEKT 650g
*ALLIR BESTU MOLARNIR*
NÓI SÍRÍUS
1498
KR.650g
MACKINTOSH ***2 KG DÓS***
QUALITY STREET
2998
KR. 2 kg
BÓNUS
GJAFAKORT
Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.
198
KR.stk
***NÝJU*** SANTA MARÍA KRYDDIN 198 KR GLASIÐ
598
KR.stk
ES STEIKINGARPANNA 22sm *Verð áður 998 kr.*
598
KR.stk
ES PÖNNUKÖKUPANNA *Verð áður 1498 kr.*
ALGJÖRT SÆLGÆTI
598
KR.600g
NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR
129
KR. 385g
MYLLU FJÖLKORNABRAUÐIÐ 385g *(hálft)*
398
KR.stk
TVÖ SKURÐARBRETTI
*VERÐ ÁÐUR 598 KR.*
PÖNNURNAR FÁST Í BÓNUS:
AKRANESI, BORGARNESI, ÍSAFIRÐI AKUREYRI, NAUSTAHVERFI, EGILSSTÖÐUM, SELFOSSI, HVERAGERÐI, NJARÐVÍK, SMÁRATORGI, HAFNARFIRÐI, KORPUTORGI, HOLTAGÖRÐUM, SPÖNG, GARÐABÆ, ÖGURHVARFI, MOFELLSBÆ.
www.islandsnaut.is/
Fimmtán bestu uppskriftirnar úr hamborgarasamkeppi Íslandsnauts
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
898
KR.kg
BACON Í SNEIÐUM
998
KR.kg
BACON Í SNEIÐUM
BÓNUS KINDABJÚGU
159
KR.2 stk
KINDABJÚGU
PIZZU SKINKA
98
KR.125g
KF PIZZUSKINKA
100% NAUTAKJÖT
4 hamborgarar
598
KR. pk
ÍSLANDSNAUT FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
ÍSLANDS NAUT
Hamborgarar
10 stk. 100 g
1398
KR. pk
ÍSLANDSNAUT 100% UNGNAUTA-HAMBORGARAR 10 x 100g
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI



998 KR. kg

ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



898 KR. kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETUR




998 KR.kg

ALI GRÍSARIF / SPARERIBS
**ÞARF AÐEINS AÐ HITA**




898 KR.kg

BÚRFELLS
HAMBORGARHRYGGUR




898 KR.kg

ÍSLANDSGRÍS BAJONNESKINKA
ÚR GRÍSALÆRI

# KJÖRFUGL FERSKUR KJÚKLINGUR



628 KR.kg

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR




1798 KR.kg

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



798 KR.kg

K.S FROSINN LAMBABÓGUR SLÁTRUN 2010

**4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX**




698 KR.4x2 ltr




169 KR.2 ltr

BÓNUS BÝÐUR BETUR


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**FRÉTTASKÝRING:** Staða ákæruvaldsins

# Tugir mála fyrnast vegna niðurskurðar

**Niðurskurður hjá lögregluembættum hefur hjá sumum embættum haft alvarleg áhrif á afköst að mati ríkissaksóknara. Dómum í sakamálum hefur fækkað verulega milli ára, og umtalsvert færri mál koma til ríkissaksóknara frá lögreglustjórum landsins.**



VALTÝR SIGURÐSSON



SIGRÍÐUR ELSA KJARTANSDÓTTIR

Dæmi eru um að afbrotamenn sleppi við refsingu vegna þess að brot þeirra fyrnast eða að refsing falli niður að hluta eða öllu leyti sökum dráttar á rannsókn og saksókn. Þetta kemur fram í bréfi ríkissaksóknara til dómsmálaráðherra þar sem varað er við þessari þróun.

„Málshraðareglan er ein af grundvallarreglum réttarfars,“ segir í bréfi Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara. Réttur sakamanns til þess að fjallað sé um brot hans innan eðlilegs tíma er bæði bundinn í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu, segir þar enn fremur.

Í bréfinu er fjallað um stöðu mála hjá einu af lögregluembættum landsins. Þar er staða mála sögð óviðunandi og engan veginn í samræmi við reglur um málsmeðferðarhraða sem ríkissaksóknari hafi sett eða ákvæði í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála.

Valtýr segir í samtali við Fréttablaðið að augljóslega sé niðurskurður hjá lögregluembættunum farinn að hafa áhrif. Hjá sumum embættum hafi tugir mála fyrnst vegna þess að ekki vannst tími til að rannsaka þau. Hjá öðrum takist að rannsaka öll mál, en hægt hafi á öllu ferlinu

> Það er mjög líklegt að það haldi áfram að hægjast á vinnu lögreglunnar á öllu landinu.“
>
> VALTÝR SIGURÐSSON RÍKISSAKSÓKNARI

Vandamálið er ekki nýtt af nálinni en fullyrða má að jafnvel í mesta góðærinu fyrir bankahrun og almenna niðurskurðarkröfu hafi ekki verið sett nægilegt fé í þennan málaflokk.

„Þetta er auðvitað alvarlegt mál. Niðurskurðurinn hlýtur að koma niður á löggæslunni almennt, en hann kemur einnig niður á rannsókn mála,“ segir Valtýr.

„Því fer víðs fjarri að markmið um málsmeðferðarhraða sem sett hafa verið náist. Þarna erum við í skelfilegri stöðu miðað við hinar Norðurlandaþjóðirnar,“ segir Valtýr. „Það er hlutverk ákæruvaldsins, í samvinnu við lögregluna, að sjá til þess að þeir sem hafi brotið lög fái refsingu lögum samkvæmt. Það er ekki að gerast þegar mál fyrnast.“

Þessi þróun dregur augljóslega úr varnaðaráhrifum sem skjót og sanngjörn málsmeðferð getur haft, segir Valtýr. „En þetta snýst fyrst og fremst um jafnræðisregluna. Hún er ekki virt, og það finnst mér alvarlegt mál.“

### Færri mál til ríkissaksóknara

Þau mál sem fyrnast án þess að þau séu rannsökuð eru nær eingöngu smærri mál. Lögreglustjórar forgangsraða málum þannig að alvarlegri glæpir séu í forgangi, segir Sigríður Elsa Kjartansdóttir, settur vararíkissaksóknari.

Hún segir að embætti ríkissaksóknara hafi ekki náð að taka saman upplýsingar um nákvæman fjölda mála sem hafi fyrnst hjá öllum lögregluembættum. Ljóst sé að fjöldinn sé talsverður hjá sumum embættum á meðan önnur nái að sinna öllum málum.

Ein birtingarmynd þessarar þróunar eru færri dómar í sakamálum hjá héraðsdómstólum landsins. Það sem af er ári hafa fallið að meðaltali 132 dómar í hverjum mánuði. Á sama tíma í fyrra höfðu að meðaltali fallið ríflega þriðjungi fleiri dómar, eða að meðaltali 186 dómar á mánuði. Fækkunin er um 54 á mánuði, eða um 540 á tíu mánaða tímabili.

Lögreglustjórar senda lögum samkvæmt embætti ríkissaksóknara öll alvarlegri sakamál. Saksóknurum hjá ríkissaksóknara ber að ákveða hvort gefin verði út ákæra eða hvort ekki séu nægar líkur á því að sakfellt verði í málinu, og það fellt niður.

Sigríður segir að það sem af er ári hafi embættið fengið 322 sakamál til meðferðar frá lögreglustjórunum. Á sama tíma í fyrra hafi málin verið fimmtungi fleiri, 387 talsins.

Hún bendir á að á árinu 2009 hafi reglum ríkissaksóknara verið breytt þannig að mun fleiri mál eru nú afgreidd með lögreglustjórasekt en áður. Þetta hefur leitt til mikillar fækkunar á ákærum frá lögreglustjórum.

Ein af skýringunum á fækkun mála hjá ríkissaksóknara gæti verið sú að vegna niðurskurðar hjá lögregluembættum landsins komast þau ekki yfir að rannsaka mál og því komi færri mál til ríkissaksóknara, segir Valtýr.

Önnur skýring gæti verið sú að glæpum sé að fækka, en það verður að teljast frekar ólíklegt að þeim fækki svo mikið á svo stuttum tíma.

Þó að mál tefjist ekki svo mikið að þau fyrnist í meðförum lögreglu getur dráttur á rannsókn og saksókn mála haft áhrif á refsingu.

Valtýr segir litla von til að þetta breytist á næstunni. „Það er mjög líklegt að það haldi áfram að hægjast á vinnu lögreglunnar á öllu landinu.“

### Geta ekki sinnt eftirlitshlutverki

Í bréfi Valtýs til dómsmálaráðherra er tekið dæmi úr dómi sem féll nýverið. Þar ákvað dómarinn að hafna kröfu saksóknara um að svipta mann ökurétti þar sem rannsókn á „sáraeinföldu“ máli hefði dregist óhóflega.

Þetta er ekki fyrsta bréfið sem ríkissaksóknari sendir dómsmálaráðherra til að benda á tafir á rannsókn mála hjá lögregluembættum landsins. Í bréfi sem sent var 4. mars síðastliðinn varar hann við því að embætti ríkissaksóknara sé svo fjárvana að það geti ekki sinnt lögbundnu eftirliti með ákæruvaldi og málshraða hjá lögreglustjórum landsins.

Í bréfinu fer Valtýr fram á að fá að ráða einn saksóknara og ritara í hálfu starfi til að mæta auknu álagi hjá embættinu. Hann áætlar að kostnaður við það verði innan við 13 milljónir króna á ári. Ekki hefur verið brugðist við beiðninni.

„Við erum einfaldlega ekki í stakk búin til að sinna eftirlitshlutverki okkar eins og vera skyldi,“ segir Valtýr í viðtali við Fréttablaðið. Fjöldi starfsmanna við embættið hefur verið óbreyttur í um tíu ár, en verkefnum hefur fjölgað mikið.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is





**RANNSÓKN** Enginn eðlismunur er á þeim brotum sem rannsökuð eru af embætti sérstaks saksóknara, eins og meint brot forsvarsmanna Kaupþings, og þeim brotum sem efnahagsbrotadeild rannsakar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vill sameina rannsókn efnahagsbrota undir íslensku Økokrim

Engin ástæða er til að bíða með sameiningu efnahagsbrotadeildar og embættis sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari.

Hann vill að sameinað embætti taki mið af fyrirkomulagi Økokrim, embættis sem hefur með höndum rannsókn og saksókn efnahagsbrota og brota á umhverfislögum í Noregi.

Efnahagsbrotadeildin heyrir í dag undir embætti ríkislögreglustjóra. Valtýr segir enga ástæðu til að halda því fyrirkomulagi, nær sé að sameinuð efnahagsbrotadeild og embætti sérstaks saksóknara verði sjálfstæð stofnun, líkt og sérstakur saksóknari er í dag.

Í samantekt um stöðu ákæruvaldsins sem ríkissaksóknari sendi dómsmálaráðherra í júlí síðastliðnum setur Valtýr fram þá skoðun sína að sameina eigi embættin árið 2014. Hann segist í samtali við Fréttablaðið hafa skipt um skoðun, nú telji hann ekki eftir neinu að bíða með sameininguna.

„Ég tel nauðsynlegt að sameina þetta strax, enda myndi það að mínu mati styrkja faglegt starf við rannsókn og saksókn efnahagsbrota,“ segir Valtýr.

Hann segir algerlega ástæðulaust að rannsaka efnahagsbrot á tveimur stöðum, og oft erfitt að átta sig á hvort mál eigi heima hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra eða hjá embætti sérstaks saksóknara. Öll séu þessi mál efnahagsbrot og alger óþarfi að skilja þau í tvo flokka undir tveimur stjórnendum.

Verði efnahagsbrotadeildin og embætti sérstaks saksóknara sameinuð verður til öflug stofnun, segir Valtýr. „Þá væri hægt að einbeita sér að þessum málum án þess að önnur verkefni fái að flækjast fyrir þeim sem sinna þessum málaflokki.“

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála mun efnahagsbrotadeild heyra undir embætti héraðssaksóknara þegar því embætti verður komið á laggirnar í janúar 2010. Upphaflega stóð til að þessi skipan mála tæki gildi 1. júlí 2008, en málinu hefur verið frestað þrívegis.

Valtýr segist sjálfur ekki bjartsýnn á að það gerist nú frekar en áður. Sjálfur sé hann þeirrar skoðunar að óþarfi sé að bæta við embætti héraðssaksóknara. Réttara væri að nýta sér möguleika við sameiningu lögregluembætta til að efla saksóknarahlutverk embættanna og styrkja svo þau geti tekið við alvarlegri brotum en þau sinna í dag.

Óvissan um framtíð héraðssaksóknaraembættisins og þar með efnahagsbrotadeildarinnar er ekki góð, og því mikilvægt að stjórnvöld taki endanlega ákvörðun um hvað verður gert og hvenær, segir Valtýr.

Hann segir að annaðhvort verði að ákveða að nú verði af stofnun embættis héraðssaksóknara eða sameina efnahagsbrotadeild strax embætti sérstaks saksóknara. Það sé slæmt fyrir alla aðila að hafa óvissu um framtíðarskipan þessara mála.

Hann tekur raunar dýpra í árinni í samantekt sinni um stöðu ákæruvaldsins: „Embætti ríkissaksóknara og raunar ákæruvaldið í heild stendur á krossgötum. Slíkt er óheppilegt til lengdar fyrir allt starf viðkomandi stofnana sem og starfsfólk þeirra. Þessari óvissu verður að eyða,“ skrifar Valtýr í lok samantektarinnar.



Gleðidagar í CARAT
Smáralind
fimmtudag – sunnudags
20% afsláttur af öllum
skartgripum

Af hverjum 10 þúsund krónum gefum við
handsmíðaðan skartgrip í jólapakka
Fjölskylduhjálpar Íslands
Gullsmiðirnir í CARAT

Fjölskylduhjálp Íslands

CARAT

CARAT Haukur gullsmiður • Smáralind • sími 577 7740
carat@carat.is • www.carat.is



Allt fyrir bílskúrinn á góðu verði
Gerið verðsamanburð á öllum vörum, EKKI BARA TILBOÐUM!
MARC-LEO3
Leo hillueining 90x40x165cm. 4 hillur
5.795
MARC-Errex1
Errex hillueining. 100x40x185cm. 5 hillur
14.495
MARC-LEO1
Leo hillueining. 75x30x135cm. 4 hillur
4.395
MARC-LEO5
Leo hillueining 100x30x185cm. 5 hillur
5.995
Ath. perur fylgja
SHA-3901A
Loftljós flúor rakaþ. 2x18w 67,5x16,6cm
3.395
SHA-3901
Loftljós flúor rakaþ. 1x18w 67,5x11,2cm
2.695
SHA-3902A
Loftljós flúor rakaþ. 2x36w 128x16,6cm
5.495
TIA-JM-3340
Bílaþvottakústur
1.795
HAGMANS-39292
Gólfmálning 4 kg
9.195
COL-25004
Veggjamálning 4 L
3.995
COL-73003
Gólflakk 3 L
3.495
COL-06100
Hágæða sænsk veggmálning, 10L
4.490
FLISAR-KAI-78031
Kai, bílskúrsfl. úti og inni 33x33x0.8 cm
1.895 pr. m²
ZHE-HKV-100GS-30
Ryksuga 30lítra 1000W
23.900
TRUP-19779
Verkfærakista 19"
1.990
TRUP-19790
Verkfærakista 16"
1.495
NEW-JF-3054-D
Verkfærakista með hjólum 20,5"
3.990
HAAS-6205
Skolvaskur
9.900
MJO-UL 1004003
Rúðuvökvi -18 5L
945
MJO-UL 40002305
Tjöruhreinsir 5L
2.495
TRUP-22808
Startkaplar 2.5 metrar
995
SHA-2625
Vinnuljóskastari Rone 28W m. innst. blár
5.995
SHA-0203
Vinnuljóskastari 500W m handf 1,8m snúra
2.195
SHA-0207
Vinnuljóskastari 500W tvöfaldur á fæti
5.995
SHA-0206
Vinnuljóskastari 500W á telescop fæti
4.295
TES-343001
Vinnuhanskar
145
FIN-11110
Loftpressa 8 bör
29.900
ANN-12902
Black&Decker háþrýstidæla 110 bar
12.900
TRUP-21689
Loftdæla
2.995
NEW-FS1000
Bílskúrshurðaopnari
19.900
TRUP-16052 Slanga 20 metrar
1.995
MAN-29876
Verkfærasett
1.995
TRUP-20182
Loftmælir
325
TRUP-22090
Handryksuga
3.295
GAH-802028
Slönguhengi á vegg
995
TRUP-22970
Tangasett
1.795
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Kópavogur Smiðjuvegur 72. GRÓFVARA Opið virka daga kl. 8-18
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík - Flúðir - Vestmannaeyjar
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

**FRÉTTAVIÐTAL:** Jón Atli Jónasson leikstjóri

# Tilfinningaklámið er úti um allt

Mojito, nýtt leikrit eftir **Jón Atla Jónasson**, verður frumsýnt í Tjarnarbíói 17. nóvember næstkomandi. Undirliggjandi stef verksins eru afleiðingar efnahagshrunsins. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Jón Atli um vald frásagnarinnar, fólk og samfélag sem hefur misst vald á eigin frásögn, timburmenn góðærisins og muninn á listamönnum og skemmtikröftum.



**JÓN ATLI JÓNASSON** „Leikhúsið er fullt af fólki sem vill bara skemmta. Sú tilhneiging gerir leikhúsið að mörgu leyti ófært um að takast á við atburði líðandi stundar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikritið Mojito fjallar um tvo starfsmenn úr skilanefnd banka sem hittast fyrir tilviljun. Annar þeirra fer að rifja upp heimsókn sína á indversk/pakistanskan veitingastað í Reykjavík, sem endaði með ósköpum. Glös, borð og stólar voru brotin og slagsmál brutust út. Sögumaðurinn er hins vegar truflaður í miðjum klíðum af veitingamanninum, sem stígur inn í frásögnina og bætir við sinni hlið mála og kemur þá í ljós að atburðarásin er sögumanninum ekki jafn mikið í vil og hann vildi vera láta.

„Ég get sagt að verkið byggir á raunverulegum atburðum,“ segir Jón Atli og kímir. „Upphaflega var það Hallur Ingólfsson, félagi minn úr Mindgroup, sem stakk þessari hugmynd að mér. Hann bar kennsl á hvaða merkingu atburðarásin í þessari sögu fæli í sér og opnaði augu mín fyrir möguleikanum á að búa til úr þessu leikrit.“

### Timburmenn hrunsins

Jón Atli segir að grunnstef verksins sé gildi frásagnar í tilveru okkar og hvað gerist þegar við missum valdið yfir okkar eigin frásögn.

„Við skilgreinum tilveru okkar gegnum frásögn; með sögum sem við segjum um okkur sjálf og aðra. Mojito fjallar um mann sem missir valdið á eigin frásögn og verður berskjaldaður fyrir vikið. Við sjáum mörg dæmi um þetta í samfélaginu í dag; frásögn þekktra manna af því sem gerðist hér á landi rímar illa við það sem er satt. Að vissu leyti má segja að þetta sé það sem gerðist með sjálft hrunið. Fram að því réðum við yfir okkar eigin sögu. En þegar athygli umheimsins beindist að okkur vorum við ekki lengur einráð um hvernig sagan af því hvað gerðist hér var sögð.“

Jón Atli er ásamt Halli Ingólfssyni og Jóni Páli Eyjólfssyni í fararbroddi þeirra leikhúsmanna sem hafa brugðist beint við hruninu með frumsömdum verkum um „ástandið“, Þú ert hér og Góðir Íslendingar, sem sýnd voru í Borgarleikhúsinu.

„Við lifum á undarlegum tímum,“ segir Jón Atli. „Við erum að upplifa timburmenn ákveðins „góðæris“ þar sem menn stíga fram og segja: „ég gerði ekkert rangt, ég braut engar reglur,“ af því að það voru engar reglur. En það var hins vegar ákveðið gildismat. Nú stöndum við frammi fyrir því að það er enginn samningur um hvað nýja gildismatið feli í sér. Forsætisráðherra talar um Ísland sem velferðarríki en það þarf að skilgreina það. Hvað þýðir það að vera velferðarríki? Felur það í sér möguleikann til að lifa með reisn? Það er engin reisn í því að standa í biðröð eftir matargjöfum eða safna dósum í miðbænum til að eiga fyrir mat.“

### Tilfinningaklámið veður uppi

Annað einkenni þessara timburmanna segir Jón Atli vera að við séum ginkeyptari fyrir tilfinningaklámi en áður. „Það er spilað á þessa þörf okkar á hluttekningu sem aldrei fyrr. Tilfinningaklámið er alls staðar í kringum okkur, Það er bara partur af okkar neyslumenningu. Um daginn var frétt á Stöð tvö um veikan chihuahua-hvolp, sem var umkringdur kertum og blómum sem fólk hafði sent. Það hefði alveg eins verið hægt að setja barn í staðinn fyrir hundinn, samhengið hefði verið óbreytt.

Á forsíðu helgarblaðs DV er kannski viðtal við einhverja ágætis konu og í fyrirsögninni er slegið upp: „Barðist við krabbamein – missti vinnuna – var lamin í æsku.“ Nú á dögum þarf helst að hafa þrjár eða fjórar sjokkerandi fyrirsagnir með einu viðtali þegar fyrir nokkrum árum hefði ein nægt.

Það er aukin tilhneiging til að sviðsetja hlutina en um leið tökum við úr þeim allan háska. Ég sá til dæmis myndskeið úr Búsáhaldabyltinguna, svarthvítt, sýnt hægt og undir hljómaði tónlist Sigur Rósar. Þegar hlutirnir eru bornir fram svona erum við að taka þá úr sambandi, aftengja þá við hið hættulega. Við gerum þetta við allt. Einhver heldur tilfinningaþrungna og magnaða ræðu á Austurvelli. Daginn eftir er hann kominn í Séð og heyrt eða að segja frá uppáhaldsuppskriftinni sinni í Fréttablaðinu. Svona tökum við allt úr sambandi.“

> Nú á dögum þarf helst að hafa þrjár eða fjórar sjokkerandi fyrirsagnir með einu viðtali þegar fyrir nokkrum árum hefði ein nægt.

### Gjöfult ár

Auk þess að skrifa Mojito leikstýrir Jón Atli leikritinu. Hann segir talsverðan mun á því að leikstýra verki sjálfur eða að vinna það í hópi.

„Þetta hefur alls ekkert með vald yfir verkinu að gera,“ tekur hann fram, „þetta er allt mjög demókratískt. En það er mikill munur á því að vinna með Vesturporti,sem ég gerði Brim með, sem setur upp mjög íburðarmiklar sýningar með flókinni leikmynd, eða með Mindgroup, sem setur upp mjög kaótískar sýningar. Í Djúpinu reyndi ég að hafa formið sem einfaldast og sigta frá það sem þurfti ekki. Sem endaði með einum manni á sviðinu. Það er svipað uppi á teningnum í þessu leikriti, nema að það endaði með tveimur mönnum og Mojito-bar.“

Þetta hefur að mörgu leyti verið gjöfult ár fyrir Jón Atla. Einleikur hans Djúpið var tilnefndur til Grímuverðlauna sem sýning ársins og hann sjálfur sem leikskáld ársins, auk þess sem kvikmynd byggð á verkinu er langt komin í tökum. Þá byggir kvikmyndin Brim, sem frumsýnd var í október, einnig á samnefndu leikriti Jóns Atla. Hann segist aldrei hafa séð það fyrir sér að leikrit hans myndu rata á hvíta tjaldið.

„Það er reyndar mikill munur á þessum myndum hvað aðkomu mína áhrærir. Ég kom ekkert við sögu við gerð Brims, Vesturportshópurinn, sem ég gerði leikritið með, vann myndina ásamt leikstjóranum og þetta er algjörlega þeirra listaverk. Ég er miklu meira viðriðinn Djúpið og skrifa handritið að myndinni ásamt Baltasar Kormáki. Aldrei hefði mér dottið í hug að það leikrit yrði að kvikmynd en það hefur verið mjög skemmtilegt að skrifa handritið. Við endurskrifuðum það alveg frá grunni og myndin verður talsvert frábrugðin leikritinu.“

### Fátækt í íslenskri leikritun

Jón Atli hefur verið afkastamikið leikskáld undanfarinn áratug eða svo. Hann segist hafa fundið sig fljótt í leikritun því hann „skilji reglurnar“ í leikhúsinu. Hann segir hins vegar ákveðna fátækt í íslenskri leikritun nú um mundir.

„Það er í sjálfu sér ekki við leikskáldin að sakast,“ segir hann. „Þegar maður skoðar það betur hefur það meira með stofnanirnar að gera, stóru leikhúsin. Oft njóta verkin sem slík ekki sannmælis því leikhúsin eru ítrekað að setja upp íslensk verk sem eru ekki tilbúin. Manni gremst það dálítið, því það er ekki verið að gera neinum greiða með þessu.“

### Skemmtikraftar eða listamenn

Spurður hvernig honum hafi fundist listamenn bregðast við hruninu segir hann það velta á því hvernig við skilgreinum listamenn.

„Okkur hættir til að blanda saman listamönnum og skemmtikröftum. Leikhúsið er fullt af fólki sem vill bara skemmta. Sú tilhneiging gerir leikhúsið að mörgu leyti ófært um að takast á við atburði líðandi stundar.

Sú kúltúrpólitík sem við rekum þarfnast endurskoðunar. Hugmyndin að baki þessum stofnunum sem við erum með, stóru leikhúsunum, gengur ekki. Fólk fer oftast í leikhús af því það *langar* til að sjá eitthvað og leikhúsið er í þeirri stöðu að það er að reyna að svara ákveðinni eftirspurn. En fyrir vikið er enginn að setja upp leikrit sem fólk *þarf* að sjá. Þetta er ekkert séríslenskt vandamál, þetta er að gerast um alla Evrópu. Það er fullt af færu fólki inni í leikhúsunum en strúktúr sjálfra stofnananna gerir þeim ókleift að segja neitt sem hefur vægi. Í stóru leikhúsunum falla hættulegu sýningarnar inn í fjöldann og verða í besta falli eins og sterkur chili-réttur á hlaðborði í fermingarveislu.“

Finnst honum þá betra að setja upp verk sín á minni vettvangi, eins og í Tjarnarbíói? „Nei,“ segir hann ákveðið og glottir. „Ég held að verk mín myndu njóta sín mun betur á stóru sviði.“

**Bergsteinn Sigurðsson**
bergsteinn@frettabladid.is



# VETRARDEKK Á GÓÐU VERÐI

## – frábær greiðslukjör

VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

VAXTALAUST

VISA & MASTERCARD

Um leið og við þökkum viðskiptavinum þolinmæðina eftir lagerbrunann hjá okkur, bendum við á að við erum búnir að taka upp sendingar af vetrardekkjum fyrir allar gerðir bíla á ENNÞÁ BETRA VERÐI en nokkru sinni áður.

**Verið velkomin!**



**Allar gerðir dekkja á frábærum kjörum!**

FRÁBÆRT VERÐ

## VERÐDÆMI

m.v. 15% staðgreiðsluafslátt

| | |
|---|---|
| 175/65 R 14 – Frá kr. | 9.775 |
| 185/65 R 14 – Frá kr. | 10.498 |
| 185/65 R 15 – Frá kr. | 11.475 |
| 195/65 R 15 – Frá kr. | 11.815 |
| 205/55 R 16 – Frá kr. | 14.365 |

ÞRJÁR FULLKOMNAR ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

pitstop

www.pitstop.is

Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035

Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121

Dugguvogi 10 ☎ 568 2020

# BORÐUM ÁVEXTI DAGLEGA

Ljúffeng Honey Crunch epli
frá Frakklandi

*epli eru ekki bara epli!*



EPLI
HONEY CRUNCH
359 kr/pk.




## NÝJAR SLATBLÖNDUR
- Rautt sinnepssalat
- Kletta- og Radicchio salatblanda

259 kr/pk.

### *Borðum ávexti daglega!*

Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollustuefnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á grænmeti og ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum. Það er mikið af andoxunarefnum í ávöxtum og grænmeti, en þau búa yfir þeim eiginleikum að hindra myndun skaðlegra sindurefna í frumum líkamans sem talin eru tengjast framgangi ýmissa sjúkdóma.

## FERSKIR ÁVEXTIR
einfalt, þægilegt og hollt!



GUL MELÓNA
KANTALÓPA
MANGÓ
GUL MELÓNA
ANANAS
KANTALÓPA

349 kr/pk.

*Vítamín bomba*



ávöxtur mánaðarins

*Engifer er ríkt af andoxunarefnum*



TILBOÐ
ENGIFER
498 kr/kg.

*Steinkjarni kívís inniheldur lífsnauðsynlegar fitusýrur*



TILBOÐ
KÍVÍ
298 kr/kg.

*Plómur 1kg í pakka*



PLÓMUR
398 kr/pk.

Ananas | Engifer | Kíví | Plómur

## ÍTALÍA
*-allt það besta!*
*beint frá Ítalíu*



aðeins
649 kr/stk.

**Ítalía ólífuolía**
er 100% ítölsk sem þýðir að hún er eingöngu unnin úr ítölskum ólífum. Gæði þessarar olíu eru mjög góð og er hún á frábæru verði. Olíuna nota Ítalir mikið yfir allan mat eins og salöt og kjöt eða ofan á brauð í stað smjörs.



ÍTALÍA ÓLÍFUOLÍA & HVÍTLAUKSOLÍA

ÍTALÍA PASTA

ÍTALÍA PESTÓ

ÍTALÍA TÓMATMAUK

ÍTALÍA GRILLAÐ GRÆNMETI

ÍTALÍA PASTASÓSUR

ÍTALÍA TÓMATAR

ÍTALÍA PASSATA

ÍTALÍA SÓLKYSSTIR TÓMATAR

ÍTALÍA BRUSCHETTA

ÍTALÍA SALT & PIPAR

ÍTALÍA BALSAMIKEDIK

Gildir til 7. nóvember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær




# RIB-EYE SAMLOKA MEÐ HUNANGSLAUK OG FÁFNISGRASSÓSU

*fyrir 4 að hætti Rikku*

600 g Rib-eye
1 msk smjör
2 laukar
2 ½ msk hunang
3 msk ólífuolía
1 steinbakað baguette brauð
4 tómatar, skornir til helminga
Fersk salatblöð
1 lárpera, afhýdd, steinhreinsuð og sneidd
Salt og nýmalaður pipar

FÁFNISGRASSÓSA
2 msk sýrður rjómi 10%
2 msk létt majónes
1 hvítlauksrif, pressað
2 msk saxað ferskt fáfnisgras
Salt

Hrærið öllu saman og kryddið með salti eftir smekk.

Hitið ofninn í 180°C. Steikið laukinn upp úr smjöri þar til að hann verður mjúkur í gegn. Bætið hunanginu saman við og látið malla við lágan hita þar til að hann verður notaður. Steikið kjötið upp úr 1 msk af olíu í 2 mínútur á hvorri hlið. Raðið kjötinu á ofnplötu og bakið í 4-5 mínútur. Kryddið kjötið með salti og pipar og vefjið því inn í álpappír. Skerið brauðið til helminga eftir endilöngu og ristið í ofninum. Hellið 2 msk af olíu á brauðið og nuddið safanum af tómötunum á það. Raðið salatblöðum ofan á brauðið ásamt lauknum og lárperunni. Skerið kjötið og raðið á brauðið ásamt fáfnisgrassósunni og berið fram.

Kcal: 632/ 32% LDS*
Prótein: 43.3 g/ 87% LDS
Fita: 42 g/ 64% LDS
Kolvetni: 23 g/ 8% LDS
Trefjar: 5 g/ 18% LDS
Sínk: 8 mg/ 53% LDS
Járn: 3.3 mg/ 19% LDS

*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 Kcal orkuþörf.




**Hamborgarhryggur**




**Kjúklingabringur**
ferskar




**Kjúklingabitar**
blandaðir




**Lambafile**
í koníaksmarineringu VSOP



*Sveinn Lárus bakari*

## Bakað á staðnum

Bakararnir okkar byrja daginn snemma til að baka brauð og bakkelsi frameftir degi. Þannig tryggjum við að þú fáir nýbakaðar vörur alla daga, allan daginn.

Bjóðum upp á gæða vörur og tilboð í hverri viku.

NÝBAKAÐ






















HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stefna ríkisstjórnarinnar er skýr en framkvæmdin virðist ekki hafa heppnazt sem bezt.

## Að stuðla að fjárfestingum

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir orðrétt að hún ætli að „stuðla að beinum erlendum fjárfestingum“. Þetta er þar réttilega sagt ein forsenda þess að hægt verði að ná góðum og jöfnum hagvexti, sem aftur sé forsenda þess að afnema gjaldeyrishöft og lækka vexti, verja störf og fjölga þeim á ný, ná markmiðum ríkisstjórnarinnar um jafnvægi í ríkisfjármálum og verja velferðarkerfið.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hvað hefur ríkisstjórnin svo gert til að framkvæma þetta lykilstefnumið sitt, að stuðla að beinum erlendum fjárfestingum?

Hún hefur beinlínis lagt stein í götu útlendra fjárfesta. Magmamálið er skýrasta dæmið, þar sem ríkisstjórnin reynir að ógilda löglega gerða samninga eftir á. Þótt hver nefndin eftir aðra komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að hnekkja kaupum Magma á HS orku vill annar stjórnarflokkurinn taka fyrirtækið eignarnámi og það kemur honum ekki við hvernig það verður gert, (til dæmis með því að brjóta lög, EES-samning og stjórnarskrá), bara að það verði gert. Þetta er stefna, sem er ekki sérstaklega líkleg til að „stuðla að beinum erlendum fjárfestingum“.

Ríkisstjórnin virðir ekki viðlits útlenda fjárfesta, sem henni eru ekki þóknanlegir. Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að samgönguráðuneytið hefði látið hjá líða í heilan mánuð að segja hollenzka fyrirtækinu ECA frá áliti Flugmálastjórnar um að dýrt gæti orðið og flókið að veita fyrirtækinu starfsleyfi hér á landi. Forstjóri fyrirtækisins var hingað kominn í góðri trú um að stjórnvöld myndu veita fyrirtækinu tilskilin leyfi. Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki talin til fyrirmyndar þegar á að „stuðla að beinum erlendum fjárfestingum“.

Í skattamálum hefur ríkisstjórnin gert breytingar, sem fæla ekki eingöngu nýja erlenda fjárfesta frá landinu, heldur hafa hrakið þá sem fyrir voru burt. Í úttekt Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins, í fyrradag kom fram að tíu erlend fyrirtæki, sem greiddu hundruð milljóna í skatta, hurfu úr landi vegna upptöku skatts á vaxtagreiðslur til erlendra aðila. Sum fyrirtækjanna fluttu aðsetur sitt til skattaparadísarinnar Svíþjóðar. Þannig varð ríkissjóður af miklum tekjum og það mistókst herfilega að „stuðla að beinni erlendri fjárfestingu“.

Í sömu úttekt var haft eftir hollenzkum skattasérfræðingi á vegum Marels, Pim Peters, að ef hann væri að leita að staðsetningu fyrir nýtt fyrirtæki myndi hann einna sízt beina sjónum að Íslandi, meðal annars vegna þess að skattur á arð dótturfélaga væri fráhrindandi. Þá dygði ekki að hafa lágan skatt á tekjur fyrirtækja: „Það eru til mörg lönd sem bjóða betur þótt tekjuskattsprósentan sé hærri.“ Þetta bendir ekki til að ríkisstjórninni hafi í þessu efni tekizt að „stuðla að beinni erlendri fjárfestingu“.

Stefna ríkisstjórnarinnar er býsna skýr og skorinorð. En það virðist hafa tekizt alveg afleitlega að framkvæma hana, enda er enn sem komið er mjög lítið um beina erlenda fjárfestingu eftir hrun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Deilum ekki

Þór Saari er maður friðarins og kann því illa að menn deili á Alþingi. Honum blöskruðu átök um atvinnumál á þingfundi í gær og bar fram athyglisverða tillögu. „Mig langar að biðja þingmenn að kveikja á því hvort það sé hægt að koma fram með tillögur í atvinnumálum þar sem menn ganga út frá því í upphafi að þær muni ekki valda deilum. Er hugsanlega hægt að velta málinu fyrir sér á þann hátt? Þannig væri kannski hægt að komast að einhverri niðurstöðu.“



### Kurteis Hreyfing

Þessu lét Sigmundur Davíð Gunnlaugsson ekki ósvarað. Lagði hann til að kannað yrði hvort ekki mætti fela Hreyfingunni að segja til um hvernig haga bæri þingstörfum og hafa bæri þingsköp. „Vegna þess að Hreyfingin hefur sýnt það og sannað frá því að hún kom hingað á þing að hún sýnir iðulega kurteisi í garð allra þingmanna, hún talar vel um samstarfsmenn sína og umræðuhefð Hreyfingarinnar er til hreinnar fyrirmyndar.“



### Ein um lýðræðislegt kjör

Og ekki lét hann staðar numið. „Hreyfingin talar líka bara í lausnum,“ sagði Sigmundur. „Hún gagnrýnir ekki. Jafnframt sýnir Hreyfingin líka að hún getur lagt mat á hvaða tillögur mega koma inn í þingið en hverjar ekki. Hverjar eru tækar en hverjar eru bara til þess fallnar að skapa deilur.“ Hreyfingin gæti því lagt línurnar um hvað ræða mætti í þinginu. „Og auk þess vitum við líka, eins og hefur komið fram hér margoft, að Hreyfingin er eini lýðræðislega kjörni þingflokkurinn á Alþingi.“ Að þessu var hlegið.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Enn um landhreinsun

Stöðuveitingar



Jón Baldvin Hannibalsson
var utanríkisráðherra 1988-1995

Dálkahöfundur Fréttablaðsins þykist kunna skýringu á því, hvers vegna ég get ekki mælt með Árna Mathiesen í stjórnunarstöðu hjá FAO vegna ferils hans í aðdraganda hruns. Skýring Björns er einföld: „Í hans ráðherratíð (þ.e. Jóns Baldvins) réði hann nefnilega ekki – eða studdi til starfa – aðra en samflokksmenn“.

Ég efast um, að t.d. Ingimundur Sigfússon, fv. formaður fjáröflunarnefndar Sjálfstæðisflokksins, sem ég skipaði sendiherra, telji það kompliment að vera stimplaður krati. Alla vega er þessi fullyrðing blaðamannsins ekki sannleikanum samkvæm.

Fæstir þeirra sem ég „studdi til starfa“ hefðu gengist við því að vera kratar, enda ráðnir í þjónustuna af utanríkisráðherrum helmingaskiptaflokkanna. Það var því varla öðrum til að dreifa til „að styðja til starfa“, eins og Björn orðar það. Þannig skipaði ég fyrstu konuna í sendiherraembætti, Sigríði Snævarr, eiginkonu Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins

Hins vegar kannast ég ekki við að nánustu samstarfsmenn mínir í EES-samningunum, t.d. Hannes Hafstein, aðalsamningamaður, eða sendiherrarnir Gunnar Snorri Gunnarsson og Einar Benediktsson hafi verið í Alþýðuflokknum. Heyrði ég rétt, að Einar hafi verið að segja sig úr Sjálfstæðisflokknum? Ég sá hins vegar enga ástæðu til að setja sósíaldemókrata í „Berufsverbot“ (atvinnubann), þegar starfshæfni þeirra var óvéfengjanleg. Gott dæmi um það var skipun Kjartans Jóhannssonar sendiherra hjá EFTA. Kjartan er doktor í verk- og hagfræði og reyndist svo vel í starfi, að hann þótti eftirsóttur sem framkvæmdastjóri EFTA. Tímabilið 1988-94 er lengsta samdráttarskeið lýðveldissögunnar. Af sparnaðarástæðum var því lengst af ráðningarbann í gildi, þ.e. nýtt fólk var aðeins ráðið til starfa í stað þeirra sem hættu. Í góðærinu fram að hruni fjölgaði starfsmönnum utanríkisþjónustunnar gríðarlega.Vonandi verður þó langt í það, að annar utanríkisráðherra slái met Davíðs Oddssonar, sem skipaði ellefu sendiherra – flesta hverja pólitíska trúnaðarmenn sína – á þeim fáum mánuðum, sem hann gisti ráðuneytið, áður en hann stýrði Seðlabankanum í hrun.

Vilji lesendur hins vegar forvitnast um það, hvers vegna ég tel, að utanríkisráðherra hefði átt að láta ógert að senda Mathiesen til Rómar, geta menn séð rökstuðning minn fyrir því í greininni (Land)hreinsun á heimasíðu minni: jbh.is. Ætli okkur veiti af að efla annars konar útflutning næstu misserin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvert Evrópuskref eykur atvinnu

Ísland og ESB
Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Aðild smáríkja eins og Íslands að Evrópusambandinu virðist leiða til verulegrar aukningar á erlendum fjárfestingum hjá þeim. Þegar umsvif fyrirtækja í þeim eru skoðuð kemur líka í ljós að fjárfestingar þeirra margfölduðust í öðrum ríkjum á fjórum fyrstu árunum eftir aðild, mest í löndum Evrópusambandsins. Þannig virðist full þátttaka í samstarfi Evrópuþjóðanna á sviði efnahags- og viðskiptamála skapa fyrirtækjum nýtt svigrúm til að vaxa og fjölga störfum. Þetta kemur í ljós þegar menn skoða opinberar tölur um fjárfestingar sem tengjast fimm smáríkjum sem gengu í Evrópusambandið árið 2004.

### Jákvæð Evrópuskref

Staðreyndin er sú, að í hvert skipti sem Ísland hefur stigið skref í átt að nánari samruna við Evrópu, þá hafa erlendar fjárfestingar stóraukist á Íslandi. Um leið hafa orðið til ný störf. Það gerðist með aðildinni að EFTA á sínum tíma. Það gerðist aftur þegar við urðum hluti af EES-samningnum. Það mun endurtaka sig enn einu sinni þegar við göngum í Evrópusambandið. Það getum við lært af reynslu Maltverja, Kýpverja, Slóvena, Slóvaka og Eistlendinga. Hugsanlega gerist það einnig, þegar kemur að því að Íslendingar taka upp evruna.

Þvert á það sem haldið er fram af Heimssýn og þeim „innmúruðu og innvígðu" á Evrópuvaktin.is (sem formaður utanríkismálanefndar kallar „hægriöfgamennina") þá er sú aukning sem varð í erlendum fjárfestingum hér á landi í kjölfar EES-samningsins rök með því – en ekki gegn – að hvert skref til nánari samvinnu við Evrópu eykur traustið á Íslandi. Það leiðir til meiri fjárfestinga hér á landi. Það eykur svigrúm fyrirtækja til að vaxa og það skapar ný störf. Þurfum við ekki á nýjum störfum að halda? Jú, – svo sannarlega.

### Mýsnar sem ég vil veiða

Ísland skortir störf. Þurfum við að vera hrædd við erlendar fjárfestingar? Síður en svo. En óttinn við útlönd og erlendar fjárfestingar virðist því miður vera aflvakinn á bak við andstöðu margra við Evrópusambandið. Ég hallast hins vegar að gömlu mottói kínverska leiðtogans Deng Xiaoping, sem var arkitektinn að kínverska efnahagsundrinu. En hann sagði gjarnan: Mér er sama hvernig kötturinn er á litinn, bara ef hann veiðir mýs.

Þær mýs, sem ég vil veiða með erlendum fjárfestingum, eru ný störf á Íslandi. Við núverandi aðstæður, þar sem liggur fyrir að við þurfum að skapa 30-35 þúsund ný störf á næstu tíu árum til að útrýma atvinnuleysi, þá höfum við einfaldlega ekki efni á að kasta Evrópuleiðinni óskoðaðri. Hún mun hugsanlega leiða til þess að erlendar fjárfestingar á Íslandi stóraukist, og skapi vel launuð, ný störf í samræmi við það.

Aðild getur því falið í sér, ef rétt er spilað, ný tækifæri fyrir börnin okkar, sem eru að vaxa úr grasi og koma út á erfiðan vinnumarkað, þar sem eftirspurn eftir vinnuafli þeirra er því miður minni en framboð. Atvinnuleysið ógnar fjölda fjölskyldna á Íslandi. Það ógnar hamingju landsmanna. Það ógnar samfélagsmynstrinu. Um leið ógnar það framtíð Íslands. Ég vil ekki missa blóma kynslóðanna til útlanda, því það rýrir í senn mannauðinn heima, og dregur úr samkeppnisfærni okkar sem þjóðar. Ég vil ekki að Ísland verði annars flokks þjóð.

> Við sem fylgjum Evrópuleiðinni, eigum þá kröfu á hina, sem hafna henni, að þeir sýni fram á betri leið út úr vandræðum Íslands

Evrópuleiðin skapar störf. Hún er aðferð til að halda unga fólkinu á Íslandi. Það viljum við öll – ekki satt?

### Hver er valkostur Heimssýnar?

Það er fullkomlega lögmæt afstaða að hafna Evrópuleiðinni. Menn verða þá að gera það á grundvelli raka. Við, sem fylgjum Evrópuleiðinni, eigum þá kröfu á hina, sem hafna henni, að þeir sýni fram á betri leið út úr vandræðum Íslands. Þeir verða að sýna að þeir hafi betri aðferðir til að útrýma atvinnuleysi á Íslandi.

Hver er valkostur Heimssýnar? Það hefur enginn maður heyrt af honum. Hann er ekki til.

# Af hverju erum við að vinna með AGS?

Ísland og AGS
Magnús Orri Schram
alþingismaður



Við hrun bankakerfisins varð greiðslufall yfirvofandi hjá Íslandi. Ekki voru til fjármunir til að standa skil á háum erlendum skuldbindingum og samstarf við erlend ríki var lífsnauðsynlegt ef endurreisn ætti að eiga sér stað. Erlend ríki vildu hins vegar ekki aðstoða Ísland án þess að AGS kæmi þar að.

Greiðslufall Íslands hefði getað þýtt áralöng útskúfun af erlendum fjármálamörkuðum en án erlends fjármagns þarf íslenska þjóðin að standa undir öllum framkvæmdum með innlendum sparnaði. Við þær aðstæður er hætt við að fjárfesting verði of lág. Hagvöxtur til skemmri og lengri tíma léti þá á sér standa með enn verri stöðu heimila og fyrirtækja.

Samstarfið við AGS er forsenda þess að íslensk stjórnvöld hafi getað beitt gjaldeyrishöftum án þess að ganga gegn alþjóðlegum skuldbindingum. Án gjaldeyrishaftanna er ljóst að krónan hefði veikst meira en í raun bar vitni, með meðfylgjandi hækkun verðbólgu með auknum skuldum heimila og fyrirtækja.

Þannig má segja að án aðkomu AGS hefði kreppan orðið dýpri en raun bar vitni. Skattar hefðu þurft að hækka meira og skera hefði þurft meira niður. Lán í tengslum við efnahagsáætlunina og trúverðugleikinn sem áætluninni fylgir kemur í veg fyrir að ríkið þurfi að safna peningum til þess að greiða upp öll lán þegar þau falla á gjalddaga.

> Skattar hefðu hækkað meira og skera hefði þurft meira niður.

Það er algert glapræði að víkja frá þeirri efnahagsstefnu sem mörkuð hefur verið í samstarfi við AGS. Vissulega má endurskoða einstaka hugmyndir um niðurskurð í fjárlagafrumvarpi, en rammi þeirra þarf að halda.

Við Íslendingar bjuggum við brenglað hagkerfi á árunum eftir aldamót og til 2008. Skuldsetning fyrirtækja og heimila óx úr hófi og einstaka atvinnugreinar s.s. byggingariðnaður og fjármálageirinn urðu alltof stórar á kostnað útflutningsgreina. Nú á sér stað sársaukafull aðlögun að veruleikanum með tilheyrandi erfiðleikum fyrir almenning. Við megum hins vegar ekki fresta þessari aðlögun. Nú þurfum við að greiða fyrir erlendri fjárfestingu og opna erlenda fjármagnsmarkaði fyrir íslensk fyrirtæki svo þau geti fjárfest á nýjan leik. Þannig bætum við lífskjör til framtíðar. Samstarf við AGS gegnir þar lykilhlutverki.

Veldu þér Audi

Komdu við á Laugaveginum og skoðaðu úrvalið af notuðum Audi. Með Bílaábyrgð HEKLU getur þú haft bílinn í ábyrgð þar til hann nær fimm ára aldri.

Audi


Audi Q7 3.0 TDI dísil
Ásett 6.550.000 kr. – Ekinn 104.000 km.
Skráningardagur 24.08.06. Sjálfskiptur.


Audi Q7 3.0 TDI dísil
Ásett 10.800.000 kr. – Ekinn 24.000 km.
Skráningardagur 10.01.08. Sjálfskiptur.


Audi A6 2.0 T bensín
Ásett 4.390.000 kr. – Ekinn 37.000 km.
Skráningardagur 11.05.06. Sjálfskiptur.


Audi A4 2.0 T Quattro bensín
Ásett 4.450.000 kr. – Ekinn 60.000 km.
Skráningardagur 27.09.07. Sjálfskiptur.


Audi A3 1.8 T bensín
Ásett 3.250.000 kr. – Ekinn 38.000 km.
Skráningardagur 25.05.07. Sjálfskiptur.


Audi A4 1.8 T bensín
Ásett 5.750.000 kr. – Ekinn 67.000 km.
Skráningardagur 13.10.08. Sjálfskiptur.

HAFÐU HANN Í ÁBYRGÐ MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU

Notaðir bílar · Klettháls og Laugavegi 174 · Sími: 590-5040 · Opið virka daga 10–18 og laugardaga 12–16.

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

## AF NETINU

### Sjálfstæð aðkoma

Strandríkin fjögur í Norður-Atlantshafi, Grænland, Ísland, Færeyjar og Noregur standa frammi fyrir því verkefni að skilgreina nánar, innan gildandi alþjóðaréttar, hvernig skuli fara með umráðaréttinn á hafsvæðinu sem löndin liggja að. Löndin fjögur standa öll utan Evrópusambandsins. Þótt Ísland ákvæði að ganga í Evrópusambandið myndi verkefnið ekki breytast. Það sem myndi hins vegar breytast væri að Ísland hefði ekki sjálfstæða aðkomu að málinu.

pallvil.blog.is **Páll Vilhjálmsson**

### Nefndir og starfshópar

Í stað þess að spyrna við fótum strax vorið 2009, þegar ljóst var að kanadíska fyrirtækið Magma Energy ætlaði að kaupa HS Orku, hefur ríkisstjórnin dregið endalaust að taka afgerandi ákvarðanir í þágu þjóðarinnar og stöðva hið stórhættulega ferli sem einkavæðing orkufyrirtækja og nýtingarréttar auðlindanna er. Skipaðar eru nefndir og starfshópar sem skila niðurstöðum. En ekkert er gert með niðurstöðurnar og vissir fjölmiðlar komast upp með að rangtúlka þær að vild. Enginn leiðréttir bullið.

smugan.isv **Lára Hanna Einarsdóttir**

# Styrkur fræðisviða og mikilvægi hugvísinda

Menntamál



**Eiríkur Smári Sigurðarson**
rannsóknarstjóri á hugvísindasviði HÍ

Ísland er ekki eina landið þar sem þrengir að háskólum og rannsóknastarfsemi. Í Bretlandi og Bandaríkjunum berast fréttir af því að háskólar leggi niður heilu námsbrautirnar í hugvísindum, eins og heimspeki eða tungumál, til að mæta samdrætti. Viðbrögð af þessu tagi bera vott um mjög þrönga sýn á hvað er mikilvægt í háskólastarfi og hverju samfélög þurfa á að halda til að dafna, hvort sem það er efnahagslega eða menningarlega, og við berum vonandi gæfu til þess hér á landi að falla ekki í þessa gryfju. Smæðin gerir okkur líka viðkvæmari. Hér á landi er bara einn skóli sem býður upp á fjölbreytt og heildstætt háskólanám í hugvísindum. Ef hann fer að loka námsgreinum í hugvísindum þá skilur það eftir mjög stórt skarð í íslensku háskólasamfélagi.

Sitt sýnist hverjum um gæði háskólastarfs og óháðu ytra eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna hefur verið ábótavant á Íslandi. Um þetta eru flestir sammála og því ber að fagna stofnun alþjóðlegs gæðaráðs sem fær þessa ábyrgð í sínar hendur (sjá grein Katrínar Jakobsdóttur í Fréttablaðinu 21. október). Eiríkur Steingrímsson og Magnús Karl Magnússon benda á að í gæðaráðinu sé enginn með reynslu af raunvísindum eða heilbrigðis- og lífvísindum og bæta síðan við að þetta séu þær greinar vísindanna sem sterkastar eru á Íslandi án þess að færa fyrir þessu rök (sjá Fréttablaðið 13. október). Nú er engin ástæða til að efast um að það séu mjög öflugir vísindamenn í þessum greinum á Íslandi og að þeir séu mjög framarlega í alþjóðlegu samhengi. Hins vegar geta vísindamenn í mun fleiri greinum líka gert tilkall til þess að standa í fremstu röð á alþjóðlegum vettvangi, meðal annars í lykilfögum hugvísinda eins og íslenskum fræðum eða norrænum miðaldabókmenntum.

> Það er mjög erfitt að bera saman styrk mismunandi fræðasviða, t.d. hugvísinda og lífvísinda

Vandinn við fullyrðingar af þessu tagi er að það er mjög erfitt að bera saman styrk mismunandi fræðasviða, t.d. hugvísinda og lífvísinda, þar sem rannsóknaaðferðir og birtingahefðir geta verið mjög ólíkar. Í skýrslu sem kom út hjá Rannís fyrr á þessu ári og byggir á norrænni úttekt á birtingum vísindamanna, Ritrýndar birtingar og áhrif þeirra, er gerð tilraun til að meta styrkleika vísinda á Íslandi með greiningu á birtingum og tilvísunum í birtingar. Meðal helstu niðurstaðna er að klínískar læknisfræðirannsóknir séu stærsta rannsóknasviðið á Íslandi og að styrkur Íslands sé líka mikill á sviði líftækni og jarðvísinda (bls. 5, sjá á heimasíðu Rannís www.rannis.is). Formaður vísindanefndar vitnar í þessa skýrslu í grein sinni í Fréttablaðinu 30. október sl. Gallinn er bara sá að greiningin byggist á gögnum sem ná ekki nema að mjög litlu leyti yfir hugvísindi og félagsvísindi (þ.e. Thomson ISI tímaritagrunninum), eins og raunar er tekið skýrt fram í skýrslunni (bls. 4). Af þessum sökum er ekki hægt að nota þessa greiningu til að bera saman styrkleika mismunandi fræðasviða, t.d. hugvísinda og lífvísinda, þó hún dugi kannski til að meta styrk sumra fræðasviða á alþjóðlegum vettvangi.

Í annarri útgáfu frá Rannís, Rannsóknir og þróunarstarf á Íslandi 2009, eru áhrif greinaskrifa vísindamanna skoðuð (byggt á sama gagnagrunni). Þar koma hugvísindin mun betur út en bæði raunvísindi og verk- og tæknivísindi en standa þó ekki eins sterkt og lækna- og heilbrigðisvísindi. Innan hugvísinda eru greinar sem standa alþjóðlega mjög sterkt í rannsóknum ásamt öðrum sem eru veikari. Sama á við um önnur fræðasvið. Nú þegar þrengir að verðum við að bera gæfu til að kunna að meta það sem vel er gert á öllum sviðum og mála ekki með of stórum penslum.

# Friður og stjórnarskrá – fyrir alla?

UNIFEM



**Magnea K. Marínósdóttir**
starfar fyrir friðargæslu Íslands sem ráðgjafi UNIFEM í Bosníu.

Árið 1995 var endi bundinn á borgarastríðið í Bosníu og Hersegóvínu með undirritun friðarsamninga kennda við bandaríska bæinn Dayton. Sendinefndirnar sem unnu að gerð friðarsamninganna voru eingöngu skipaðar karlmönnum. Engin kona var fengin til að bera vitni fyrir sátta- og samningaviðræðunefndunum sem sömdu um frið og engin kona skrifaði undir samningana.

### Kvennaréttarhöld

Haustið 2012 stendur til að halda Kvennaréttarhöld (Women Court) á Balkanskaganum til að fjalla um málefni kvenna og stúlkna sem voru fórnarlömb kynferðisofbeldis í stríðinu. Réttarhöldin eru skipulögð af kvennasamtökum á Balkanskaga með stuðningi frá Corinne Kumar frá Túnis sem hefur komið að undirbúningi Kvennaréttarhalda um allan heim. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að kviðdómur, sem samanstendur af virtum sérfræðingum á sviði alþjóðalaga og mannréttinda, hlustar á vitnisburð kvenna auk þess sem margvísleg gögn og greiningar verða lagðar fram. Markmiðið er að rétta hlut brotaþola og koma á móts við þarfir þeirra lagalega, efnahagslega, félagslega og síðast en ekki síst andlega. Réttarhöldin eru þannig liður í því að lækna sárin á sálinni sem konurnar bera hið innra með sér en flestar ef ekki allar konurnar hafa lifað í allt að 18 ár með reynslu sína í þögn og skömm.

### Ályktun öryggisráðs SÞ nr. 1325

Konur á Balkanskaganum hafa unnið að framkvæmd Kvennaréttarhaldanna síðan árið 2000. Sama ár var ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi samþykkt af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna – fimm árum eftir að stríðsátökunum í Bosníu og Hersegóvínu lauk. Ályktunin er fyrsta sinnar tegundar sem tengir stöðu kvenna í stríðum beint við hlutverk öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hún var samþykkt eftir áratuga baráttu kvennasamtaka um allan heim sem kölluðu eftir því að gripið yrði til aðgerða til að varna gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum og stúlkum í vopnuðum átökum. Þrátt fyrir samþykkt ályktunarinnar hefur framfylgni við hana í aðildarlöndum SÞ verið mjög ábótavant. Það hefur gert það að verkum að öryggisráð SÞ hefur samþykkt fleiri ályktanir til að undirstrika einstaka þætti ályktunar 1325, eins og þátttöku kvenna í gerð friðarsamninga og uppbyggingu eftir stríð. Engin kona kom að gerð friðaramnninganna og stjórnarskrárinnar í Bosníu og Hersegóvínu eins og fyrr segir. Sama gildir um aðra friðarsamninga gerða frá 1992 til 2008. Af alls 24 friðarsamningum, nefna 16% sérstaklega þarfir kvenna og þrátt fyrir að kynjagreining sé vanalega hluti af þarfagreiningu þá er hin almenna staðreynd sú að minna en 8% af fjárframlögum fara til verkefna sem sérstaklega lúta að konum eða koma á móts við þarfir þeirra eftir stríð.

> Konur á Balkanskaganum hafa unnið að framkvæmd Kvennaréttarhaldanna síðan árið 2000

### Framtíð í þágu friðar?

Ráðherraráð Bosníu og Hersegóvínu samþykkti 27. júlí sl. framkvæmdaáætlun sem gengur út á að framfylgja ályktun 1325. Vinnuhópur undir stjórn Jafnréttisstofu landsins vann að áætluninni frá árinu 2008, m.a. með styrk frá UNIFEM. Bosnía og Hersegóvína varð fyrsta ríkið á Balkanskaganum og áttunda Evrópuríkið til að samþykkja slíka framkvæmdaáætlun en alls hafa 20 af 192 ríkjum heims samið og samþykkt slíkar áætlanir.

Framkvæmdaáætlun Bosníu og Hersegóvínu samanstendur af alls átta aðgerðum sem hafa það að markmiði að auka hlut kvenna í ákvarðanatöku, fjölga konum í lögreglu- og herliði landsins sem og í friðargæslu, vinna gegn mansali, klára hreinsun jarðsprengja sem eru enn til staðar eftir stríðið, vinna í málefnum kvenna sem voru fórnarlömb í stríðinu, auka færni opinberra starfsmanna til að beita kyngreiningu við stefnumótun, áætlana- og fjárlagagerð og að lokum að auka samvinnu opinberra stofnana við óháð félagasamtök og alþjóðastofnanir á sviði jafnréttismála.

Aðgerðir til að stemma stigu við kynbundnu ofbeldi sérstaklega eru undanskildar í framkvæmdaáætlunininni en ástæðan er sú að í landinu eru nú þegar lög og aðgerðaráætlun sem lúta sérstaklega að þeim málaflokki. Eftir að aðgerðaáætlunin var samþykkt hefur samhæfingarhópur unnið að nánari framkvæmdaáætlun fyrir árið 2011 og í lok nóvember mun Jafnréttisstofan með stuðningi frá UNIFEM halda vinnuráðstefnu um viðmiðanir sem notaðar eru til að mæla hversu vel miðar að ná tilsettum markmiðum framkvæmdaáætlunarinnar og þar með stuðla að réttlátum friði og farsæld til framtíðar jafnt fyrir konur sem karlmenn.

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



VINNUR AÐ MYND UM MÖMMU SÍNA

– LEIKSTJÓRINN OG FYRRUM DAUÐAROKKARINN ÁRNI SVEINSSON HEFUR FRUMSÝNT TVÆR HEIMILDAMYNDIR Á SÍÐUSTU MÁNUÐUM SEM HLOTIÐ HAFA MIKIÐ LOF.



Meðal annars efnis:

FRÁBÆRASTA HÁRIÐ OG BESTA BROSIÐ
– HVAÐA ÍSLENDINGAR ERU ÞAÐ SEM HEILLA ÞJÓÐINA?

VARÐ AÐ VERA SALÍRÓLEGUR
– ÞÓRÐUR GUÐNASON VANN AFREK Í SPRUNGUBJÖRGUN Á LANGJÖKLI SÍÐASTA VETUR.

ÍTÖLSK, ÞÝSK OG AMERÍSK AÐVENTA
– JÓLALEGAR FERÐIR Í DESEMBER




Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina



**Myndlistarmaraþon**, spunakeppni, tískusýning og tónleikar eru á meðal þess sem verður í boði á Unglist, listahátíð unga fólksins sem hefst í dag. Ókeypis er inn á alla viðburði hátíðarinnar og er hægt að nálgast dagskrána á www.hitthusid.is.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






# Villibráðar-hlaðborð

21. október - 17. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni víðsvegar að til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er hægt að bragða á spænskum gæðavínum.*

Verð 8.490 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

***7.490 kr.***

**Jólahlaðborð Perlunnar hefst 18. nóvember**

*Tilboð mán.-mið. 7.290 kr. — Verð: 8.290 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
vísir.is




Í nýrri matreiðslubók sem Kokkalandslið Íslands hefur sent frá sér er meiri áhersla á kennslu en sýndarmennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Kokkalandslið Íslands sýnir á sér nýja hlið í bókinni Einfalt með kokkalandsliðinu.**

# Einungis fjögur hráefni

Kokkalandslið Íslands er nú í óða önn að undirbúa sig fyrir heimsmeistaramótið í matreiðslu sem verður haldið í Lúxemburg í lok mánaðarins. Liður í þeim undirbúningi er útgáfa matreiðslubókarinnar Einfalt með Kokkalandsliðinu sem hefur að geyma 170 ríkulega myndskreyttar uppskriftir sem byggja hver um sig aðeins á fjórum hráefnum. „Það er gert ráð fyrir því að fólk eigi ákveðnar grunnbirgðir eins og salt, pipar, hveiti, kraft og smjör eða olíu en að öðru leyti höldum við okkur við fjögur hráefni. Með þessu viljum við sýna á okkur nýja hlið og leggjum meiri áherslu á kennslu en sýndarmennsku," segir Bjarni Kristinsson, matreiðslumeistari á Grillinu og meðlimur í Kokkalandsliði Íslands.

Réttirnir henta heimiliskokkum á stórum sem smáum heimilum og ættu innkaupin að sögn Bjarna að vera sáraeinföld. „Þá er mikið pláss fyrir sköpunargáfuna og auðvelt að skipta út hráefnum eða bæta við. Einnig er að finna fjölmörg heilræði í bókinni enda reynslumiklir kokkar á ferð."

Kokkalandsliðið Íslans, sem er handhafi Ólympíugullsins í heitum réttum, er skipað fjórtán fremstu kokkum landsins, tólf körlum og tveimur konum. „Við höldum utan 18. nóvember og komum síðan beint heim í jólahlaðborðstörnina." vera@frettabladid.is

### REYKÝSUPLOKKFISKUR MEÐ BLAÐLAUK

Fyrir fjóra

600 g reykt ýsuflök (roð- og beinlaus)
400 g kartöflur
1 peli matreiðslurjómi
1 blaðlaukur

**Grunnbirgðir:**
100 g smjör eða olía
salt og pipar

*Sjóðið kartöflurnar. Skerið blaðlaukinn langsum og skolið hann undir köldu vatni. Skerið blaðlaukinn í bita og ýsuna í litla kubba. Setjið smjör í pott og eldið blaðlaukinn við vægan hita í um fimm mínútur eða þar til hann er orðinn mjúkur í gegn. Bætið svo fiski og rjóma út í pottinn. Takið kartöflurnar heitar úr pottinum þegar fiskurinn er tilbúinn eða eftir um tíu mínútur. Stappið þær saman við fiskinn. Bragðbætið með salti og pipar.*

*Það má nota sojarjóma í staðinn fyrir rjóma en með honum verður rétturinn léttari og enn hollari. Það er líka kjörið að nota það grænmeti sem er til í staðinn fyrir blaðlaukinn og má til dæmis nefna papriku, gulrót, lauk eða rófu.*




**Ragnheiður Jónsdóttir** listakona tekur þátt í leiðsögn um sýninguna með Viljann að vopni á Kjarvalsstöðum á sunnudag klukkan 15, ásamt sýningarstjóranum Hrafnhildi Schram. Ragnheiður er ein þeirra listamanna sem eiga þar verk. Eftir það munu fulltrúar úr Start Art hópnum kynna bókina Laugavegurinn.




KINAHOFID

**Tilboð í 3 vikur**

Vorrúllur með súrsætri sósu
Steiktar rækjur með súrsætri sósu
Nautakjöt og grænmeti í ostrusósu
Kjúklingur með grænmeti í karrísósu
Allt þetta fyrir 1.590 á mann
Tekið heim 1.450 á mann
www.kinahofid.is
NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022

**Vetrarfagnaður!**



**20%** afsláttur af öllum vörum föstudag og laugardag!!!

tvö líf

Tvö Líf
Holtasmára 1
201 Kópavogur
S:517-8500




Benedikt segir Bernd vera eins manns verksmiðju enda sér hann um brúðuleikinn, smíðar brúðurnar og leikmyndina, semur tónlistina og skrifar handritið. Hér eru þeir félagar með hina umdeildu Gilitrutt á milli sín. MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON

# Hver er þessi Gilitrutt?

**Brúðusýningin Gilitrutt verður frumsýnd í Brúðuheimum í Borgarnesi á morgun. Leikstjórinn Benedikt Erlingsson segir sýninguna frábæra upplifun fyrir alla en ekki sé síðri bíltúrinn í Borgarfjörðinn.**

„Það er mjög þægilegt að vinna með brúðum, þær gera eins og þeim er sagt og mótmæla aldrei neinu," segir Benedikt Erlingsson glettinn í bragði en hann leikstýrir nýrri leikgerð af sögunni um Gilitrutt eftir Bernd Ogrodnik sem frumsýnd verður í leikhúsi Brúðuheima í Borgarnesi á morgun.

Sýningin er byggð á hinni klassísku sögu um Gilitrutt og segir frá bóndakonunni Freyju sem er löt til verka og lendir í klónum á Gilitrutt fyrir vikið en lærir af þeim samskiptum að taka ábyrgð á sínum verkum og gjörðum.

„Ég veit að það er kannski ekki pólitískt rétt að gera sögu um lata konu og duglegan mann, og líklega verðum við gagnrýndir fyrir það en svona er bara sagan," segir Benedikt hlæjandi.



Leikmyndin í sýningunni Gilitrutt er hreint ævintýraleg.

Hann tekur fram að þó farið sé nokkuð nærri hinni upprunalegu sögu sé reynt að komast að kjarna hennar á þann hátt að foreldrar geti einnig haft gaman af sýningunni. „Við viljum svara því hver Gilitrutt er, hvers vegna þessi saga sé til og hvort einhver broddur sé í henni. En svo er þetta auðvitað líka alveg frábær skemmtun."



Hugað er að öllum smáatriðum í sýningunni. Hér er Jón bóndi að smala kindum á hesti sínum.

Benedikt segir það mikil forréttindi að fá að vinna með Bernd Ogrodnik. „Hann er í rauninni eins og eins manns verksmiðja. Hann er ekki aðeins brúðuleikarinn heldur líka brúðusmiðurinn, leikmyndagerðarmaður, tónsmiðurinn og handritshöfundur," segir Benedikt en Bernd stjórnar brúðunum í sýningunni og talar fyrir allar persónurnar. „Hann talar við Jón, Freyju og Gilitrutt. Hann hneggjar fyrir hestinn, jarmar fyrir kindurnar og krunkar fyrir krumma," segir hann hlæjandi. „Þetta er ein stór kransakaka fyrir skilningarvitin."

Þó hin klukkutíma langa sýning sé hin besta skemmtun segir Benedikt hana aðeins hluta af mun stærri upplifun. „Við erum ekki bara að selja sýninguna heldur líka bílferðina báðar leiðir," segir hann glaðlega og bendir á að bílferðin sé tilvalinn tími til að skoða tröll og Skessuhorn í Skarðsheiðinni. Auk þess sé heimsókn í Brúðusafnið upplifun út af fyrir sig.

Sýningin er ætluð fyrir leikskólabörn og upp úr. Benedikt segir þó að yngstu börnin hefðu gott af því að geta hallað sér að ömmu, afa eða öðrum þegar Gilitrutt sýni sitt smetti.

Benedikt segist sjálfur hafa verið hálf smeykur við Gilitrutt sem krakki. „Svo skildi ég bara ekki af hverju loftið fór úr Gilitrutt þó nafnið hennar væri nefnt. En ég skil það í dag því um leið og maður nefnir vandamál sín réttu nafni þá missa þau vald sitt yfir manni. Og það er kjarninn í sögunni."

*solveig@frettabladid.is*


FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Vorum að taka upp mikið af **Soyja** vörum og jólakjólum í stærðum 42-56

**20%** afsláttur af öllum buxum

MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11-16

FJÖRÐUR
www.fjordur.is


# Sálmadúó fagnar tíu ára afmæli

**Sálmadúóinn, sem skipaður er Sigurði Flosasyni og Gunnari Gunnarssyni, heldur upp á áratugar samstarf sitt um helgina.**

Saxófónleikarinn Sigurður Flosason og organistinn Gunnar Gunnarsson efna til tónleika í Hallgrímskirkju á sunnudag. Tilefni tónleikanna er tíu ára samstarfsafmæli sálmadúósins og útkoma fjórða geisladisks þeirra félaga sem ber heitið Sálmar tímans. Á diskinum er að finna þréttán útsetningar Sigurðar og Gunnars á ólíkum sálmalögum, íslenskum og erlendum, gömlum og nýjum og er spuni miðlægur í sálmanálgun dúósins. Sigurður og Gunnar hafa áður sent frá sér þrjá geisladiska og hafa þeir notið bæði vinsælda og jafnframt fengið góða dóma.

Tónleikarnir verða haldnir sem fyrr segir í Hallgrímskirkju á sunnudag klukkan 16. Miðasala fer fram við inngang Hallgrímskirkju og á midi.is, en miðaverð er 2.000 krónur.

*- jbá*



Sigurður og Gunnar útsetja ýmsa sálma.

# Lifað undir norðurljósum í vestri

**Menningarhátíðin Norðurljós lokkar og laðar um helgina í einum allra fegursta kaupstað landsins, Stykkishólmi. Þar mætir gestum undurfalleg tónlist af flestum gerðum, margvíslegar skemmtanir og ævintýri fyrir börn, unaðsleg sundupplifun, safnagrúsk og gestrisni Hólmara.**

„Okkur langaði að lýsa upp skammdegið og gera eitthvað skemmtilegt á þeim árstíma þegar norðurljós dansa á himni og fólkið okkar skín hvað skærast,“ segir Þórunn Sigurþórsdóttir í undirbúningsnefnd Norðurljósa, sem sett voru í gær og standa til sunnudags með fjölbreyttri dagskrá fyrir unga jafnt sem aldna.

„Þótt Ísland sé komið í vetrarbúning er engin ástæða til að láta sér leiðast, enda upplifun að keyra um íslenskar sveitir sem klæðst hafa frosti og mjöll. Mörgum finnst þetta notalegasti tími ársins og við það miðast dagskrá Norðurljósa; að geta stungið sér inn í huggulegt andrúmsloft og hlýju til að auðga andann og upplifa fallega listsköpun, en vitaskuld er líka leikur einn að gleðja munn og maga, og kitla fjör í krökkum með unglingaballi, listasmiðjum, þrautabraut eða námskeiði í afródansi.“

Þess ber að geta að frítt verður í sundlaug Stykkishólms alla helgina, sem og Vatnasafnið, bókasafnið, Norska húsið og Eldfjallasafnið.

„Það þurfti ekki nema að nefna menningarhátíðina, þá byrjaði síminn að hringja og Hólmarar úr öllum listgreinum óskuðu eftir að koma heim til að gleðja aðra Hólmara og aðkomufólk,“ segir Þórunn kampakát og víst er af nógu að taka í þessum yndisfríða bæ um helgina.

Sem dæmi um spennandi viðburði má nefna tónleika Varsjárbandalagsins, sem flytur dillandi austur-evrópska tónlist á Fimm fiskum, Ráðhúsbandið sem flytur hugljúf lög Vilhjálms Vilhjálmssonar í gömlu kirkjunni, opna kirkjukórsæfingu með biblíusúpu, leikritið Kvöldhúmið í flutningi leikfélagsins Grímnis, upplestur Einars Kárasonar í Sjávarborg og stórdansleik Stykk og Draugabananna á Hótel Stykkishólmi, þar sem líka verður boðinn Norðurljósamatur.

„Dagskráin stendur frá morgni til kvölds og ævintýri að eiga rómantískar stundir við vetur klæddan Breiðafjörð þar sem gestrisni og ylur stafar frá hverju húsi,“ segir Þórunn og hvetur sem flesta að renna í Hólminn um helgina.

Sjá nánar um dagskrá Norðurljósa á www.stykkisholmur.is.

*thordis@frettabladid.is*



Þórunn Sigurþórsdóttir með hvítklæddan Stykkishólm í baksýn, en þar verður mikið um dýrðir um á menningarhátíðinni Norðurljósum um helgina.



Gömul og vel varðveitt hús eru eitt af aðalsmerkjum Stykkishólms og hrein unun að ganga þar um stræti.



Séð inn í stásslega stofu Norska hússins, þar sem frítt verður fyrir gesti á menningarhátíðinni.



Kristján Jóhannsson mun hefja upp raust sína ásamt Regínu Ósk og fleirum.

# Sungið og safnað

**Einvalalið tónlistarmanna kemur fram á tónleikum til styrktar Mæðrastyrksnefnd Kópavogs.**

Góðgerðatónleikar til styrktar Mæðrastyrksnefnd Kópavogs verða haldnir í Digraneskirkju á sunnudag. Kvennakór Kópavogs í samstarfi við Digraneskirkju stendur fyrir tónleikunum en auk hans munu þau Margrét Eir, Regína Ósk, Guðrún Gunnarsdóttir og Kristján Jóhannsson stíga á svið. Þá ætla Skólakór Kársness, Barnakór Álfhólsskóla og félagar úr Skólahljómsveit Kópavogs að hefja upp raust sína en ræðumaður kvöldsins verður Gunnar Sigurjónsson prestur í Digraneskirkju.

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 og er áætlað að þeir standi í tvo tíma. Hægt er að panta miða með því að senda tölvupóst á hondkk@gmail.com, í síma 899-0489 og við innganginn á meðan húsrúm leyfir. Allir listamenn gefa vinnu sína og rennur aðgangseyririnn, sem er 2.000 krónur, óskiptur til Mæðrastyrksnefndar Kópavogs.

*- ve*



Lilja Björg Gísladóttir og Þorgils Óttar Baldursson sem Dísa og Loftur.

MYND/GUÐMUNDUR ERLINGSSON

# Kraftmiklar mínútur

**Galdra-Loftur verður frumsýndur í Litla leikhúsinu að Austurmörk 23 í Hveragerði annað kvöld.**

Leikfélag Hveragerðis frumsýnir Galdra-Loft eftir Jóhann Sigurjónsson annað kvöld klukkan 20. Leikstjórar eru hjónin Kolbrún Björt Sigfúsdóttir og Erlingur Grétar Einarsson, sem eru að setja upp sína fjórðu sýningu í sameiningu.

„Verkið hefur verið æft af kappi síðastliðna tvo mánuði og sviði Litla leikhússins verið umbreytt til að leyfa þeim kjarnríku persónum sem í verkinu eru að njóta sín til fulls. Við Kolbrún höfum lagt mikla vinnu og ábyrgð á herðar leikurunum, sem hafa nálgast persónur sínar eins og atvinnufólk og staðið sig framar vonum í því,“ segir Erlingur Grétar.

Upprunalegur texti Jóhanns hefur nokkuð verið skorinn niður, að sögn Erlings, auk þess sem leik- og hljóðmynd er brotin upp til að koma betur á framfæri þeim áhrifaríka kjarna sem verkið inniheldur. „Útkoman er 90 kraftmiklar mínútur af samskiptum fólks sem gætu allt eins átt sér stað í dag,“ svo notuð séu hans orð.

*- gun*

**Kynning**

**Smart Boutique**
**Laugarvegur**
Mikið úrval af seðlaveskjum

Fjólublátt **10.500 kr**
Svart **8.590 kr**





**Smart Boutique**
**Laugarvegur**
Leðurhanskar frá **2.990 kr**
Yfir 100 litir í boði



**Laura Ashley**
Faxafeni

| | |
|---|---|
| Trefill | **6.900 kr** |
| Húfa | **4.900 kr** |
| Háar grifflur | **4.400 kr** |

**Laura Ashley**
Faxafeni

Taska verð **34.500 kr**
einnig til seðlaveski í stíl



**Tjarnarbíó** stendur fyrir fjölskyldudögum alla sunnudaga í nóvember og desember, þar sem áhersla verður lögð á leiksýningar, tónleika, upplestur, dans og fleira. Stopp leikhópurinn ríður á vaðið næsta sunnudag klukkan 14 með sýninguna Bólu-Hjálmar.



# Að hætti ömmu Sirríar

**Vertíð jólahlaðborðanna er hafin og úrvalið af framandi kræsingum ótæmandi. Á litlu kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur er þó hægt að komast í jólakræsingarnar eins og amma gerði þær.**

„Núna rignir yfir okkur jólahlaðborðsauglýsingum þar sem taldir eru upp strútshalar í einhverjum framandi sósum, sem enginn kannast við að hafa borðað á jólum! Við vildum búa til heimilislegt „ömmu jólahlaðborð“ á Tíu dropum, með smá nýjungum,“ segir Hermann Fannar Valgarðsson, annar tvíeykisins Hemma og Valda.

Þeir félagar tóku við rekstri kaffihússins Tíu dropa fyrir rúmu ári en fyrir ráku þeir kaffihúsið Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda á Laugaveginum.

Hermann segir kræsingarnar á jólahlaðborði Tíu dropa allar eldaðar upp úr uppskriftum frá fjölskyldum þeirra sjálfra og á matseðlinum má meðal annars sjá rétti eins og Karrísíld með eplum og hænueggjum að hætti ömmu Sirríar.

„Við höfum safnað uppskriftum frá ömmum okkar og víðar. Ragnar Pétursson kokkur býr meðal annars til rækjumús sem mamma hans fann upp og enginn hefur smakkað utan hans fjölskyldu. Ragnar er mjög sniðugur og útsjónarsamur og á matseðlinum er matur sem allir ættu að þekkja en með einhverjum smá breytingum. Þetta eru ekki margir réttir, við vildum frekar gera hvern rétt veglegan. Það fer enginn svangur héðan.“



Hermann Fannar Valgarðsson og Valdimar Geir Halldórsson lofa heimilislegri ömmustemmingu á jólahlaðborðinu á Tíu dropum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaffihúsið Tíu dropar tekur um fimmtíu manns í sæti og verða jólahlaðborðin á fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöldum. Hermann lofar huggulegri stemmingu, gestir þurfi ekki að flýta sér að borða.

„Fólk getur setið rólegt fram eftir kvöldi. Það er sniðugt fyrir hópa að koma saman á Tíu dropa því héðan er stutt að rölta í gleði í bænum eftir matinn. Eins verða óvænt skemmtiatriði á jólahlaðborðinu og eins víst að harmonikkuleikari detti inn og taki nokkur lög.“

heida@frettabladid.is

Barnafatnaður frá *Ej sikke lej*, *Mini A Ture*, *Bifrost* og *Danefae*. Sokkabuxur frá Melton og íslensku merkin *Rendur* og *Sunbird*.

*20% afsláttur á öllum vörum frá Ej sikke lej, Mini A Ture og Bifrost.*

Rumputuski
Laugavegi 61 - 101 Reykjavík - S: 552 7722

*Jólaskeiðin 2010*

Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 64 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.

**Jólaskeiðin er væntanleg í verslunina í næstu viku.**



Verð kr. 15.500.-
Staðgreitt kr. 14.700.-

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is



Samfella
**6.990 kr**

Langur laugardagur

**Opnunartími**
Mán-fös. 11-18
Laugardaga 11-16
Langur lau. 11-17

MINERVA
**Laugavegi 40**
Sími 553 1144 • minervashop.is

**TILBOÐ Á WOLFORD**
70 DEN SOKKABUXUM
LITUR: SVART
STÆRÐIR: S – XL.
**VERÐ KR. 3.990**



Wolford
SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80 S: 561 1330
SIGURBOGINN.IS

Græna ljósið stendur fyrir bíódögum í Bíó Paradís frá 12. nóvember. Þar verða sýndar sjö heimildarmyndir, þeirra á meðal er ný íslensk heimildarmynd um fálkasmygl sem hefur vakið heimsathygli.



**www.bioparadís.**

krakkasíðan
*krakkar@frettabladid.is*



Jóhönnu Guðrúnu finnst Ingó veðurguð æðislegur.

Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins



ÍSLENSK JÓLAGJÖF
ÍSLENSK HÖNNUN

KRAUM AÐALSTRÆTI, KJARVALSSTÖÐUM,
HAFNARHÚSI OG HÖNNUNARSAFNI Í GARÐABÆ

Kraum
icelandic design

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 5. nóvember 2010



## HREFNA ÞORBJÖRG HÁKONARDÓTTIR LIFIR FYRIR FIMLEIKA

Tíska • Helgarráðin • Topp tíu • Myndarlegir menn • Vogue á RFF • Á rúmstokknum





FLAKKARATILBOÐ

UNITED
500GB
720/1080i

Kr.19.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB Samsung diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

HDMI

SAMSUNG

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ Ekki missa af




**BÓKIN** Saumaklúbburinn er bráðsniðugt hefti sem inniheldur fjölbreytt handavinnuverkefni, mataruppskriftir og annað sniðugt efni fyrir hagsýnar og tískusinnaðar konur. Heftið er þó eingöngu til sölu í áskrift og fá Saumaklúbbsfélagar nýtt hefti sent heim að dyrum mánaðarlega. Hægt er að skrá sig á heimasíðunni www.klubbhusid.is.

## blogg vikunnar



### Fjarlægur tískuheimur

Það er svolítið skemmtilegt að fylgjast með tískustraumum fjarlægra landa og finna þar jafnvel innblástur. Www.glistersandblisters.com er blogg sem haldið er úti af stúlku frá Indónesíu. Tískan þar virðist í grunninn ekki vera svo ólík þeirri sem ríkir hér í kuldanum á Íslandi.

### Götutískan á meginlandinu

Tískubloggið www.antwerpfashionobserver.blogspot.com er í anda hins vinsæla Facehunters. Aðstandendur bloggsíðunnar mynda fólkið á götum Antwerpen og birta á síðunni. Þar gætir ýmissa grasa, þar er rokkabillítíska, fáguð og kvenleg tíska og allt hitt.

### Fataskápur Köru

Stúlka að nafni Karla gefur tískuunnendum innsýn í fataskáp sinn með því að mynda fatasamsetningar sínar. Bloggið má finna á slóðinni www.karlascloset.blogspot.com. Stíllinn er fjölbreytilegur og skemmtilegur og það er augljóst að hún hefur gaman af því að leita fjársjóða í verslunum sem selja notaðan fatnað.



Ingibjörg Finnbogadóttir undirbýr Reykjavík Fashion Festival 2011

# ÞÝSKA VOGUE BOÐAR KOMU SÍNA

„Við erum í mikilli sókn og mikil spenna að takast á við þetta á nýjan leik," segir Ingibjörg Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Reykjavik Fashion Festival, sem verður haldið 31. mars til 3. apríl á næsta ári en undirbúningur er þegar hafinn. „Við erum fyrr á ferðinni með undirbúning og stefnum á að gera hátíðina stærri og veglegri í ár. Erum á fullu að bjóða erlendu pressunni og þegar búin að fá staðfestingu frá þýska Vogue og breska Dazed and Confused," segir Imba, eins og hún gjarnan er kölluð, og bætir við að hún haldi að þetta sé í fyrsta sinn sem þýska Vogue komi til landsins í þessum tilgangi. „Það er alveg frábært að fá svona stóran miðil til að koma og fylgjast með íslenskri hönnun. Við erum að einbeita okkur að því að kynna íslenska hönnun út fyrir landsteinana og því búin að senda út kynningarefni og boð á helstu tískumiðlana eins og Nylon, ID magazine og kínverska Vogue sem og skandinavíska miðla á borð við Eurowoman og Cover."

Aðspurð hvort RFF ætli að feta í fótspor annarra tískuvikna og bjóða helstu bloggurunum úti í heimi, enda þeir taldir vera hið nýja stóra afl í tískuumfjöllunu svarar Imba játandi „Við erum búin að senda nokkrum boðskort og búumst við góðum undirtektum hjá tískubloggurunum."

Reykjavik Fashion Festival heppnaðist mjög vel síðast og segir Imba Unu Hlín hjá fatamerkinu Royal Extreme vera gott dæmi um það hversu mikilvægur tískuviðburður af þessu tagi er fyrir íslenska hönnun. „Una var að sýna sína fyrstu fatalínu á RFF í vor og nú er Royal Extreme með umfjöllun í fullt af erlendum miðlum, hún er búin að sýna á tískuvikunni í New York og er að selja hönnun sína erlendis og opnaði sína fyrstu búð dögunum. Það er alveg frábært," segir Imba en hún er byrjuð að taka við umsóknum frá hönnuðum fyrir næstu hátíð og geta áhugasamir sent henni póst á netfangið imba@elite.is.

*- áp*




**Undirbýr RFF á nýjan leik** Tískuhátíðin Reykjavík Fashion Festival verður haldin í annað sinn næsta vor og eru erlendir miðlar byrjaðir að boða komu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Kate Moss kveður Topshop

# Hippalegur glamúr frá Moss

Síðasta fatalína fyrirsætunnar og tískuíkonsins Kate Moss er komin í búðir bresku fataverslanakeðjunnar Topshop. Moss hóf sinn fatahönnunarferil hjá Topshop fyrir þremur árum og var ákvörðunin um að hætta sameiginleg að sögn Philips Green, eiganda Topshop.

Þessi síðasta lína tískufrumkvöðulsins einkennist af hippalegum blússum, kjólum með blómamunstri, síðum pilsum og pallíettujökkum. Einnig eru samfestingar með víðum skálmum í anda áttunda áratugarins áberandi sem og fallegir íburðarmiklir skartgripir.

Föstudagur hafði samband við Topshop á Íslandi um hvenær línan kæmi í búðir hér en fékk þau svör að fatalína Kate Moss komi ekki til landsins yfirhöfuð þar sem hún þykir einfaldlega of dýr. Íslenskir aðdáendur Kate Moss verða því að berja hönnunina augum á vefsíðu Topshop og láta sig dreyma.



**Fatahönnuður í síðasta sinn** Kate Moss klædd í samfesting úr eigin smiðju í útgáfuhófi síðustu fatalínu sinnar fyrir Topshop. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

✻ augnablikið



**STÓRKOSTLEG** Fyrirsætan Heidi Klum mætti sem karakter úr kvikmyndinni Transformers í hrekkjavökuveisluna sína. Fyrirsætan leggur mikið upp úr búningum sínum eins og sjá má.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Tilboðið gildir í öllum verslunum The Pier
the PIER
Til hamingju Akureyringar
Glæsileg
opnunartilboð
í tilefni opnunar verslunar okkar á Glerártorgi, Akureyri
Verð áður 119.000 TILBOÐ 79.900
Bast-sett
Verð áður 4.990 TILBOÐ 2.990
Matarstell
Verð áður 3.990 TILBOÐ 2.490
Salatskál
Verð áður 9.990 TILBOÐ 5.990
Fatastandur
Af öllum kertum TILBOÐ 3fyrir2
Kerta-paradís
Verð áður 1.290 TILBOÐ 790
Salatáhöld
Verð áður 89.900 TILBOÐ 49.900
Borðstofuborð með fjórum stólum
Verð áður 19.900 TILBOÐ 12.900
Papasan stóll
abbey road / design
the PIER
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími 522 7870 ...og nú Glerártorgi Akureyri

Vel snyrtir karlmenn þykja með þeim heitustu í dag:

# Vel snyrtir herra-menn slá í gegn

Ný kynslóð leikara og söngvara er komin fram á sjónarsviðið og er að taka við kyndlinum af Johnny Depp og Brad Pitt sem heitustu menn heims. Þessi nýja kynslóð karlmanna virðist annars vegar skiptast í harðjaxla á borð við Jason Statham og Tom Hardy og „metró“ menn með bresku hefðarívafi hins vegar líkt og Theo Hutchcraft, söngvara bresku hljómsveitarinnar Hurts.





**Harðjaxl** Margar konur hafa fallið fyrir hrárri karlmennsku breska hasarleikarans Jasons Statham.



**Heillandi** Stjarna Ryans Gosling hefur risið hratt undanfarin ár og þykir hann bæði efnilegur leikari og sérstaklega laglegur.



**Sænskur sjarmur** Sænski leikarinn Alexander Skarsgard sló í gegn sem vampíran Eric í sjónvarpsþáttunum True Blood. Hann er gott dæmi um hinn vel hirta sjentilmann, ávallt vel greiddur og vel klæddur.

NORDICPHOTOS/GETTY

### Þessir komust líka á listann

Fótboltakappinn Diego Forlán vakti mikla lukku meðal kvenkynsáhorfenda heimsmeistaramótsins í fótbolta í sumar. Það er engin furða enda er maðurinn íþróttamannslega vaxinn og með dásamlega falleg blá augu. Bandaríski leikarinn James Franco komst einnig hátt á lista yfir myndarlegustu mennina í dag. Suðrænn og seiðandi.



**Flottur fýr** Jon Hamm sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Mad Men. Lýsingin hávaxinn, dökkur og myndarlegur passar fullkomlega við herra Hamm.



**Karlmennskan uppmáluð** Breski leikarinn Tom Hardy þykir sérstaklega myndarlegur og ekki skemma ótvíræðir leikhæfileikar fyrir heldur. Hann þykir karlmennskan uppmáluð, vöðvastæltur og svolítið eins og óslípaður demantur.



**Breskur herramaður** Theo Hutchcraft, söngvari hljómsveitarinnar Hurts, þykir afskaplega myndarlegur og heillar stúlkurnar upp úr skónum með vel greitt hárið og dáleiðandi brún augu.

NORDICPHOTOS/GETTY



ERTU SÍÞREYTT(UR)?

Þekkir þú tilfinninguna að vera þreytt(ur) á óheppilegum augnablikum? ÉNAXIN hjálpar þúsundum manna hvern dag að losna við þreytu, leiða og orkuleysi.

ÉNAXIN er náttúrulegt efni unnið úr öflugum og heilnæmum jurtakjörnum sem gefur þér orku og kraft strax. Mjög áhrifarík mixtúra eða töflur sem virka frá fyrsta degi – prófaðu ÉNAXIN strax í dag.

Þú færð ÉNAXIN í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillunum í Fjarðarkaup og Hagkaup.

ÈNAXIN
ORKA BEINT FRÁ NÁTTÚRUNNI




Virkar frá fyrsta degi
Losar þig við þreytu

ÉNAXIN er ein vinsælasta heilsuvaran á Norðurlöndunum og nú fáanleg á Íslandi.



## Á RÚMSTOKKNUM
Sigga Dögg kynfræðingur

## Af mömmustrákum og samlífi

*? Hæ Sigga Dögg. Ég er tiltölulega nýbyrjuð að hitta strák, við erum bæði tvítug og búum bæði enn þá heima hjá foreldrum okkar. Ég gisti oftar heima hjá honum og hef tekið eftir að mamma hans sér um allt fyrir hann. Mér finnst það ótrúlega hallærislegt og er hrædd um að þetta verði kannski svona líka ef við ætlum einhvern tímann að flytja saman.*

**Svar:** Ég skil áhyggjur þínar og þær eru réttmætar en kannski óþarfar. Það er eitt að búa heima hjá foreldrum sínum, annað að búa einn í íbúð og svo enn annað að fara í sambúð. Skítaþröskuldur fólks er misjafn. Sumum finnst mikilvægt að búa um rúmið, þrífa baðherbergið og vaska upp, en öðrum ekki. Það sem þú því stendur frammi fyrir með kærastanum þínum er spurning um skítaþröskuld og hvort ykkar þröskuldur sé sambærilegur. Ef honum finnst óþarfi að búa um rúmið en þér finnst það mjög mikilvægt þá er ekki ósennilegt að það gæti lent á þér að búa um það. Það sem er mikilvægast í þessu er að tala saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu og skipuleggja verklag eftir því. Þetta gæti krafist þó nokkurra málamiðlana en það er líka grundvöllur sambands. Gangi þér vel!

*? Sæl Sigga Dögg. Ég var að eignast mitt fyrsta barn fyrir 9 vikum. Ég er sú fyrsta í vinahópnum sem eignast barn og þess vegna veit ég ekki alveg hvert ég á að leita í sambandi við spurningar sem vakna varðandi kynlíf eftir barnsburð. Ég rifnaði svolítið í fæðingunni og er enn að gróa, sambýlismaður minn er þó orðinn nokkuð óþolinmóður, enda langt um liðið síðan við sváfum síðast saman. Ég er samt enn þá að jafna mig bæði eftir fæðinguna og er ekkert alltof hress með vöxtinn og er þess vegna ekki jafn óþolinmóð og hann. Hvenær er eðlilegt að fólk byrji aftur að stunda kynlíf og er eitthvað sem þarf að passa upp á?*

**Svar:** Innilega til hamingju! Í rannsókn frá 2004 greindu 80% nýbakaðra mæðra frá kynlífsvandkvæðum þremur mánuðum eftir fæðingu barns, og hjá 66% þeirra kvenna voru vandkvæði enn til staðar þremur mánuðum seinna. Algengasta vandamálið var lítil kynlífslöngun sem stafaði af líkamlegum og sálfélagslegum atriðum. Líkt og þú nefnir, þá tekur það tíma að jafna sig líkamlega eftir fæðinguna. Það sem þú ert að upplifa er því alls ekkert óeðlilegt eða óalgengt. Bati eftir fæðingu og andleg líðan er einstaklingsbundin og því verður hver að finna fyrir sig hvenær rétti tíminn er. Sum pör segjast byrja að stunda kynlíf nokkrum vikum eftir fæðingu á meðan önnur bíða í allt að ár. Mig langar hins vegar að benda þér á að kynlíf er meira en samfarir og því má gera ýmislegt annað sem gæti fullnægt ykkur báðum. Mikilvægast er að ykkur líði báðum vel því meirihluti kynlífs fer fram í heilanum og því skiptir höfuðmáli að vera tilbúinn. Ef þú ert hikandi varðandi einhver líkamleg atriði þá finnst mér sjálfsagt að þú minnist á það við lækninn þinn og í framhaldinu getur þú spurt hvort hann telji að þú þurfi að varast eitthvað þegar kemur að samförum.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***


Leitin að Sloggi stelpunni!
Sloggi, Eskimo Models og FM957 leita að Sloggi stelpunni 2010.
Skráðu þig í myndatöku fyrir Sloggi hjá Eskimo Models dagana 22. okt – 5. nóv í síma 533 4646 eða á Eskimo@Eskimo.is Athugið, 18 ára aldurstakmark.
Kosning á Sloggistelpu ársins 2010 fer fram á heimasíðu FM957 8-12. nóvember.
Glæsileg verðlaun til sigurvegarans! Ferð fyrir tvo til Tenerife með Heimsferðum, 1. árs módelsamningur við Eskimo Models, glæsileg gjafakarfa frá Sloggi o.fl.
sloggi HOT HIPS
It´s time to be hot!
HALLDÓR JÓNSSON
FM957
eskimo
Heimsferðir
sloggi HOT HIPS
Now in COTTON
sloggi HOT HIPS

# 1 FLÍK

## 3 konur

**Hvítar skyrtur eru fyrir löngu orðnar klassískar og tímalausar líkt og „litli, svarti kjóllinn“. Þær passa við nánast allt og fara seint úr tísku og eru því góð fjárfesting fyrir hagsýna tískuunnendur. Hvíta skyrtan fæst í mörgum ólíkum stílum, hneppt, heil, með kraga eða síð og flaksandi, og hana mátti meðal annars sjá á tískupöllunum hjá Balenciaga, Celine og Michael Kors.**



### Elín Hrund Þorgeirsdóttir

***Aldur?*** 37 ára.

***Starf?*** Hönnunarnemi.

***Lýstu þínum persónulega stíl?*** Hmm, ætli hann sé ekki einhvers konar blanda af smá rokki og svo einhverju skrýtnu og skemmtilegu sem oftast er allt of dýrt. Klæði mig líka mikið eftir veðri og vindum vegna þess að ég er ofurkuldaskræfa.

***Myndir þú kaupa þér þessa flík sjálf?*** Nei, líklega ekki.

***Við hvaða tilefni myndir þú klæðast þessari flík?*** Ég myndi ekki klæðast þessari flík.

***Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu?*** Það gekk svo sem þokkalega því ég er að öðru leyti mikið fyrir skyrtur. Þessi samsetning lá beinast við.



### Svala Lind Þorvaldsdóttir

***Aldur?*** 21 árs.

***Starf?*** Afgreiðsludama í Rokki & Rósum.

***Lýstu þínum persónulega stíl?*** Stílinn minn er breytilegur og fer yfirleitt eftir því í hvernig skapi ég er í hverju sinni. Ég á það til að blanda saman „vintage“ og nýju og hef mikið dálæti á yfirhöfnum og skóm.

***Myndir þú kaupa þessa flík sjálf?*** Mér finnst skyrtan þægileg og flott. Ég gæti vel hugsað mér að kaupa hana enda alltaf hægt að bæta við sig hvítum skyrtum.

***Við hvaða tilefni myndir þú klæðast þessari flík?*** Mér finnst bæði hægt að nota skyrtuna hversdags við gallabuxur og blazer-jakka eða dressa sig upp með leðurbuxum og flottum pels.

***Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu?*** Það gekk vel að blanda flíkinni við minn persónulega stíl þar sem mér finnst hvítar skyrtur mjög klassískar. Ég valdi leðurbuxurnar og loðvestið við skyrtuna, því það er gaman að blanda grófum og fínum efnum saman.



### Harpa Þórunn Pétursdóttir.

***Aldur?*** 29 ára.

***Starf?*** Lögfræðingur hjá Orkustofnun.

***Lýstu þínum persónulega stíl?*** Ég held að ég geti ekki tileinkað mér einhvern einn stíl. Ég breyti um fatastíl frá degi til dags og jafnvel oftar en einu sinni hvern dag. Þá fer ég allt frá rómantískum silkikjólum við lága hæla, yfir í rokkarabuxur og alvöru hæla, allt eftir því hvernig skapi ég er í.

***Myndir þú kaupa þér þessa flík sjálf?*** Já, ég er jafnvel að hugsa um að gera það.

***Af hvaða tilefni myndir þú klæðast þessari flík?*** Ég myndi annaðhvort nota hana í vinnuna, þar sem ég þarf að vera fín og gæti girt hana ofan í hátt pils eða við uppbrettar khaki-buxur með belti. Hverdagslega myndi ég nota hana svona eins og ég er á myndinni en ef ég væri að fara eitthvað fínt myndi ég fara í súkkulaðibrúnar leðurbuxur, meira og stærra glingur um hálsinn og flotta hæla.

***Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu?*** Það gekk fínt að blanda henni inn í minn fataskáp þar sem ég hef verið að bæta svolítið í brúnu tónana hjá mér fyrir veturinn. Þegar fer að líða á haustið klippi ég gjarnan á mig þungan topp, bæti vetrarlitunum í fataskápinn og stóru þungu peysunum. Ég myndi síðan skella mér í brúnan tweed-jakka yfir með leðurbótum á olnbogunum.


# Ómissandi í vetur

**Angelica** er íslensk náttúruafurð úr ætihvönn. **Angelica** gefur þér aukna orku og þú færð sjaldnar kvef.

**Sæktu styrk í íslenskt náttúruafl!**






**Helgartilboð Heilsuhússins**

náttúrulega heilsuhúsið

Þegar þú kaupir glas eða box af Angelicu færðu annað eins á hálfvirði.
Tilboðið gildir 4.-8. nóvember 2010.
**Kynning á vörum SagaMedica í Kringlunni 5. nóv. kl. 12-17.**

Heilsuhúsið Laugavegi, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi, Akureyri og Reykjanesbæ.

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is





# Frægir synda með straumnum

Frægar og velklæddar konur hafa gjarna sést klæddar hvítur skyrtum af hinum ýmsu stærðum og gerðum. Kvenlegar blússur á rauða dreglinum eða síðar herraskyrtur við þröngar gallabuxur eða leggings hversdags. Leikkonurnar Demi Moore og Kate Bosworth hafa báðar sést klæðast hvítum skyrtum við ýmis tilefni auk frönsku söngkonunnar Vanessu Paradis.










4 vikna
Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla

## Hjá okkur nærðu árangri!

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30**
- **Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon**

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Daglegur fróðleikur um mat & næringu fullt af uppskriftum

heitir pottar og herðanudd eftir hvern tíma

Vikulegar mælingar mikið aðhald



**Ertu að glíma við:**

- Mataróþol
- Matarfíkn og sykurlöngun
- Maga- og ristilvandamál
- Verki og bólgur í liðum
- Streitu, þreytu og svefnleysi
- Þunglyndi
- Aðra lífsstílssjúkdóma

28 daga
hreinsun
NORDICASPA
með mataræði
og hreyfingu

- **Fimm tímar í viku – hreinsun, liðleiki og styrkur**
- 3 tímar – jóga, liðleiki og öndun
- 2 tímar – léttar styrktaræfingar í tækjasal
- **Tímar: 17:30 mán/mið/fös.**
- **Þjálfari er Sigríður Guðjohnsen**

**Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl!**

**Bæði námskeiðin hefjast 8. nóvember**
Fyrirlestur 6. nóvember
**Verð kr. 34.900**
Skráning er hafin í síma 444-5090
eða nordicaspa@nordicaspa.is

Síðustu námskeið fyrir jól!

NORDICASPA



Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir hefur stundað fimleika í tuttugu ár. Hún varð Evrópumeistari í hópfimleikum með liði Gerplu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# FIMLEIKAR HELSTA ÁHUGAMÁLIÐ

**Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir er fyrirliði fimleikaliðs Gerplu sem sigraði á Evrópumeistaramótinu í hópfimleikum sem haldið var í Svíþjóð fyrir skömmu. Hún hefur stundað fimleika í tuttugu ár og segir nánast óhugsandi að hún muni nokkurn tímann geta sagt skilið við íþróttina.**

*Viðtal:* Sara McMahon *Stílisti:* Katrín Alda
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason *Fatnaður:* Einvera

Hrefna hefur æft fimleika frá sex ára aldri og var það fyrir tilstuðlan vinkonu hennar að hún fór að æfa íþróttina. „Vinkona mín var að æfa fimleika og einu sinni þegar við vorum á leikvellinum gat hún gert eitthvað á ránni sem mig langaði líka að geta gert, þannig að ég ákvað að byrja í fimleikum,“ útskýrir Hrefna. Hún hóf ferilinn hjá fimleikadeild KR og æfði fyrst um sinn áhaldafimleika. Níu ára skipti hún um félag og hóf að æfa með Ármanni og þar var hún til sextán ára aldurs. „Þá tók ég mér smá gelgjupásu. Ég var þá komin í menntaskóla og mikið um að vera í félagslífinu auk þess var ég að kljást við meiðsli á þeim tíma og þurfti því að hætta æfingum tímabundið.“

Hrefna var þó ekki lengi frá og hóf að æfa hópfimleika með liði Stjörnunnar ári síðar. Hún segir töluverðan mun vera á áhaldafimleikum og hópfimleikum þó grunnþjálfunin sé sú sama í báðum tilfellum. Það var svo árið 2005 sem hún gekk loks til liðs við Gerplu og hefur hún æft þar síðan.

## STERKUR HÓPUR

Lið Gerplu er eina hópfimleikalið kvenna í Evrópu sem hefur verið á verðlaunapalli stórmóta í eins langan tíma og raun ber vitni. Liðið hlaut meðal annars gullverðlaun á Norðurlandamótinu árið 2007, silfurverðlaun á Evrópumótinu árin 2006 og 2008 auk þess sem það lenti í þriðja sæti á Norðurlandamótinu í fyrra. Liðið hefur því átt sæti á verðlaunapalli árlega allt frá árinu 2006.

„Þetta er mjög góður og samheldinn hópur af stelpum og við erum allar jafn einbeittar í því að ná markmiðum okkar. Ef það er gott fyrir hópinn, þá gerir maður það. Það er bara þannig,“ segir Hrefna brosandi. Hún segir góðan anda ríkja innan hópsins og telur það hafa skipt sköpum. „Það skiptir miklu máli að ná góðum anda innan hópsins og þessi félagslegi þáttur er mjög mikilvægur. Ég hef aldrei upplifað jafn mikla einingu innan liðs og ég geri núna með þessum stelpum.“

Hópfimleikar eru nokkuð ung íþrótt og er Evrópumótið stærsta mót sem hægt er að keppa á innan íþróttarinnar. Það er því einstakur árangur hjá stúlkunum að hafa unnið gullið í Svíþjóð. Stúlkurnar ætla þó ekki að láta þar við sitja heldur ætla ótrauðar að halda áfram sigurgöngu sinni. „Við ætlum að stimpla okkur inn sem besta

> *„Ef það er gott fyrir hópinn, þá gerir maður það. Það er bara þannig.“*

liðið í Evrópu og halda áfram að vinna titla,“ segir hún ákveðin.

## EKKERT BAKTAL

Margir hafa þá sýn á fimleika að þar ríki mikil samkeppni og baknag á milli stúlkna, Hrefna segir þetta þó ekki ganga upp í hópfimleikum heldur standi og falli liðið sem ein heild. „Dramatíkin felst kannski helst í því að við erum að keppast um sæti í liðinu þegar nær dregur mótum. Það eru kannski tuttugu stúlkur í hóp og aðeins tólf sem fá að keppa inni á gólfinu. Það er auðvitað mjög svekkjandi að hafa lagt svona mikið á sig yfir árið og fá svo ekki pláss í liðinu. Maður þarf að vera mjög sterkur einstaklingur til að taka því og halda samt sínu striki á æfingum og styrkja liðið þannig.“ Eitt af því sem styrkti lið okkar í keppninni var að mikil samkeppni ríkti um að komast inn í liðið og við vorum með stelpur á hliðarlínunni sem geta stokkið inn hvenær sem er og gert




EGF
BIOeffect™ húðdropar
Gefa fallegri húð
• Vinna gegn öldrun húðarinnar
• Byggja á rannsóknum á líffræði húðarinnar
• Án ilm- og rotvarnarefna
Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla
www.sifcosmetics.is
Sif COSMETICS
PIPAR\TBWA • SÍA • 102202

jafngóð stökk og allar hinar.

Hrefna segir íþróttina hafa þróast mikið undanfarin ár og að nú sé öll aðstaða orðin til fyrirmyndar. Hún bendir einnig á að fimleikar séu í dag fjölmennari en flestar boltaíþróttir en að lengi vel hafi fjárveitingar til íþróttarinnar verið takmarkaðar. „Það er mikill kostnaður sem fylgir þessu og hingað til höfum við þurft að fjármagna allar okkar keppnisferðir sjálfar. Ég er búin að vera í fimleikum nánast alla mína ævi og ég held að fjölskylda mín sé komin með alveg upp í kok af því að kaupa klósettpappír og lakkríspoka af mér. Við erum því afar þakklátar fyrir ríkisstyrkinn sem við hlutum í kjölfar titilsins, hann mun koma sér afskaplega vel.“

### ERFITT AÐ HÆTTA

Aðspurð segist Hrefna oft hafa leitt hugann að því að hætta í fimleikum og snúa sér að öðru. „Ég skal ekki neita því að ég hef oft leitt hugann að því að hætta í fimleikum en það er bara svo erfitt að hætta þessu þegar maður hefur áhugann og svona góðan hóp í kring um sig. Það er mjög erfitt að segja bless,“ segir hún og hlær.

„Þetta tekur auðvitað mikinn tíma frá einkalífinu en maður reynir í staðinn að skipuleggja frídagana enn betur svo maður geti sinnt vinum og fjölskyldu. Vinkonur mínar eru oftast mjög skilningsríkar en það kemur fyrir að maður fái samviskubit yfir því hvað maður hefur lítinn tíma aflögu fyrir sína nánustu. Í raun hef ég samt alltaf verið svona upptekin því ég hef verið í fimleikum nánast alla ævina og þekki ekkert annað.“

Þegar Hrefna er innt eftir því hvort hún eigi sér önnur áhugamál utan fimleikanna nefnir hún ferðalög, göngur og skíði. „Fimleikarnir eru samt eiginlega eina áhugamálið sem ég sinni af alvöru enda gefst lítill tími til annars.“

### DEILA ÁHUGAMÁLINU

Björn Björnsson, kærasti Hrefnu, stundaði fimleika í Ármanni á árum áður og þar kynntust þau fyrst. Hann þjálfar nú lið Gerplu en hún segir það koma sér ágætlega því þá sjái hún meira af honum en annars. „Þetta fyrirkomulag gengur mjög vel, við höldum einkalífinu alveg fyrir utan salinn en í salnum er ég bara ein af stelpunum þó að það geti af og til verið erfitt að láta hann segja sér fyrir. Fimleikarnir eru samt alveg heill heimur út af fyrir sig og það er mjög gott að við getum lifað og hrærst í sama heimi. Það er heldur ekki verra að geta eytt tíma með honum þó maður sé á æfingum, ég er mjög heppin með það,“ segir hún brosandi.

Raddir hafa verið uppi um að stúlkurnar í Gerplu eigi að hljóta fálkaorðuna fyrir afrek sín á sviði íþrótta. Hrefna segir það gott og blessað og hefur sjálf ekkert á móti því að hljóta slíka viðurkenningu. „Við náðum okkar markmiðum og hugsuðum aldrei lengra en það. Mér þætti frábært að fá slíka viðurkenningu og við höfum svo sannarlega unnið fyrir henni sem fyrsti hópur á Íslandi sem hefur hampað Evrópumeistaratitli. En hver og einn verður að dæma um það

## * bak við tjöldin



**Evrópumeistarar**
P1 er samansettur af stelpum á aldrinum 17-26 ára. Þrátt fyrir breitt aldursbil er þetta þéttur hópur sem hefur gengið í gegnum súrt og sætt saman til að ná sínum markmiðum.

**Hæfileikarík**
Þarna er ég að gera spíkathopp á trampolíni. Ég fór með Ármanni í æfingabúðir til Danmerkur árið 1997.





**Ung fimleikastjarna**
Ég á leið á mót í áhaldafimleikum í gamla einkennisbúningi Ármanns.





**GUERLAIN dagar 4.– 10. nóvember**
**í Snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlu.**
**20% afsláttur af nýja maskaranum frá GUERLAIN.**
**Maskarinn sem enginn getur verið án, lengir og þykkir svo um munar**

**Falleg gjöf frá GUERLAIN fylgir með kaupum á kremi og farða í GUERLAIN línunni.***

**Þessi glæsilegi kaupauki kemur í hvítri snyrtibuddu frá Guerlain:**
- **50 ml Super Aqua hreinsimjólk**
- **50ml Super Aqua hreinsivatn**
- **4 litaprufur af G Rouge varalitunum.**




* meðan birgðir endast

Lyf & heilsa
Kringlunni

# núna

✻ Brosið breitt

**FLOTTUR FYLGIHLUTUR** Þessi dásamlega fallega taska fæst í versluninni Mýrinni og kostar 44.900 krónur. Taskan er listaverk í sjálfu sér og getur bjargað hvaða klæðnaði sem er.





Köflótt skyrta úr Spúútnik, 4.500 kr.

Harembuxur úr Spúútnik, 6.800 kr.

Kápa úr Vero Moda, 16.900 kr.







# Smekklegur Svíi

Áhrifavaldurinn

Sænska söngkonan **Lykke Li** sló heldur betur í gegn með lagi sínu Little Bit árið 2008 og þykir nú á meðal efnilegustu ungu söngkvenna heims. Ekki skemmir skemmtilegur fatastíll söngkonunnar fyrir, en hún þykir afskaplega smekkleg. Fatastíll hennar er mjög skandinavískur og einkennist sérstaklega af svörtum flíkum, röndóttum bolum, háum hælum og víðum buxum sem hún notar í bland við notaðar flíkur.




**1.** Dr. Martens skór úr GS Skóm, 27.990 kr. **2.** Svart veski úr Accessorize, 4.299 kr. **3.** Leðurstuttbuxur úr Spúútnik, 7.900 kr. **4.** Silfureyrnalokkar úr Friis & Company, 1.990 kr. þrír í pakka. **5.** Hlébarðataska úr Topshop, 12.990 kr. **6.** Klukkuhringur úr Accessorize, 2.849 kr. **7.** Hálsmen með leðuról úr Spúútnik, 3.900 kr. **8.** Túrban úr Friis & Company, 3.990 kr. **9.** Röndóttur bolur úr Topshop, 4.990 kr. **10.** Hlébarðaskór úr Friis & Company, 24.990 kr. **11.** Sítt hálsmen úr Topshop, 3.490 kr.

GYLLTI KÖTTURINN
5 ÁRA
Velkomin.



Allir skór á
12.800 kr.
stærðir 36-41

Austurstræti 8-10 S. 534-0005



SIX
OPNAR Í DAG GLÆSILEGA VERSLUN Í SMÁRALIND
FASHIONABLE
ACCESSORIES FOR
URBAN PEOPLE
www.click-six.com

# tíðin

✻ Kveikið á kertum

**GOTT SKART.** Skartgripahönnuðurinn Jóhanna Metúsalemsdóttir selur nokkur Kríu armbönd á afslætti til styrktar eldri konum á Haítí. Hægt er að nálgast skartið á kaffihúsinu Kaffi Haíti sem er í eigu föður Jóhönnu. Frábært framtak og ekki er verra að geta skreytt sig til góðs.



## mælistikan

### Á uppleið:



**Notalegar samverustundir.** Skólar eru hafnir og sumarfríin búin og því ættu menn að nýta tímann í notalegar samverustundir með vinum og fjölskyldu. Bjóðið heim í spjall og heitt súkkulaði, leigið saman kvikmynd eða farið í göngutúra.

**Íslensk tónlist.** Geislaplötur eru teknar að streyma inn í plötuverslanir fyrir jólahátíðina, þar á meðal er ógrynnin öll af íslenskri gæðatónlist. Því ekki að taka smá forskot á sæluna og smella ljúfum tónum á fóninn núna.



**Framköllun.** Stafrænu myndavélarnar gera það að verkum að fólk framkallar myndir í minna mæli nú en áður. Það er þó svo miklu skemmtilegra að blaða í gegnum myndaalbúm heldur en að flétta myndum á tölvuskjá.

### Á niðurleið:



**Þunnir jakkar.** Það er alveg klárt að veturinn er genginn í garð. Það er því kominn tími til að skipta út þunnu jökkunum fyrir eitthvað aðeins hlýrra og rokheldara.

**Háir símreikningar.** Á tímum farsímanna er fólk alltof gjarnt á að hringja í hvert annað í tíma og ótíma. Hvernig væri að taka skref aftur til fortíðar og reyna þess í stað að mæla sér mót einhvers staðar og spjalla. Þetta lækkar símreikninginn og sparar þannig pening.

**Baktal.** Það getur stundum verið erfitt að sitja á sér og taka ekki þátt í baktali, sérstaklega ef manni er uppsigað við manneskjuna sem verið er að tala um. Baktal er ljótt og því ættu menn að hætta baknagi og hrósa þess í stað.


Ný sending ! þökkum frábærar viðtökur

CC Flax

Frábært við fyrirtíðarspennu fyrir konur á öllum aldri og öllum einkennum breytingaskeiðs



Mulin hörfræ – Lignans
Trönuberjafræ
Kalk úr sjávarþörungum

CC Flax gefur frábæran árangur við tifinningasveiflum, pirringi, hita- og svitakófi, svefntruflunum, fitusöfnun og húðþurrki. Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan. Kemur í veg fyrir bjúg og vökvasöfnun, styrkir nýru og hindrar sýkingu í þvagfærum.* Fjölbreyttar trefjar og ríkt af Omega-3.

Heilbrigðari og grennri konur
Rannsókn sýndi að konur sem hafa mikið Lignans i blóðinu hafa að meðaltali 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.

Styrking • Jafnvægi • Fegurð









1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum og heilsubúðum www.celsus.is


E-label opnar nýja verslun á Laugavegi:

## Verslun E-label fær andlitslyftingu



**Ný verslun** E-label opnar nýja og betri verslun við Laugaveg 27 á morgun.

Hönnunarmerkið E-label opnar nýja verslun á morgun við Laugaveg 27 og mun við sama tækifæri kynna nýja fatalínu sem ber heitið E-label Exclusive.

Að sögn Ástu Kristjánsdóttur, annars eigenda E-label, hefur mikið verið lagt í hönnun verslunarinnar og var innanhússarkitektinn Agnar Agnarsson, öðru nafni Agzilla, fenginn til að sinna verkefninu. „Hann er lærður innanhúsarkitekt frá Parsons-skólanum í New York en hefur lítið verið að sinna því starfi. Við teljum okkur því afskaplega heppnar að hafa fengið hann í þetta verkefni með okkur. Nýja búðin verður mjög ólík þeirri gömlu og allar innréttingarnar eru til dæmis smíðaðar frá grunni,“ segir Ásta og bætir við: „Okkur fannst kominn tími á smá andlitslyftingu.“

Exclusive línan frá E-label er meðal annars hönnuð af Hörpu Einarsdóttur og Ernu Bergmann og inniheldur hún flíkur sem eru aðeins dýrari en aðrar flíkur frá E-label.

Nýja verslunin opnar klukkan 11.00 og verður fimmtán prósent afsláttur af öllum vörum í tilefni dagsins. *- sm*

Yesmine Olsson sækir heilsuráðstefnu í Svíþjóð og gefur út sína þriðju bók:

## Kynnir Bollywood-dansa fyrir Svíum

Yesmine Olsson hefur í nægu að snúast þessa dagana. Hún heldur utan til Svíþjóðar í næstu viku þar sem hún tekur þátt í ráðstefnu tileinkaðri heilsu auk þess sem fyrsta matreiðslubók hennar hefur verið gefin út í Austurríki og Þýskalandi.

Von er á þriðju matreiðslubókinni frá Yesmine innan skamms og mun sú vera með svolítið öðruvísi sniði en fyrri bækurnar. Með bókinni fylgir mynddiskur sem sýnir hvernig best sé að matreiða hollan indverskan og arabískan mat heima hjá sér. Yesmine fer út í næstu viku og tekur fjölskyldu sína með sér í ferðina. „Ég á svo mikið af íslenskum vinum sem búa í Stokkhólmi þannig við ákváðum að fara saman öll fjölskyldan. Svo tek ég líka með mér tvo dansara og förðunarfræðing til að aðstoða mig á ráðstefnunni,“ segir hún.

Í Stokkhólmi mun Yesmine kynna Bollywood-dansana sem hún hefur verið að kenna í World Class. Af því tilefni birti sænskt heilsutímarit stórt fimm blaðsíðna viðtal við hana þar sem Yesmine segir frá þessari skemmtilegu líkamsrækt.

Yesmine stefnir á að gefa út þriðju matreiðslubókina sína í lok nóvember. Aðspurð segir hún sig aldrei hafa rennt grun í að bækurnar ættu eftir að ná slíkum vinsældum þegar hún hóf að rita þá fyrstu. „Nei, þetta var alls ekki planið og ég var búin að ákveða að snúa mér að öðru eftir fyrstu bókina. Þau verkefni hafa svo setið svolítið á hakanum. En þetta er búið að vera mikið og skemmtilegt ævintýri,“ segir hún að lokum. *- sm*



**Mikið ævintýri** Yesmine Olsson heldur út til Stokkhólms í næstu viku til að kynna Bollywood-dansa. Hún vinnur einnig að þriðju matreiðslubókinni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Glæsileg föt. Góð verð.



Verð 8,990
Stærð xs – l
Litir Svartur og Rauður



Verð 14,990
Stærð 8-16
Litir Blár og Grár



Verð 11,990
Stærð 8-16
Svört blúnda



Verð 11,990
Stærð 8-16

**Oasis Smáralind og Kringlunni**



Verð 11.995
Stærðir: 8-20



Verð 10.995
Stærðir: 8-20

**Dorothy Perkins**



Verð: 13.990
Stærðir: 6-16



Verð 12.990
Stærðir: 6-16

**Topshop**



Clutch taska með svört með gylltu,
Verð 3.995



Verð: kr. 10.995 / stærðir: 36-41



Verð: kr. 12.495 / stærðir 36-41

**Oasis Smáralind og Kringlunni**



Verð:  16.990
Stærðir: 37-40



Verð 16.990
Stærðir: 37-41

*Kynning*




# ÁSGEIR KOLBEINSSON, 35 ÁRA

***Umsjónarmaður sjónvarpsþáttarins Sjáðu á Stöð tvö, einn af eigendum skemmtistaðarins Austurs og sálfræðinemi í Háskóla Íslands***

**Ásgeir býr í flottri piparsveinaíbúð á Laugaveginum, eða í Stjörnuportinu þar sem Stjörnubíó var áður fyrr. Þar hefur hann búið í þrjú ár og kann vel við sig á þessum stað í miðbænum, segir hann vera í hæfilegri fjarlægð frá skarkala skemmtanalífsins. Hann hefur búið í mörgum hverfum í borginni um árin og því ekkert eitt sem á hug hans allan. Áður en hann flutti í miðbæinn bjó hann í Vesturbænum í Reykjavík og var einnig mjög ánægður á þeim slóðum.**



LIST „Málverkið er eftir frábæra listakonu sem heitir Gerður Sigurðardóttir. Æðisleg mynd og í réttu ljósi er hreinlega eins og sólsetrið lifni við í myndinni.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




GRILL „Ég er mikill grillari og á því að sjálfsögðu stórt og mikið gasgrill. Ég elska að grilla og ekki bara á sumrin. Grillið er í skjóli svo það er alveg verið að setja jafn mikið af steikum á það í janúar og í júlí.“



SÍMINN „IPhone 4. Ég er forfallinn iPhone-eigandi og er búinn að eiga alla þá síma sem komið hafa frá Apple. Gríðarlega öflugt tæki sem er í raun eins og lítil tölva, og því nota ég hann mikið.



BLANDARI „Það er nauðsynlegt að eiga góðan blandara. Ég geri mikið af boozt-drykkjum, með ávöxtum, skyri og söfum og því er þetta nauðsynleg græja.“



KAFFIVÉLIN „Ég drakk ekki kaffi fyrr en ég fékk að smakka það úr góðri kaffivél. Þess vegna varð ég auðvitað að eignast eina. Ég drekk samt voða lítið kaffi, enda er kaffi ekki alveg hollasti drykurinn sem völ er á.“



FJÖLSKYLDUMYNDIR „Myndir af mér og syni mínum Ívani Degi sem voru teknar hjá Gassa fyrir fjórum árum. Það þarf kannski ekki að koma mikið á óvart að þessi myndarammi sé í miklu uppáhaldi hjá mér.“



FARTÖLVA „Apple Macbook Pro. Þegar maður eignast einn hlut frá Apple þá líður ekki á löngu þar til þú færð þér eitthvað meira. Þessi fartölva er sú skemmtilegasta sem ég hef átt hingað til og nota ég hana mikið í leik og starfi.“



MÁLVERK „Þessi mynd eða klessa, er eftir stórvin minn Loga Bergmann. Hann gaf mér þessa mynd í afmælisgjöf fyrir fjórum árum og ég trúi því að þetta eigi eftir að verða mætasta eign mín í komandi framtíð.“



TÓNLISTIN „Stórkostleg græja frá GENEVA. Hátalari með alveg mögnuðum hljómi, geislaspilari, útvarp og iPod-spilari, allt í einu og sama boxinu. Þetta leysti mikið græjuvandamál á mínu heimili.“







BORÐTÖLVA „Apple iMac borðtölva. Þessi tölva er í miklu uppáhaldi, enda er þetta ekki bara gríðarlega öflug vél heldur líka mikið augnayndi.“

# *Falleg föt. Flott verð.*

## Hjá Hrafnhildi
Engjateig 5
105 Reykjavík
S: 581-2141



Kjóll með keðjum
Verð: 23.900
Stærð: 36-46



Kjóll með
blómum efst
Verð: 23.900
Stærð: 36-46

## Tuzzi
Kringlunni
S: 568-8777



Kjóll með bekk efst
Verð: 32.900
Stærð: 36-46

## Vera tískuverslun
Laugavegi 49
S: 552-2020



Svartur kjóll með doppum
Sandwich
Viscose og teygja.
Verð: 20.900
Stærð: S-XXL



Svartur kjóll
Olsen
Viscose og teygja
Verð: 20.900
Stærð: 36 – 46

## Stíll
Laugavegur 58,
101-Reykjavík,
sími: 551-4884,



Verð 22,990
Litur: Svartur
Stærð 36-46
mjög vinsæll, flott
snið og hlýlegur



Verð 31,990
Litur: silfraður, svartur
Stærð 36-44
Palliettukjóll fyrir
aðventuna og áramótin



Verð 18,990
Litur: antik bleikur,
svartur, grár, brúnn
Stærð: 36-46
Hér fara saman
gæði og gott verð

## Soho Market
Grensásvegi 16 (inni í porti)
S: 553 7300



Kjóll með skrauti á
bringunni
Verð: 9.450
Stærð: S-M-L



Kjóll
Verð: 7.990
Stærð: S-M-L
Hálsmen
Verð: 1.990



Grár prjónakjóll
Verð: 14.990
Stærð: S-M-L



Kjóll með blúnduermum
Verð: 6.990
Stærð: S-M-L

*Kynning*



## HELGARRÁÐIN

**Jóna Björg Sætran, Feng Shui ráðgjafi hjá www. fengshui.is**



1 Taktu til í og við anddyrið á heimilinu. Orkuflæðið þarf að komast inn í íbúðina. Útiskóna inn í skáp og laus herðatré í fatahengið.



2 Loftaðu vel út og hleyptu fersku lofti inn. Spilaðu „ljúfa“ tónlist.

3 Fjarlægðu „óþarfa hluti“ eða settu þá í kassa og fallegan dúk yfir.



4 Taktu vel til í svefnherberginu og í stofunni. Búðu um rúm og hreyfðu til húsgögn.



5 Kveiktu á daufum ljósum eða saltsteinslömpum. Settu fersk blóm eða ávexti á stofuborðið.




Panasonic ideas for life

EISA AWARD Best Product 2010-2011 MULTIMEDIA CAMERA Panasonic Lumix DMC-G2

SANDISK 8GB ULTRA II SD KORT FYLGIR

New-Generation System Cameras

LUMIX G MICRO SYSTEM

**Panasonic DMCG2**
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta uppl., Venus Engine HDII, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsa, Live MOS myndflaga,HD hreyfimyndataka AVCHD Lite, Intelligent Resolution, Advanced iA, Auto Focus Tracking, 3" hreyfanlegur snertiskjár, Live View, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnemi með Dolby Digital Creator, allt að 380 mynda hleðslurafhlaða, mini HDMI og USB 2.0.

TILBOÐ 139.990
FULLT VERÐ kr. 149.990



EISA AWARD Best Product 2010-2011 TRAVEL COMPACT CAMERA Panasonic Lumix DMC-TZ10

SANDISK 8GB ULTRA II SD KORT FYLGIR

HÖGG-, VATNS- OG FROSTHELD

OLYMPUS

**Olympus MJUTOUGH3000**
Högg-, vatns- og frostheld MYNDAVÉL með 12 milljóna punkta upplausn, 1/2.33 " CCD myndflögu, 2.7" HyperCrystal LCD skjá, 3.6x Optical Zoom, hristivörn, andlitsþekkjara, HD hreyfimyndatöku, 5.0 - 18.2 mm linsu, 20 myndformum, Auto ISO 50-1600, sv/hv myndum, hleðslurafhlöðu, Magic Filters (myndstíll). Tekur SD/SDHC kort. Fæst í 3 litum.

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

OLYMPUS

**Olympus SP600UZ**
Stafræn MYNDAVÉL með 12 milljón punkta uppl., 1/2.33 " CCD upptökuflögu, 15x Optical og 75x Digital Zoom linsu, hágæða hristivörn, 2,7" TFT LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 1GB minni, USB 2.0, HDMI Type D, kortarauf ofl.

VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

**Panasonic DMCTZ10**
Stafræn MYNDAVÉL með 12.1milljón punkta uppl., LEICA DC Vario Elamrit linsu, 12x Optical og 4x Digital Zoom linsu með MEGA O.I.S. hristivörn, Advanced iA, Intelligent Resolution (I.R), Auto Focus Tracking, 3" LCD skjá, HD hreyfimyndataka AVCHD Lite, GPS staðsetningu ofl. Allt að 300 mynda hleðslurafhlaða.

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 89.990

Panasonic LUMIX G MICRO SYSTEM

**Panasonic DMCG10**
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta uppl., Venus Engine HDII, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsa, Live MOS myndflaga, HD hreyfimyndataka AVCHD Lite, Intelligent Resolution, Advanced iA, Auto Focus Tracking 3" skjár, Live View, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnemi með Dolby Digital Creator, allt að 400 mynda hleðslurafhlaða, mini HDMI og USB 2.0.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

MYNDAVÉLAR FRÁ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

föstudagur
Fylgstu með

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

# HEIMILIÐ

## Antík

Antikklukkur og viðgerðir sérhæf viðgerðarþjónusta á gömlum klukkum og úrum Guðmundur Hermannsson úrsmíðameistari ur@ur.is S. 5547770 - 6918327

## Heimilið

Kompudagur í Félagsheimili sjálfsbjargar að Hátúni 12 (sunnanmegin) laugard. 6. nóv. kl. 13 til 16. Allt mögulegt til sölu, frá handavinnu til handklæða; gerið góð kaup! Flóamarkaðsstemning

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**

**Dekurdýr**
Dekurdýr dýrasnyrtistofa Kópavogi Dalvegi kynnir: Hinn frábæri Hugo Quevedo hundasnyrtir og sýnandi verður með byrjendanámskeið í sýningasnyrtingu hunda 16. og 17. nóv. næstkomandi, framhaldsnámskeið 18. nóv. Takmarkaður fjöldi. Hugo mun starfa á dekurdýrum alla vikuna svo hægt er að panta hjá honum snyrtingu fyrir alþjóðlega hundasýningu HRFÍ. Skráning hjá Dekurdýrum í síma 554-4242

## Tilkynningar

**Lífspekifélagið**
Í kvöld, föstudaginn 5. nóvember kl. 20:30 heldur Gylfi Aðalsteinsson erindi sem hann nefnir: Lífspeki og ritningar í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 6. nóvember kl. 14:00 er hugleiðing.
Kl. 14:30: Farið yfir fræðsluefni Sigvalda.
Kl. 15:00: Opið hús og
Kl. 15:30: les Eyþór Árnason úr verðlaunaljóðabók sinni Hundgá úr annarri sveit.
Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.lifspekifelagid.is

**Fatamarkaður**
Fatamarkaður í guðríðarkirkju, Laug og Sunn næstkomandi Frá 11-17. Erum að selja notuð í öllum stærðum. Pelsa,jakkaföt,kápur og allskyns föt. Uppl í síma : 663 7143.

**Jólagjafa-handverksmarkaður**
Verður í Svarta Pakkhúsinu Hafnargötu 2a. Reykjanesbæ 6. nóvember frá kl. 13-17. 10% afsláttur verður veittur af vörum og við fáum til okkar listamenn héðan af suðurnesjum sem bjóða verkin sín til sölu. Heitt kaffi á könnunni og piparkökur verða í boði hússins. Þeir sem versla við okkur í nóvember geta skráð sig í lukkupott þar sem þrír heppnir vinningshafar verða dregnir út 4. desember.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Hæ strákar hringið í okkur. Opið þegar ykkur langar.**

Í öllum heiðarleika vil ég kynnast afar fallegri, góðri og sjálfstæðri manneskju sem framtíðar vin og ferðafélaga. Á aldrinum 38-49 ára. Þær sem hafa áhuga sendi á smaar@frett.is

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Falleg, björt 3ja herb. efri sérh. í vbæ Kópav. Allt sér. Laus. Leigist m. smá húsbúnaði.V: 120, utan. rafm/hita. Reglus. skilyrði. S. 6963349.

Húsnæði til leigu fyrir léttiðnað t.d saumastofu,klæðskera iðnað. í 101 Rvk. Uppl. í s. 820 4947.

Stúdíó - 111. Sér inngangur, sér lóð. S. 866 4754 & 557 5058.

**Íbúð í 105**
3 herb. íbúð til leigu ca. 70 fm. 125 þús. á mánuði. Uppl. í síma 551 8331 og 699 2816.

2 herbergi til leigu í íbúð á besta stað í miðbænum. Frekari upplýsingar í síma 860 1302.

## Húsnæði óskast

Reglusamur hjúkrunarfr. / einstæð móðir leitar að 2-3 herb. íb. í rvk skilvísum greiðslum heitið greiðslugeta 120þ. á mán uppl: 693 6514.

## Húsnæði til sölu

Lítil vélsmiðja í fullum rekstri og góðu eiginhúsnæði. Til greina kemur að selja reksturinn og/eða húsnæðið sér. Upplýsingar í síma 564 3870.

## Atvinnuhúsnæði

**Verslunar/skrifstofuhúsnæði til leigu**
Um 90fm verslunar/skrifstofuhúsnæði við Kleppsmýrarveg. Gott verð. Nánari uppl. í s. 581 4000 eða olafur@solarraesting.is

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**
**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**
**Upplýsingar 897 1731**
**klettar@heimsnet.is**

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

25-50fm geymslu/hljómsv rými til leigu í Ármúla, leiga.armuli@gmail.com/694 3113.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH! Upphitað, gott verð!! Uppl, í síma 770 5144.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr á höfuðborgarsvæðinu. sími : 847 1430.

## Gisting

Gistihúsið Himnasalir Egilsá Norður Árdal - Skagafirði. Frábær Gisting fyrir rjúpnaskyttur. Uppl í s. 892 1852

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Kol ehf

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! 18 ára lágmarksaldur. Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

Starfskraftur óskast í sérverslun í 111 sem fyrst. Vinnutími frá 12-18. Sendið upplýsingar á fossa@mi.is

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið í Nóv-Jan. Uppl. í s. 821 0881.

Leið(ur) á að vera undirmaður. Vertu þinn eigin herra, stjórnaðu þínum vinnutíma. Miklir tekjumöguleikar. Uppl: 773 6099.



## Tilkynningar



# AKUREYRARBÆR

## Skipulagsmál.

### Auglýsing um skipulagsmál við Vestursíðu, Akureyri

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með aðalskipulagsbreytingu og samhliða nýtt deiliskipulag:

### Þjónustustofnun við Vestursíðu - Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018.

Í tillögunni er skilgreint 1,8 ha svæði fyrir þjónustustofnanir við Vestursíðu. Einnig er skilgreint 2 ha svæði með blandaðri landnotkun fyrir íbúðabyggð og þjónustustofnanir vestan Síðuskóla. Opið svæði minnkar og verður 0,4 ha.

### Hjúkrunarheimili við Vestursíðu - Nýtt deiliskipulag

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir hjúkrunarheimili við Vestursíðu.

Skipulagssvæðið afmarkast að vestan af gangstétt vestan Vestursíðu, í norðri af göngustíg frá Vestursíðu að Síðuskóla, í austri af lóðarmörkum við Keilusíðu og í suðri af opnu svæði. Tillagan gerir ráð fyrir 16.340 m2 lóð fyrir hjúkrunarheimili á einni hæð.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 5. nóvember til 17. desember 2010, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir: Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16:00 föstudaginn 17. desember 2010 og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan þessa frests telst vera þeim samþykkur.

5. nóvember 2010
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001




# Heilsutengd ferðaþjónusta

## Hvatningarverðlaun iðnaðarráðherra

Til að tryggja áframhaldandi þróun á sviði heilsuferðaþjónustu á Íslandi hefur iðnaðarráðherra ákveðið að veita tvenn verðlaun til fyrirtækja sem skara fram úr á þessu sviði.

**Hvor verðlaun eru að upphæð ein milljón króna og verða verðlaunin veitt í desember nk.**

Verðlaunin verða veitt fyrir áhugverða heilsuferðapakka fyrir erlenda ferðamenn.

**Hverjir geta tekið þátt:**
Öllum sem bjóða upp á heilsuferðaþjónustu er frjálst að taka þátt að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma á umsóknareyðublaðinu.

Umsóknum skal skilað til Ferðamálastofu eigi síðar en 3. desember nk. á sérstöku umsóknareyðublaði á www.ferdamalastofa.is.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Hlín Sigurðardóttir, sigrun@icetourist.is, s. 535 5500.

*Heilsuferðaþjónusta er ferðaþjónusta sem felur í sér að ferðamaðurinn geti notið sem aðalþáttar og hvata ferðar eftirfarandi heilsuþátta: Vatns og vellíðunar, líkamsræktar, íþrótta og hreyfingar, mataræðis, endurhæfingar og heilsubætandi meðferða, hátæknilækninga.*

ÍSLAND OF HEALTH

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ


## Tilkynningar

# Norræna félagið í Reykjavík.

Norræna félagið í Reykjavík boðar til aðalfundar **þriðjudaginn 9. nóvember 2010 kl. 17:00** í húsakynnum Norræna félagsins við Óðinstorg.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að neðangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Norðausturvegur, breytt lega og ný tenging við þéttbýlið á Vopnafirði.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 6. desember 2010.

Skipulagsstofnun

## Atvinna

# HÁRGREIÐSLA

Óskum eftir fagfólki til starfa
Stólaleiga kemur til greina frábær staðsetning
**Klipparinn í Laugum**
Uppl. Síma 899 5130 Björgvin





512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


## Atvinna




... öfluga grafíska hönnuði til starfa í líflegu umhverfi. Þeir þurfa að geta unnið sjálfstætt og einnig tekið þátt í hópastarfi innan stofnunar.

Umsóknir ásamt ferilskrá og sýnishornum af verkum skal senda á umsokn@pipar-tbwa.is **fyrir 19. nóvember nk**. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

**Grafískur hönnuður með áherslu á margmiðlun**

\ Próf í grafískri hönnun
\ Víðtæk þekking á margmiðlunarforritum
\ A.m.k. þriggja ára starfsreynsla
\ Hugmyndaauðgi
\ Gott skap

**Grafískur hönnuður**

\ Próf í grafískri hönnun
\ A.m.k. þriggja ára starfsreynsla
\ Hugmyndaauðgi
\ Gott skap

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA – Tryggvagötu 17 – 101 Reykjavík – Sími 510 9000 – www.pipar-tbwa.is

# STÓRVIRKI
## Í ÍSLENSKRI NÁTTÚRUFRÆÐI

Sveppabók Helga Hallgrímssonar er nú loks komin út. Glæsilegt rit sem fjallar um allt sem viðkemur íslenskum sveppum. Brautryðjandaverk sem verið hefur í smíðum í 20 ár.












Útgáfuhátíð verður í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30, í dag kl. 17-19. Allir sveppaáhugamenn og aðrir náttúruunnendur velkomnir. Boðið er upp á léttar veitingar.

Styrktu fjölskylduna með góðu aðgengi að bókum

**GERÐU LESTUR AÐ LÍFSSTÍL**



- Eðli og gerð sveppa og hlutverk þeirra í lífkerfi jarðar.
- Saga svepparannsókna, sérstaklega á Íslandi.
- Matsveppir, eitursveppir og nýting myglusveppa.
- Fjallað er um alla flokka sveppa sem þekkjast á Íslandi.
- Um 700 tegundum er lýst, en alls er getið yfir 1000 tegunda.
- Um 800 myndir, þar af litmyndir af um 540 tegundum.
- Ítarleg umfjöllun um alla íslenska matsveppi.

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
skrudda@skrudda.is – www.skrudda.is

Bókatíðindi koma út 15. nóvember.

AF NETINU

## Ég ætla að vera hér áfram



Það er ábyggilega líka fallegt í Noregi hugsaði ég þegar ég fann að þjóðerniskenndin var að ná tökum á mér. Ég finn samt að ég er ekki á förum strax þó að heimiliskennsla í norsku hafi verið efld. Ég ætla að vera hér áfram og styðja ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur sem hleypur ekki eftir lýðskrumi þeirra sem settu hér allt á hausinn og ættu að skammast sín. Og ég bind enn vonir við það að mannréttindafólkið í VG sjái ljósið og láti af þessari heimóttarlegu afstöðu sinni gegn ESB. Við þurfum að vera fullgild í hópi Evrópuþjóða. Afkomendur okkar munu ekki líða það að búa ekki við sömu leikreglur og tíðkast með öðrum.

blog.eyjan.is/baldurkr

**Baldur Kristjánsson**

# Hvenær þjóðstjórn?

Stjórnmál



**Guðni Th. Jóhannesson**
sagnfræðingur við ReykjavíkurAkademíuna

Er þjóðstjórn eina leiðin út úr þeim ógöngum sem við Íslendingar erum nú fastir í? Hvað segir sagan? Og hvað er þjóðstjórn? Ríkisstjórn með því nafni hefur einu sinni setið á Íslandi. Vorið 1939 var Framsóknarflokkurinn einn í ríkisstjórn, undir forsæti Hermanns Jónassonar (föður Steingríms Hermannssonar og afa Guðmundar Steingrímssonar, þingmanns Framsóknarflokksins). Viðsjár voru í Evrópu og efnahagskreppa á Íslandi. Sátt varð um að Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur settust saman í ríkisstjórn. Hermann Jónasson var áfram forsætisráðherra og þeir sem að stjórninni stóðu kölluðu hana þjóðstjórn þótt einn flokkur til viðbótar, Sósíalistaflokkurinn, ætti fulltrúa á Alþingi. Þeir voru hins vegar aðeins þrír og voru Moskvuhollir kommúnistar. Ráðamönnum hinna flokkanna fannst þeir ekki tækir í stjórn og sögðu sjálfsagt að kalla hina nýja ríkisstjórn „þjóðstjórn“ þótt þingheimur styddi hana ekki allur.

Þjóðstjórnin svonefnda sat til ársins 1942 en féll út af ágreiningi um varnir við „dýrtíðinni“ – orði þess tíma yfir verðbólgu. Hún var þá farin að geisa og hefur verið bölvaldur á Íslandi æ síðan, með litlum hléum.

Ekki var aftur rætt í alvöru um þjóðstjórn eða stjórn allra flokka á þingi fyrr en í kreppunni undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar, í kjölfar síldarbrests og verðfalls á sjávarafurðum. Sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn sátu þá í stjórn undir forsæti Bjarna Benediktssonar (afabróður og alnafna núverandi formanns Sjálfstæðisflokksins). Rætt var um að stjórnarandstöðuflokkarnir, Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag (arftaki Sósíalistaflokksins), kæmu einnig að stjórn landsmálanna en ekkert varð úr. Trúnaðartraust vantaði og líklega var kreppan ekki nógu illvíg, þrátt fyrir allt.

Áratugur leið en þá kom þjóðstjórn allra flokka á ný til tals. Eftir þingkosningar sumarið 1978 og veturinn 1979 gekk illa að mynda ríkisstjórn. Verðbólga geisaði sem aldrei fyrr og hugmyndum um þjóðstjórn var varpað fram, ekki síst á síðum Morgunblaðsins og með velþóknun Geirs Hallgrímssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins. Framámenn hinna flokkanna höfðu litla trú á umleitunum Geirs og aftur fór svo að þjóðstjórn var ekki mynduð. Líkt og fyrri daginn þótti neyðin ekki nógu mikil og aðrir kostir voru í boði.

> Óðara eftir hrun bankanna í október 2008 heyrðist því fleygt að allir á þingi yrðu að taka höndum saman.

Nú liðu nær 30 ár uns hugmyndin um þjóðstjórn vaknaði á ný. Óðara eftir hrun bankanna í október 2008 heyrðist því fleygt að allir á þingi yrðu að taka höndum saman. Þetta sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri og þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Fleiri tóku í sama streng. Enn varð raunin sú að þessi leið var ekki valin. Mestu réð að ríkisstjórn þess tíma, með Geir H. Haarde forsætisráðherra í broddi fylkingar, taldi sig geta ráðið við vandann.

Það reyndist rangt. Stjórnin hrökklaðist frá völdum eftir einstæð mótmæli við Alþingi og Stjórnarráð. Hún var klofin, rúin trausti og allt of veik til að halda sínu striki. Eftir kosningar í fyrra tók núverandi stjórn við völdum og enn heyrast þær raddir að þjóðstjórn verði að mynda. Efnahagsvandinn sé það mikill og ríkisstjórnina skorti trúverðugleika og traust. Sagan sýnir að þjóðstjórn hefur aðeins einu sinni setið að völdum og þarf þá að hafa þann fyrirvara að hún naut ekki stuðnings alls þingsins. Forsendur þess að þjóðstjórn var mynduð árið 1939 voru tvær; ógnvekjandi efnahagsvandi og stríð sem vofði yfir. Sú seinni skipti jafnvel sköpum því um þá vá var unnt að sameinast. Sundurlyndisfjandinn hlaut að víkja.

Í þessu samhengi mætti einnig nefna að vorið 1940, þegar styrjöld var skollin á, var þjóðstjórn mynduð í Bretlandi. Það gekk þó ekki þrautalaust. Neville Chamberlain forsætisráðherra vildi sitja áfram. Hann var velmeinandi en hafði glatað allri tiltrú. Í umræðum í neðri deild þingsins sveigðu eigin flokksmenn að honum og vitnuðu í þekkta menn úr sögunni. „Bestu ráðin eru þau djörfustu,“ sagði einn þeirra, aðmíráll sem var búinn að fá nóg af varkárni, hiki, fumi og fálmi, og hafði þar eftir kjörorð Nelsons flotaforingja. Og annar rifjaði upp fræg orð uppreisnarmannsins Olivers Cromwells þegar hann leysti upp breska þingið árið 1653 og tók sér alræðisvald: „Þið hafið setið hér of lengi án þess að gera nokkurt gagn. Hverfið á braut, segi ég, og komið ekki aftur. Í Guðs nafni, farið frá!“

Chamberlain sá sæng sína upp reidda. Þjóðstjórn var mynduð, undir forystu Winstons Churchills. Auðvitað er óravegur milli Bretlands árið 1940 og Íslands 70 árum síðar. Stríð geisar ekki og fátt virðist geta sameinað Íslendinga. Hitt gæti þó virst svipað að djarfra og einstæðra ákvarðana sé þörf. En hver á að gera hvað og hvenær?

Það er vandinn.

# Trúboð úr skólum

Mannréttindi



**Reynir Harðarson**
formaður Vantrúar

Í skólum fer fram fræðsla um mismunandi lífsskoðanir og trúarbrögð en þar er ekki stunduð boðun trúar. Í engum tilfellum er skólastarfi og starfi trúar- og lífsskoðunarhópa blandað saman,“ segir í stefnumótun Menntasviðs Reykjavíkur frá árinu 2008. Þar segir jafnframt að börnum skuli ekki „mismunað vegna trúar eða lífsskoðunar þeirra eða foreldra þeirra. Forðast skal aðstæður þar sem börn eru tekin út úr hópnum eða skylduð til að taka þátt í atburðum sem ekki samræmast trúar- eða lífsskoðunum þeirra.“

Þetta er greinilega flóknara en margir prestar geta skilið eða ósanngjarnt að þeirra mati. Þessi stefna miðast samt sem áður við landslög, ákvæði mannréttindasáttmála og dómafordæmi fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Þessi sjálfsögðu viðmið vildi Mannréttindaráð Reykjavíkur tryggja í framkvæmd en það vill Þjóðkirkjan greinilega koma í veg fyrir. Af hverju?

„Boðun er hið eiginlega eðli kirkjunnar. Boðun er ekki valkostur kirkjunnar. Boðun er grundvöllur veru hennar,“ segir kirkjan sjálf. Um það segir Karl Sigurbjörnsson biskup: „Kirkjan er send með boðskap. Það er hlutverk hennar og verkefni hennar öll eru með einum eða öðrum hætti liður í þeirri sendiför.“ Samt reynir fræðslufulltrúi Biskupsstofu ítrekað að halda því fram að engin boðun felist í aðkomu presta að skólum. En það verður ekki bæði haldið og sleppt.

Séra Örn Bárður Jónsson viðurkennir hins vegar hlutverk sitt sem trúboði en til að afsaka það vill hann klína trúboði á alla aðra líka. Í blaðagrein í Fréttablaðinu 29. október minnir hann á að auðvitað eigi að fræða börn um kristna trú og önnur trúarbrögð í skólum. En um það standa engar deilur. Sjálfsagt er að kennsla miðist meira við kristna trú en Shintotrú o.s.frv. En Örn Bárður sér ekkert að því að Gídeon-menn mæti í tíma hjá 10 ára börnum, gefi þeim Nýja-testamentið og leiði þau í bæn. Markmið Gídeon-manna er að „ávinna menn og konur fyrir Drottinn Jesú Krist. Dreifing Heilagrar ritningar og einstakra hluta hennar er aðferð til að ná því marki“. Þarna er því um að ræða blygðunarlaust trúboð, blöndun skólastarfs og trúarhóps.

> Hvernig stendur á því að helsti Þrándur í Götu mannréttinda og jafnréttis hér á landi er ríkisrekið trúfélag?

Séranum finnst þessi staða bara allt í lagi af því að meirihluti barna kemur frá kristnum heimilum, óhreinu börnin má bara fjarlægja rétt á meðan. Svo segir presturinn: „Börnin þín þurfa ekki að verða fyrir neinni mismunun í skóla þótt skólasystkini þeirra fari í kirkjuheimsókn á aðventunni.“ „Það er ekki mismunun í mínum augum.“ Hvað væri þá mismunun í augum prestsins? Ef börn eru leidd til messu á vegum skólans er skólinn að fara út fyrir hlutverk sitt og grípa inn í trúarlegt uppeldi foreldranna. Það er hins vegar ekkert að því að skólabörn fari með kennara í kirkju til að skoða húsið og munina eins og þau fara á Þjóðminjasafnið eða Náttúrugripasafnið. Æskilegt væri að börn gætu kynnst sem flestum trúarbrögðum og samkunduhúsum sér til fróðleiks. En þar á ekki að fara fram iðkun trúar (eins og í messu) eða innræting (eins og í messu). Messa er annað en heimsókn. Þetta er ekki flókið.

Örn Bárður sakar Mannréttindaráð um að vilja miðstýra skólum í þessum málum en hann sér væntanlega ekkert athugavert við þá miðstýringu ríkisvaldsins í trúmálum að halda úti einu trúfélagi og kosta til þess fimm þúsund milljónum árlega. Og varla er neitt athugavert við að ríkið haldi skrá um trúfélagaaðild borgaranna, skrái börn þeirra meira að segja við fæðingu í trúfélag móður. Það hlýtur að teljast afar undarleg tilhögun og þótt það brjóti í bága við jafnréttislög að mati Jafnréttisstofu bólar ekkert á leiðréttingu.

Hvernig stendur á því að helsti Þrándur í Götu mannréttinda og jafnréttis hér á landi er ríkisrekið trúfélag? Eitt er að verja forréttindi sín en annað að úthrópa jafnréttissinna í sömu andrá sem siðleysingja og ógn við menningu og sögu þjóðarinnar. Við könnumst við það herbragð gegn réttindum samkynhneigðra en ég er hissa á kirkjunnar mönnum að leggja enn einu sinni til atlögu gegn sjálfsögðum mannréttindum einmitt þegar trúverðugleiki þeirra er eflaust í sögulegu lágmarki.

Boðskort

Útgáfuhóf vegna

*Sigurðar sögu fóts*

verður haldið í **Mál og menningu** við Laugaveg föstudagskvöldið **5. nóvember kl. 20.00.**






Höfundur les úr verki sínu

Megas og Karítur Íslands troða upp undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar



Gestir og gangandi gamna sér

***Sigurðar saga fóts*** er önnur skáldsaga Bjarna Harðarsonar en bók hans ***Svo skal dansa*** fékk afar góða dóma.

Sigurðar saga fóts er nútímaleg riddarasaga, ort undir hröðum takti meistara Megasar. Texti skáldsins um Basil fursta leiðir sögupersónuna frá uppvexti í Breiðholti inn í einstakt og alþjóðlegt viðskiptaveldi. Við sögu koma óborganlegar persónur eins og framsóknarklerkurinn Brynjólfur, glæpakvendið Stella, Fiddarnir dularfullu, rússinn Kex Wragadjip og Litla Hraunsmaðurinn Jamil Neru, svo fáeinir séu nefndir. Sjálfur veit Sigurður fótur sér alla vegi færa og að sérhver þeirra liggur fram af bjargbrúninni. Í sögulok hittir landflótta viðskiptajöfur hetjur bernskunnar fyrir í afdal langt handan við hinn þekkta heim.

Sæmundur

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Nýtt frá Myllunni

# Kauptu betri mjúka íslenska kanilsnúða frá Myllunni




*Mundu eftir íslenska pokanum*

**25% meira í dag**

ÍSLENSKT já takk!

- **Mjúkir og góðir**
- 6% trefjar
- **Engar transfitusýrur**
- Hentugar umbúðir
- **Spörum gjaldeyri**
- Smakkaðu íslenska kanilsnúða
- **Veljum íslenskt**

**25% MEIRA MAGN SAMA VERÐ**

ÍSLENSKT já takk!



*Smakkaðu mjúka íslenska kanilsnúða frá Myllunni*

Íslenskir framleiðendur búa að því að geta brugðist skjótt við á erfiðum tímum. Nú er áríðandi að við stöndum saman og stöndum vörð um íslenska framleiðslu og atvinnu í landinu.

Leggðu þitt af mörkum. Kauptu mjúka og bragðgóða kanilsnúða frá Myllunni. Þeir eru hágæða íslensk framleiðsla og fást nú á betra verði.

## Myllan á netinu

Kíktu á vefsíðuna okkar www.myllan.is. Þar eru upplýsingar um vörurnar okkar. Þar má líka finna heilsustefnuna okkar auk fróðleiks, greina og uppskrifta. Einnig má finna þar greinagóðar upplýsingar um orku- og næringarefni. Myllan er líka á Facebook - vertu vinur okkar!

www.myllan.is

ÍSLENSKT já takk!



MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# tímamót

timamot@frettabladid.is



67 **ÞORGERÐUR INGÓLFSDÓTTIR** kórstjóri er 67 ára

*„Söngferðalögin eru sérstök og ólík öðrum ferðalögum að því leyti að þú ert ekki einungis búinn að safna fyrir þeim veraldlega heldur einnig andlega.“*

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug í veikindum og andláti okkar ástkæra bróður og frænda,*

**Jónasar M. Bjarnasonar**

Skeiðarvogi 1.

**Bjarni S. Bjarnason**
**Páll Ragnar Haraldsson**
**Jóhann Óskar Haraldsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**Lilja Hafdís Guðjónsdóttir** **Pálmi Hamilton Lord**
**Auður Sigurðardóttir** **Þorgrímur Guðmundsson**
**og fjölskyldur okkar**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Hekla Árnadóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 12. nóvember kl. 13.00.

**Geir Guðmundsson**
**Margrét Geirsdóttir** **Gestur Jónsson**
**Árni Jón Geirsson** **Sigríður Þ. Valtýsdóttir**
**Guðrún Geirsdóttir** **Jón Friðrik Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir minn, sonur okkar, bróðir og mágur,*

**Jón Sigurgeir Sigurþórsson**

véltæknifræðingur til heimilis að Álftamýri 8, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans 30 okt. sl. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 9. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Fyrir okkar hönd og annarra vandamanna,**
**Sigurþór Jónsson**
**Sigurþór Jónsson** **Sigurborg V. Jónsdóttir**
**Garðar Sigurþórsson**
**Sigrún Sigurþórsdóttir** **Reynir Guðmundsson**
**Sigurþór Sigurþórsson**

---



*Hjartkær eiginmaður minn,*

**Tryggvi Georgsson**

múrarameistari,
Hamragerði 13, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri aðfaranótt 2. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 12. nóvember kl. 13.30.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Bergljót Pálsdóttir.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---

HIÐ NÝJA KVENFÉLAG SILFUR: HELDUR FYRSTA GALAKVÖLDVERÐ SINN

# Viljum láta gott af okkur leiða




**STJÓRN SILFURS** Jóhanna Ella Jónsdóttir, Inga Birna Kjartansdóttir, Katrín Stefánsdóttir og Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tískusýning íslenskra hönnuða, Bollywood-sýning, ráðleggingar stílista, upplestur og happdrætti. Allt verður þetta til skemmtunar á fyrsta galakvöldverði kvenfélagsins Silfurs, sem haldinn verður í fundarsal Hallveigarstaða annað kvöld. Elsa María Jakobsdóttir verður kynnir kvöldsins og Unnur Arngrímsdóttir leggur gestum lífsreglur í sambandi við framkomu. Aðgangur kostar 6.500 krónur og innifalið í því verði er matur og drykkur. Afraksturinn rennur til Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna. „Þetta er góðgerðarkvöldverður þar sem allir borga sig inn og við leggjum mikinn metnað í að hann heppnist sem best,“ segir Ingibjörg Rafnar, ein fjögurra stúlkna í stjórn kvenfélagsins Silfurs. Hún upplýsir að nokkrir miðar séu enn eftir á galakvöldverðinn sem er fyrsti viðburðurinn á vegum félagsins að hennar sögn.

„Við erum í raun að hefja starfsemi Silfurs,“ segir Ingibjörg og lýsir tildrögum að félagsstofnuninni nánar. „Við vorum nokkrar stelpur sem hittumst um jólaleytið 2008. Okkur langaði allar að láta gott af okkur leiða og þá einkum að efla tengslanet kvenna og styðja við málefni sem snúa að konum og börnum. Byrjuðum á að viðra hugmyndirnar við vinkonur okkar og úr varð kvenfélagið Silfur með 30 virkum félagskonum úr öllum áttum sem vonandi á eftir að fjölga. Starfið verður blanda af skemmtun og fjáröflun til góðra mála og stefnan er sú að styrkja eitt til tvö málefni hverju sinni.“

En af hverju að stofna nýtt kvenfélag í stað þess að ganga til liðs við eitthvert þeirra sem fyrir eru? „Við berum mikla virðingu fyrir öðrum kvenfélögum og þeim konum sem hafa rutt brautina. En í Silfri höfum við áhuga á að móta starfsemina eftir okkar höfði. Hver sem er getur kynnt sér hana á fésbókinni og mætt á næsta fund,“ segir Ingibjörg. Í þessum mánuði segir hún fyrirhugaða umræðu um stjórnlagaþingið en næsti fundur þar á eftir gæti snúist um haustliti í förðun og tísku. „Það veltur allt á félagsmönnum um hvað fundirnir fjalla. Við höfum allar eitthvað fram að færa og þátttakan er lýðræðisleg,“ tekur hún fram. Kvenfélagið Silfur gekk nýlega í Bandalag kvenna í Reykjavík og er því einn af hlekkjunum í Kvenfélagasambandi Íslands, þar sem Ingibjörg segir þeim Silfurskonum hafa verið sérlega vel tekið. „Það er afl í ungum konum og þegar þær koma margar saman eykst slagkrafturinn. Við höfum hug á að nýta hann til góðs.“

gun@frettabladid.is

---



*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir og amma,*

**Þuríður Valgerður Björnsdóttir**

Hjallaseli 55,

andaðist mánudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram þriðjudaginn 9. nóvember kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

**Alda H. Grímólfsdóttir** **Valdimar Guðlaugsson**
**Andrés H. Grímólfsson**
**Guðrún Grímólfsdóttir** **Jón Steinar Snorrason**
**Eiríkur Steinþórsson**
**Hjördís Björg Andrésdóttir** **Sverrir Ö. Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðborg Siggeirsdóttir**

Kirkjulundi 8 (áður Álfhólsvegi 28a),

verður jarðsungin frá Vídalínskirkju mánudaginn 8. nóvember kl. 13.00.

**Rannver Stefán Sveinsson**
**Sigurjón Sveinn Rannversson** **Fjóla Finnsdóttir**
**Guðrún Magnea Rannversdóttir** **Snorri Snorrason**
**Katla Björk Rannversdóttir** **Kristján Albert Eiríksson**
**Birna Mjöll Rannversdóttir** **Arnfinnur Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir og mágur,*

**Gísli Hauksson**

Hólmvaði 2, Reykjavík,

lést föstudaginn 29. október. Útför hans fer fram frá Breiðholtskirkju mánudaginn 8. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning Krýsuvíkur samtakanna. 0313-26-004896 Kt: 610486-1699.

**Karen S. Kristjánsdóttir**
**Unnur Gísladóttir** **Einar Ómarsson**
**Anna Kristín Gísladóttir**
**Unnur Gísladóttir** **Haukur Berg Bergvinsson**
**Halldór Hauksson** **Sumarlína Pétursdóttir**
**Bergrós Hauksdóttir**
**Kristjana Berg Hauksdóttir**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og bróður,*

**Rúnars I. Sigfússonar**

verkfræðings, Freyjugötu 35, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 11B, deildar 11E og líknardeildar Landspítalans fyrir góða umönnun.

**Björg Østrup Hauksdóttir**
**Einar Þorbjörn Rúnarsson** **Eva Arnarsdóttir**
**Marta Margrét Rúnarsdóttir** **Daníel Pálmason**
**Sigrún Birna Rúnarsdóttir** **Helena Katrín Einarsdóttir**
**Baldur F. Sigfússon og fjölskylda**
**Sigmundur Sigfússon og fjölskylda**

**„HÉR KVEÐUR VIÐ NÝJAN TÓN“**
Úlfhildur Dagsdóttir um Falska nótu á bokmenntir.is




★★★★
Heiðrún Sveinsdóttir, bóksali í Eymundsson Austurstræti

Fullt verð: ~~5.690~~
Tilboðsverð: 3.980
Gildir til 15. nóvember 2010



# Bókin sem þýsku forlögin bitumst um

## Blóðugir glæpir á Siglufirði!

*„Skemmtileg og vel skrifuð, jarðbundin en um leið spennandi. Áhugaverðir karakterar. Bíð spennt eftir næstu bók.“*
***Ásdís Halla Bragadóttir***

Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og hálfnakin í snjónum, nær dauða en lífi, aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt og gleymdir glæpir fortíðar koma upp á yfirborðið í myrkri, kulda og endalausum snjó. Spennandi glæpasaga sem heldur lesandanum í spennu og óvissu fram á síðustu blaðsíðu! Þýska risaforlagið Fischer hefur nú þegar tryggt sér útgáfuréttinn á Snjóblindu.

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** úr hófi, **8.** merki, **9.** kirna, **11.** skst., **12.** bragðbætir, **14.** hreinsa, **16.** tveir eins, **17.** taug, **18.** eyrir, **20.** skóli, **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, **3.** eftir hádegi, **4.** sandgrynning, **5.** sjáðu, **7.** nýr, **10.** ar, **13.** gyðja, **15.** þefja, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** of, **8.** hak, **9.** ker, **11.** no, **12.** krydd, **14.** skíra, **16.** kk, **17.** sin, **18.** aur, **20.** fg, **21.** frár.

**LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** eh, **4.** sandrif, **5.** sko, **7.** ferskur, **10.** ryk, **13.** dís, **15.** anga, **16.** kaf, **19.** rá.






# Kakó og brauð með osti

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Þegar ég var lítil fengum við okkur stundum kakó og brauð með osti á köldum vetrarkvöldum þegar farið var að rökkva og snjór úti og svo undurkósí að kveikja á kertum og kúra saman inni í stofu og dunda eitthvað. Og nú langar mig að endurvekja þennan sið með fjölskyldunni minni og bjóða henni upp á kvöldkakó a la ég og æska mín.

**UPPÁSTUNGUNNI** er vel tekið og ég dríf mig svo inn í eldhús þar sem kvöl og samviskubit grípa um sig. Kvölin er vegna valarinnar sem þarf að vera rétt: Eldri dóttirin vill ekkert nema flatkökur. Hún fær feitan ost því hún þarf orkuna, rabarbarasultu undir og smjör, ekki of mikið samt. Hún vill bleika diskinn. Sú litla vill brauð sem er skorið í teninga, ekki of litla og ekki of stóra. Hún vill ost en fær bara sojaost því hún er með mjólkuróþol. Stundum hafnar hún sojaostinum, stundum ekki. Alltaf spennandi. Hún vill sultu, en ofan á ostinn og yfirleitt ekki rabarbarasultu heldur jarðarberja. Hún vill líka bleika diskinn.

**SAMBÝLISMAÐURINN** er í uppbyggingu eftir að hafa verið lasinn og lystarlaus, hann vill ristað brauð með smá smjöri, osti og skinku. Stelpurnar munu sjá það og vilja skinku, ofan á sultuna og ostinn. Sé það fyrir og skelli tveimur auka skinkusneiðum á disk. Sjálf er ég í aðhaldi og fæ hrökkbrauð með 9% osti.

**KAKÓIÐ** er eftirfarandi: Swiss Miss handa eldri dótturinni, blandað með mjólk svo það sé ekki of kalt, borið fram í hálffullri prinsessukönnu, vatnskakó handa þeirri yngri, kælt með sojamjólk, samt ekki of mikilli, borið fram í stútkönnu með röri, súkkulaðipróteindrykkur í háu glasi handa sambýlismanninum og diet-light-invisible-delight súkkulíkiseitthvað úr bréfi handa mér.

**OG** hér kemur að samviskubitinu: brauðið er ekki heimabakað. Ekki flatkökurnar heldur. Smjörið er smjörvi sem er fullur af transfitusýrum, rabarbarasultan reyndar afagerð en full af hvítum sykri. Ekki sykur í jarðarberjasultunni en örugglega hægt að finna eitthvað annað óhollt. Kakóið tínt af þrælabörnum í Afríku, sykrað með hvítum sykri og örugglega fullt af transfitusýrum. Osturinn þjófstolinn frá kúabörnum, mæður þeirra pyndaðar með ódýrúðlegum mjaltavélum í allt of litlum fjósum og fá aldrei að fara út. Skinkan ekkert nema litar- og bragðefni, sem betur fer er meiriparturinn vatn.

**SVO** ber ég fram litar- og bragðefnin á plastdiskum, plaststútkönnum og glösum við mikinn fögnuð en eitthvað hefur glatast í undirbúningnum. Í minningunni var kakóstundin ekki svona flókin.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott






EXPEDITION DÖMU
Litur: svört, arctic blá



27.990 kr.

JULIA DÖMU
Þrjár úlpur í einni:
Litur: svört, rauð



17.990 kr.

RACHEL DÖMU
Litur: svört



18.990 kr.

FROST HERRA
Litur: svört



34.990 kr.

JULIUS HERRA
Þrjár úlpur í einni
Litur: svört



17.990 kr.

HEATHER DÖMU
Litur: svört



18.990 kr.

STEPHEN HERRA
Litur: svört, dökkgræn



20.990 kr.

GARETH HERRA
Litur: bláköflótt



26.990 kr.

JOSHUA HERRA
Litur: svört



18.990 kr.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

menning
menning@frettabladid.is

**ALLI NALLI Í MÖGULEIKHÚSINU** Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Alli Nalli og tunglið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á laugardag klukkan 14. Pössunarpíurnar Ólína og Lína hafa ýmsar sögur að segja af honum Alla Nalla, sem var fyrsti krakkinn sem þær pössuðu.



„Það er engu líkara en Eggert hafi hér náð einhvers konar hástigi, horfið á vit taumlausrar málaranautnar sem er líkt og erótísk í algleymi sínu,“ segir í dóminum.

# Algleymi á myndfleti

Myndlist ★★★★★

**Eggert Pétursson - málverk**
Hafnarborg

Hvað er Eggert Pétursson að mála? Það virðist augljóst við fyrstu sýn en gerist flóknara þegar betur er að gáð. Eggert sækir myndefni sitt til íslenskrar náttúru, jurta, blóma og yfirborðs. Að sögn lýkur hann hér með úrvinnslu sinni á myndum sem byggja á skoðun hans á ákveðnu svæði í Úthlíðarhrauni í Biskupstungum. Spurningunni hér að ofan ætti því að vera auðsvarað; Eggert málar íslenska náttúru. Ég er samt ekkert viss um það, þó vissulega megi nafngreina blómaog jurtategundir á myndfletinum. Málverk Eggerts eru mjög langt frá því að vera raunsæ.

Rétt upp úr miðri síðustu öld skrifaði franski fræðimaðurinn Roland Barthes um raunsæi í bókmenntum. Hann varpaði ljósi á þá staðreynd að raunsæi í bókmenntum og myndlist lýtur ekki síður sínum eigin, innri lögmálum en önnur listform, rétt eins og órímuð ljóð eða abstrakt list. Öll listform eru tilbúningur, hluti af kerfi á borð við tungumálið eða málaralistina.

Í þessum verkum er Eggert, eins og málarar hafa lengi gert, fyrst og fremst að glíma við málverkið sjálft. Jafnvel þó að tegundirnar séu enn þekkjanlegar; fífill, maríustakkur, birki, krækiberjalyng, er augljóst að skipan þeirra á myndfletinum lýtur engum náttúrulögmálum. Hér er ekki allt í bendu eins og í móanum og hrauninu heldur vandlega raðað á myndflötinn samkvæmt myndbyggingu og litasamsetningum. „Raunveruleikinn“ leysist síðan upp í algleymi litanna, lambagrasið verður að víbrandi hringformi sem iðar á myndfletinum, dökkir skuggar í bakgrunni eru í raun margbrotið litasamspil. Niðurstaðan er ekki áferðarfalleg og það er hvorki náttúruleg birta né litir í þessum myndum en þetta eru spennandi málverk sem vekja upp spurningar. Í hverri mynd eru ótal hlutir að gerast. Auðveldlega má sjá tengsl við aðra málara sem á undan hafa gengið, Kjarval auðvitað, en líka málara seint á nítjándu öld, táknhyggjumálara eins og Gustave Moreau og norrænt táknhyggjulandslag þar sem þættir í náttúrunni svara til þátta í mannlegu eðli. Dimma, myrkur og rætur geta vísað til þessa en líka til ævintýra og þjóðtrúar tengdri náttúrunni. Á sama tíma tekst Eggerti að vera nær algjörlega abstrakt á stórum hluta myndflatarins, pensilför og litasamsetningar skapa eigin veröld.

Það er engu líkara en Eggert hafi hér náð einhvers konar hástigi, horfið á vit taumlausrar málaranautnar sem er líkt og erótísk í algleymi sínu. Í miðju kafi við nostursglega teikningu á myndfletinum leyfir hann litunum að taka sig yfir, brjótast fram og ryðja þekkjanlegum formum til hliðar en missir þó ekki tökin, jafnvel á hápunkti litadýrðarinnar ríkir agi og nákvæmni. Það er við hæfi að kveðja viðfangsefni þegar hápunkti er náð og afar forvitnilegt að sjá hvað Eggert hefur fram að færa í framhaldinu.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Eggert Pétursson hefur farið alla leið með myndefni sitt og náð hástigi málaranautnar á myndfletinum. Hver mynd býr yfir eigin, persónulegum og margbreytilegum myndheimi, málverk Eggerts eru sérkennilega áleitin og þröngva sér inn á vitundina.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 05. nóvember 2010**

### ➔ Tónleikar

**18.00** **Framhaldsprófstónleikar** verða í **Tónlistarskóla Hafnarfjarðar – Hásölum** í kvöld, en þar flytur **Ingibjörg Þorsteinsdóttir** verk á píanó á útskriftartónleikum sínum. Tónleikarnir hefjast kl. 18 og er aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

**20.00** **Hjaltalín** verður með tónleika í **Menningarhúsinu Hofi** auk **Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands** í kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og fer miðasala fram á www.midi.is

**20.30** Í **Tónbergi**, Akranesi flytur Orri Harðarson lög af nýútkomnu Álbúmi, auk eldra efnis, í félagi við gítarleikarann **Ragnar Emilsson**. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og eru liður í dagskrá Vökudaga á Akranesi.

**22.00** **Helgi og hljóðfæraleikararnir** verða með tónleika á **Græna Hattinum**, Akureyri, í kvöld. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.

**22.00** Hljómsveitin **Hjálmar** ásamt dúettinum **Nolo** verða með tónleika á skemmtistaðnum **Sódómu** í kvöld. Húsið opnar klukkan 22 og fer miðasala fram við hurð. Aðgangseyrir er 1500 krónur.

**23.00** Hljómsveitin **Worm Is Green** spilar á skemmtistaðnum **Venue** ásamt **The Esoteric Gender** í kvöld. Húsið opnar klukkan 23 og er aðgangur ókeypis.

### ➔ Hátíðir

**21.00** **Gítarveisla Bjössa Thor** verður haldin í **Salnum**, Kópavogi, í kvöld. Fram koma **Björgvin Gíslason**, **Gunnar Þórðarson**, **Guðlaugur Falk**, **Andrés Þór** og fleiri. Dagskrá hefst kl. 21.00. Forsala aðgöngumiða er á www.salurinn.is.

### ➔ Dansleikir

**Skvettuball FEBK** verður í félagsheimilinu **Gullsmára**, að Gullsmára 13 í Kópavogi næstkomandi laugardagskvöld. Ballið hefst klukkan 20.30 og stendur til 23.30. **Haukur Ingibergsson** leikur og syngur fyrir dansi. 1000 krónur inn.

### ➔ Málþing

**20.00** Málþing um samtímamyndlist á Norðurlöndum hefst í dag. Setning og móttaka fer fram **Hafnarhúsinu** frá kl. 20-22 í kvöld. Málþingið er ókeypis en skráning nauðsynleg. Nánari upplýsingar má fá í síma 590 1200.

### ➔ Fyrirlestrar

**15.00** **Gunnvor Kronman**, forstjóri Hanaholmen, flytur fyrirlestur í boði **Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur** og **Norræna hússins** í dag. Fyrirlesturinn fer fram í Norræna húsinu og hefst kl. 15.

TAKTU VEL Á MÓTI SÖLUFÓLKI OKKAR
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

TJARNARBÍÓ
Unglist 5.-13. NÓV. Nánar á www.tjarnarbio.is
Bólu-Hjálmar SUN. 7. NÓV. ATH. AÐEINS ÞESSI EINA SÝNING Grímuverðlaun sem barna- og unglingasýning ársins 2009
NÆSTA VIKA:
Útgáfutónleikar Rúnar Þórisson ÞRI 9. NÓV.
Sirkus Sóley SUN 14. NÓV. SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR Sirkus Ísland
FRUMSÝNING Mojito MIÐ 17. NÓV. Nýtt leikverk eftir Jón Atla
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15 Sími: 527 2100 www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
vísir.is

ting Norræn listahátíð Nordisk kulturfestival Reykjavík í dag
Myndlist Þjóðmenningarhúsið
Guðmundur og Samarnir
Guðmundur frá Miðdal
Aðgangur ókeypis
12:00 Fyrirlestur Reykjavík Central Park happyspace, Ráðhús Reykjavíkur
15:00 Fyrirlestur Skandinavisk nu Gunvor Kronman, Norræna Húsið
22:00 Tónlist direkt Datarock/Retro Stefson/Berndsen, NASA
www.norraenahusid.is/ting 28.10.—7.11.2010

Tolli VINNUSTOFA
Ég verð með vinnustofu mína opna almenningi hvern föstudag frá kl. 14-18 fram að jólum.
Allir velkomnir.
Héðinsgata Sæbraut Köllunarklettsvegur Klettagarðar
Tolli vinnustofa, Héðinsgötu 2, 104 Reykjavík

NEYÐARKALL TIL ÞÍN!
TAKTU VEL Á MÓTI SÖLUFÓLKI OKKAR
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

★★★★½

„Þessi leiksýning hefur allt sem þarf til að skapa vel heppnað og eftirminnilegt leikverk.“

I.Þ., Mbl.



„Framúrskarandi leikur... Mjög vönduð sýning á allan hátt“

– L.L., RÚV

„Þetta var geggjuð flott sýning, eins og gelgjan sagði. Og hvað viljið þið meira?“

B.S., pressan.is

★★★★

„Critics choice“

Time Out, London

# FAUST







## AUKASÝNINGAR Á ÍSLANDI VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA!

**fim. 6/1 kl. 20 – fös. 14/1 kl. 22 – sun. 16/1 kl. 20 – fim. 20/1 kl. 20**

## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX

Hætti fyrir fullu Borgarleikhúsi í vor.
Sýnt 35 sinnum fyrir fullu húsi í Young Vic leikhúsinu í London.

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA



**EKKI HÆTTIR** Mick Jagger, Keith Richards og félagar í The Rolling Stones eru ekki dauðir úr öllum æðum. Richards hefur nú upplýst að þeir ætli í tónleikaferðalag á næsta ári. Þá er ekki útilokað að sveitin taki upp nýtt efni í næsta mánuði.

# PALLI HERTÓK HÁSKÓLABÍÓ

**Fyrstu tónleikar Páls Óskars Hjálmtýssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands voru í Háskólabíói á miðvikudagskvöld. Þar leit Páll Óskar yfir feril sinn og söng flest sín vinsælustu lög.**

Tónleikar Páls Óskars og Sinfóníuhljómsveitarinnar verða fernir og seldist upp á þá alla á mettíma. Það kemur ekki á óvart, enda er Palli einn vinsælasti söngvari þjóðarinnar. Á efnisskránni á tónleikunum eru smellir á borð við Allt fyrir ástina, Þú komst við hjartað í mér, International og Ég er eins og ég er.



Helga Lilja Magnúsdóttir og Þóra Hilmarsdóttir mættu á tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hjónin Kolbrún Kristjánsdóttir og popparinn Birgir Örn Steinarsson sáu Pál Óskar og Sinfó.



Hrafnhildur Jóna Þórisdóttir og Ásgerður Ingólfsdóttir voru mættar í Háskólabíó.



Helga Karlsdóttir og Halla Bjarnadóttir voru á meðal gesta.



Dagbjört Sól Guðlaugsdóttir og Sara Hólm Hauksdóttir voru á meðal gesta.



Guðrún Lilja Magnúsdóttir, Heiða Birna Gunnlaugsdóttir og Jódís Skúladóttir voru hressar.



Elfa Friðriksdóttir og Anna Rós Ívarsdóttir voru brosmildar.




Bíó ★★★

**Machete**

Leikstjórar: Robert Rodriguez, Ethan Maniquis. Aðalhlutverk: Danny Trejo, Jessica Alba, Michelle Rodriguez, Jeff Fahey, Robert De Niro, Steven Seagal, Don Johnson, Cheech Marin, Lindsay Lohan.

## Meinfyndinn Machete

Þeir sem þekkja ekki nafn Danny Trejo þekkja þó líklega andlit hans. Hann er einn af þessum leikurum sem við höfum öll séð í milljón myndum, oftast í hlutverki hrotta, og aldrei í aðalhlutverki. Aldrei fyrr en nú.

Í Machete leikur hann fyrrverandi lögreglumann frá Mexíkó sem er ólöglega búsettur í Bandaríkjunum og fær það vafasama verkefni að ráða þingframbjóðanda af dögum gegn greiðslu. Þeir sem fá hann til verksins eru þó ekki allir þar sem þeir eru séðir og fljótlega er lögreglumaðurinn sjálfur orðinn skotmark.

Machete er sjálfmeðvituð B-mynd, hvers eini tilgangur er að vera skemmtileg og það tekst henni ljómandi vel. Kitlar hún þar að auki svörtustu hláturtaugarnar, en þeir sem þekkja til fyrri verka Roberts Rodriguez vita svo sem vel við hverju má búast í myndum hans.

Leikararnir eru í miklu stuði og skemmtilegastur er sjálfur Danny Trejo. Michelle Rodriguez er án nokkurs vafa kynþokkafyllsti taco-sölumaður heims, og skúrkarnir voru allir góðir (De Niro, Fahey, Johnson og Seagal). Þeir voru bara of margir. Stærsti galli myndarinnar er þó lokauppgjörið. Þar er of mikið að gerast í einu og það endar bara einhvern veginn.

**Haukur Viðar Alfreðsson**



**Niðurstaða:** Þrælskemmtileg hasarmynd af gamla skólanum, en missir dampinn eilítið í restina.





# Óborganleg skáldsaga




Hinir hálfsjötugu vinir Örn og Jón sigla til Englands til að sækja arf eftir föður Arnar, sjómann í Hull. Í farangri þeirra eru drög að kvikmyndahandriti.

Kostuleg lýsing á brokkgengu lífi listamanna og ástandi þjóðar. Tímann um borð ætla þeir að nota til að skrifa kvikmyndahandrit.

**Ómótstæðileg saga eftir Braga Ólafsson.**

Eftir höfund *Sendiherrans* og leikritanna *Belgíska Kongó* og *Hænuungarnir*

„Söguhetjur hans eiga það nefnilega til að koma sér í svo magnaðar tilvistarklípur, nánast með allt niðrum sig, að maður fer hreinlega hjá sér.“

Geir Svansson / Morgunblaðið

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Baggalútur í jólaskapi

Baggalútur hefur sent frá sér jólaplötuna Næstu jól sem er sjálfstætt framhald plötunnar Jól & blíða sem kom út fyrir fjórum árum. Næstu jól inniheldur ellefu ástsæl og hugheil aðventu- og jólalög, þar á meðal Ég kemst í jólafíling, Það koma vonandi jól og Leppalúði sem hafa öll notið vinsælda. Einnig er þar að finna nokkur ný lög. Uppselt er á tvenna jólatónleika Baggalúts í Háskólabíói. Enn er hægt að fá miða á aukatónleika sem verða í Hofi á Akureyri 27. nóvember.

# Svitna til góðs á Hressleikum

„Við ætlum að reyna að ná tvö hundruð manns á leikana. Við búumst fastlega við því að við náum því,“ segir Linda Björk Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri líkamsræktarstöðvarinnar Hress.

Á laugardaginn verða Hressleikarnir haldnir í Dalshrauni í Hafnarfirði. Þátttakendum verður skipt í átta lið eftir mismunandi litum og munu þeir svitna til góðs í hinum ýmsu greinum, þar á meðal Body attack, Hot Yoga, Zumba, Tabata og stöðvaþjálfun. Plötusnúðurinn Júlli í Júlladiskói þeytir skífum og heldur uppi góðri stemningu.

„Við höfum oft haldið Hressleikana en fyrir tveimur árum þegar kreppan skall á breyttum við þessu í árlegan viðburð,“ segir Linda Björk. „Í fyrra ákváðum við að breyta þessu í góðgerðaviðburð líka og söfnuðum fyrir Rebekku Maríu, sem hafði misst foreldrana sína með stuttu millibili. Það sem toppaði daginn í fyrra var að hún eignaðist son sama dag. Það var ótrúlega gaman að geta sagt frá því í lokin á Hressleikunum.“

Í þetta sinn rennur allur ágóði leikanna til íþrótta- og afrekssjóðs sem var stofnaður til að heiðra minningu Hrafnkels Kristjánssonar, sem lést í bílslysi í desember síðastliðnum. „Við reynum að hafa þetta tengt Hafnarfirði og Hrafnkell var viðskiptavinur hjá okkur. Þessi minningarsjóður er bæði fyrir börnin hans og önnur börn í Hafnarfirði sem þurfa á íþróttastyrk að halda,“ segir Linda.

Skráningargjald er 1.000 krónur og Hressleikarnir standa yfir frá 9.30 til 11.30. Þeir sem ekki komast geta lagt inn á reikninginn 135-05-071304 - kt. 540497-2149. - fb




**LINDA BJÖRK HILMARSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Hress hvetur fólk til að styrkja gott málefni og svitna til góðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**SCARLETT JOHANSSON** Leikur geimveru sem dregur jarðarbúa á tálar.

# Geimveran Johansson

**Scarlett Johansson leikur geimveru sem vefur jarðarbúum um fingur sér í myndinni Under the Skin sem er í undirbúningi. Samkvæmt söguþræðinum notar geimveran kynþokka sinn til að ná langt en breytist þegar hún áttar sig á fjölbreytileika mannlífsins. Framleiðendur myndarinnar segja að í henni sé horft á heiminn með augum geimvera á einstakan hátt. Tökur á Under the Skin hefjast næsta vor eftir að Johansson hefur lokið leik sínum í myndinni The Black Widow.**



Tónlist ★★

**The Dionysian Season**

Just Another Snake Cult

## Sýrukennt popp fyrir grúskara

Just Another Snake Cult er hugarfóstur Þóris Bogasonar, sem ólst upp í Kaliforníu en er tiltölulega nýfluttur til Íslands. Hann spilaði í nokkrum hljómsveitum vestanhafs en þetta er í fyrsta sinn sem hann gefur út á Íslandi. Útkoman er sýrukennt indípopp sem stundum minnir á síðustu plötu MGMT. Þessi tónlist er ekki allra, enda ekki sérlega grípandi, en grúskarar gætu haft gaman af henni. The Dionysian Season er áhugaverð á köflum þar sem sérstæður söngstíll Þóris sveimar yfir vötnunum. Hann er greinilega hæfileikamaður sem gæti gert flotta hluti í framtíðinni. Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Ágætt sýrukennt popp með sérstæðum söng Þóris.

# Texasbúi verður með tvenna tónleika

Danny Malone frá Texas í Bandaríkjunum heldur tvenna tónleika á Cafe Rosenberg, í kvöld og annað kvöld. Einnig stígur á svið Jóhann Kristinsson, sem kynntist Malone á lagahöfundanámskeiði í Árósum á vegum tónlistarhátíðarinnar Spot.

„Við vorum sjö frá Norðurlöndunum og svo fimm Texasbúar. Við vorum öll dregin saman í kastala sem er notaður sem listaháskóli. Við vorum þar í þrjá daga og útkoman var 23 lög,“ segir Jóhann.

Malone hefur fengið mikið lof vestanhafs fyrir tónleika sína og þykir mjög góður lagahöfundur. Hrósið í hans garð kemur Jóhanni ekki á óvart. „Ég sá sólótónleikana hans á Spot og þeir voru alveg magnaðir.“

Jóhann og Malone hafa samið tvö lög saman og vonast til að taka upp stutta plötu meðan á dvöl þess síðarnefnda á Íslandi stendur en Texasbúinn er á leiðinni í tónleikaferðalag um Evrópu. „Það er mikill heiður að fá að vinna með honum. Ég hafði ekki hugmynd um hver þetta var áður en ég hitti hann en hann kom mér mjög mikið á óvart. Ég var líka að heyra að hann hefði spilað með einu af átrúnaðargoðunum mínum, Lou Barlow,“ segir Jóhann en Barlow er fyrrverandi liðsmaður Dinosaur Jr., Sebadoh og Folk Implosion. Jóhann hefur sjálfur gefið út eina stóra plötu, Call Jimmy, sem kom út fyrir tveimur árum.

Enkidu og Jóhann spila á fyrra kvöldinu á Rosenberg og Jóhann og Lára Rúnarsdóttir á því seinna. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og kostar 1.000 krónur inn. - fb



**SAMAN Á TÓNLEIKUM** Jóhann Kristinsson, Lára Rúnarsdóttir og Danny Malone spila á Rosenberg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Pollapönk fagnar plötu

**Hljómsveitin Pollapönk heldur útgáfutónleika í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 14. nóvember og er miðasalan hafin á Midi.is. Tilefnið er útgáfa plötunnar Meira Pollapönk sem kom út í sumar. Þar er meðal annars að finna hið vinsæla lag 113 vælubíllinn. Pollapönk er skipuð leikskólakennurunum Haraldi F. Gíslasyni og Heiðar Erni Kristjánssyni sem hafa oft verið kenndir við rokksveitina Botnleðju. Með þeim í hljómsveitinni eru Arnar Þór Gíslason og Guðni Finnsson úr Ensími.**



**JÓNSI** Myndskeið frá tónleikum Jónsa í Los Angeles er komið á Jonsi.com. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Myndskeið á ógnarhraða

**Almenningsútvarp Bandaríkjanna, National Public Radio, sýndi fyrir skömmu beint á netinu frá tónleikum Jónsa úr Sigur Rós í hinu sögufræga Wiltern Theater í Los Angeles. Þetta var í fyrsta skipti sem NPR sýndi beint frá tónleikum. Búið er að setja saman skemmtilegt fimm mínútna myndskeið frá tónleikunum sem má finna á síðunni Jonsi.com. Myndskeiðið spannar öll lög tónleikanna á ógnarhraða og hljómar lag Jónsa, Sinking Friendship, undir. Jónsi lýkur tónleikaferð sinni um heiminn á Íslandi í Laugardalshöll 29. desember. Forsala miða fer fram á Midi.is. Uppselt er í stúku.**



**KATY PERRY** Söngkonan íhugaði að fara í brjóstaminnkun þegar hún var unglingur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vildi minnka brjóstin

Söngkonan Katy Perry íhugaði að fara í brjóstaminnkun þegar hún var unglingur. Ástæðan er sú að stór barmur hennar fór illa með bakið á henni. „Ég var mjög slæm í bakinu og var líka aðeins þéttvaxnari. Þegar ég eltist missti ég barnafituna og hugsaði með mér: „Þetta er bara alls ekkert svo slæmt“,“ sagði Perry.



NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
FORSÝNING!

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STONE | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| JACKASS 3D - FORSÝNING | 10 - ÓTEXTUÐ | 12 |
| MACHETE | 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 4 og 6 | L |
| SOCIAL NETWORK | 7.30 | 7 |
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 | L |
| AULINN ÉG | 4 | L |

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN
ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS
ROBERT DOWNEY JR. OG ZACH GALIFIANAKIS EIGA EFTIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI
FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER
DUE DATE
LEAVE YOUR COMFORT ZONE
COMING SOON
★★★★ HOLLYWOOD REPORTER
★★★ EMPIRE
BRUCE WILLIS, MORGAN FREEMAN, JOHN MALKOVICH OG HELEN MIRREN ERU STÓRKOSTLEG Í ÞESSARI ÓTRÚLEGA SKEMMTILEGU GRÍNMYND
ÆVINTÝRI SAMMA Leynigöngin
THE SWITCH
14.000 gestir ★★★★ H.S. MBL ÓRÓI
LET ME IN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DUE DATE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 4 - 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:50 - 10:30 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| RED | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali | kl. 1.50 - 3.50 og 6.10 | L |
| DUE DATE | kl.1.50-4-5.45-8-8.20 -10.15 og 10.40 | 10 |
| RED | kl. 3.45 - 6 - 8 og 10.20 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 1.45 og 4 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D ísl. Tali | kl. 2 | L |
| ÓRÓI | kl. 5,55 | 10 |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| LET ME IN | kl. 10,20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótxt Ensku | kl. 5:50 | L |
| THE TOWN | kl. 10:20 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:50 | L |

NÝTT Í BÍÓ!
★★★ -H.S.S., MBL LÚXUS MACHETE
FORSÝNING jackass 3D
FORSÝNING easy A
ANNETTE BENING JULIANNE MOORE MARK RUFFALO THE KIDS ARE ALL RIGHT MIA WASIKOWSKA JOSH HUTCHERSON
Úti er Ævintýri 2 750 kr. ÍSLENSKT TAL
HANGANDI HENDI ★★★★★
★★★★ -B.S., Fréttablaðið ★★★★ -T.V., kvikmyndir.is ★★★★ -Þ. Þ., Fréttatíminn

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 FULLKOMIN GÆÐI

| | | |
|---|---|---|
| EASY A | kl. 10 FORSÝNING | 16 |
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | 16 |
| INHALE | kl. 6 - 8 | 16 |
| TAKERS | kl. 10.40 | 7 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | L |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 10 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| JACKASS 3D | kl. 10 FORSÝNING | 12 |
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 | 12 |




**FÉKK SNJÓINN** Gunnar Björn hafði legið á bæn og beðið um snjó fyrir kvikmynd sína Gauragang. Hann var bænheyrður á miðvikudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Leikstjóri var bænheyrður

**Gunnar Björn Guðmundsson, leikstjóri Gauragangs, hefur undanfarnar vikur legið á bæn og beðið um snjó. Hann var bænheyrður á miðvikudagskvöldið.**

Kvikmyndin Gauragangur verður ein af jólamyndum þessa árs en ráðgert er að hún verði frumsýnd á annan í jólum. Myndin er byggð á samnefndu verki Ólafs Hauks Símonarsonar og fjallar um Orm Óðinsson og glímu hans við lífið. „Við áttum bara vetrartökur eftir og vorum eiginlega búin að gefa upp alla von á snjónum, vildum allra helst fá bara mikið frost svo við gætum sýnt þennan sérstaka lit á laufblöðunum,“ segir Gunnar Björn en tökuliðið fór meðal annars með leikara upp á Bláfjallaveg til að ná fram sem mestum kuldaáhrifum. „Og það var alveg brjálæðislega kalt.“

En svo brostu veðurguðirnir til Gunnars og tökuliðsins á miðvikudag og hvítar snjóflyksur féllu til jarðar. „Þetta var frábært og alveg ótrúlegt. Við vorum búnir að koma fyrir gervisnjó og það var búið að plana þessar tökur akkúrat á þessum degi. Menn voru að gæla við að það myndi snjóa eitthvað en þetta var alveg framar okkur björtustu vonum. Indjánadansinn hefur augljóslega skilað sínu.“

freyrgigja@frettabladid.is

14.000 ÁHORFENDUR
★★★★ FRÉTTABLAÐIÐ ★★★★ SJÁÐU STÖÐ 2 ★★★★ KVIKMYNDIR.IS
★★★★ MORGUNBLAÐIÐ ★★★★ OTH RÁS 2
ÓRÓI
SÝND Í SAMBÍÓUNUM

Í dag opnar eitt fullkomnasta og glæsilegasta kvikmyndahús í heimi
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
Fullkomið bíó!
3D digital í öllum sölum
Stærsta bíótjald landsins
Fullkomnasta sýningar- og hljóðkerfi landsins (7,1)
Allir salir, sýningartjöld og sæti sannkallaður LÚXUS

Erik Jørgensen



AFMÆLISGJAFVERÐ
05. - 10. nóv.

EJ sófar og Wonderland rúm

## 35% afsláttur

- einnig af pöntunum

epal
35 ÁRA 1975 2010

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Wonderland

# sport

sport@frettabladid.is



**ÁRNI GAUTUR ARASON** er á leið frá Odd Grenland og mun líklega spila sinn síðasta leik með félaginu í lokaumferð norsku úrvalsdeildarinnar um helgina. Hann ætlar þó að reyna að finna sér nýtt félag ytra. „Það er ekki fyrsti kostur að koma heim,“ segir Árni Gautur sem þarf að fara í aðgerð vegna kviðslits eftir tímabilið.

Gunnar Þór Gunnarsson hættur hjá Norrköping:

## Gunnar á heimleið

**FÓTBOLTI** Gunnar Þór Gunnarsson, leikmaður Norrköping í Svíþjóð, mun ekki endurnýja samning sinn við félagið og er mjög líklega á heimleið. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær.

Gunnar Þór er að jafna sig á erfiðum meiðslum en hann sleit krossband í hné í ágúst á síðasta ári og fór í aðgerð mánuði síðar.

Tímabilinu er nú lokið í sænsku B-deildinni en Norrköping varð í öðru sæti deildarinnar og komst því upp í úrvalsdeildina.

„Leikmenn eru komnir í frí en ég verð hér eitthvað áfram, þar sem ég er enn að fara til sjúkraþjálfara,“ sagði Gunnar Þór. „Það er síðan óvíst hvað gerist en ég geri ráð fyrir því að komast að hjá liði heima.“

Hann segir að það hafi verið gagnkvæmur vilji beggja aðila að hann færi frá Norrköping. „Hvorki ég né félagið vildu endurnýja samninginn og því var þetta auðvelt val. Ég hefði þurft að taka á mig launalækkun til að vera áfram en þetta snýst samt ekki um peningana. Ég þarf að koma mér aftur almennilega af stað og finna mitt fótboltaform á ný. Ég held að það sé best að gera það heima þar sem ég get líka fundið mér eitthvað annað að gera, hvort sem það er nám eða vinna,“ sagði Gunnar.

Hann spilaði lítið á leiktíðinni með Norrköping, sem hann hefur verið hjá í þrjú ár. Þar áður var hann hjá Hammarby í tvö ár.

Gunnar Þór lék með Fram áður en hann hélt utan og segir mögulegt að snúa aftur í Safamýrina.

„Það er í myndinni eins og hvað annað en alls ekki sjálfgefið. Ég verð vonandi búinn að ganga frá þessum málum áður en árið er liðið,“ sagði hann.

Gunnar Þór er 25 ára gamall varnarmaður en byrjaði að spila með meistaraflokki Fram átján ára. Hann á að baki 54 leiki í deild og bikar með Fram og þrjá með A-landsliði Íslands, alla árið 2007. Hann lék 26 leiki með yngri landsliðum Íslands.

- esá



**GUNNAR ÞÓR** Á heimleið eftir atvinnumennsku í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

13 RÉTTIR = 140 MILLJÓNIR

ENSKI BOLTINN 6. NÓVEMBER 2010 — 1 X 2

| | Leikur | Deild |
|---|---|---|
| 1. | Man. Utd. – Wolves | ÚRV.D. |
| 2. | Birmingham – West Ham | |
| 3. | Blackburn – Wigan | |
| 4. | Blackpool – Everton | |
| 5. | Fulham – Aston Villa | |
| 6. | Sunderland – Stoke | |
| 7. | QPR – Reading | 1. D. |
| 8. | Watford – Nottingham | |
| 9. | Barnsley – Leicester | |
| 10. | Coventry – Leeds | |
| 11. | Doncaster – Millwall | |
| 12. | Norwich – Burnley | |
| 13. | Sheffield Utd. – Ipswich | |

44. LEIKVIKA — SÖLU LÝKUR 6. NÓV. KL. 14.00

Nú er potturinn orðinn ennþá stærri. Vertu með og tippaðu **fyrir kl. 14 á laugardaginn**.

| | |
|---|---|
| 140.000.000 | (13 R.) |
| 28.500.000 | (12 R.) |
| 22.800.000 | (11 R.) |
| 47.500.000 | (10 R.) |

1X2

TIPPAÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á 1X2.IS

# Ég brosi allan hringinn

**Helga Margrét er í skýjunum með fyrstu ferðina til Växjö til að hitta nýjan þjálfara sinn, Agne Bergvall. „Þetta var algjör snilld og hrikalega gaman,“ segir Helga, sem á þó enn eftir að hitta fyrirmyndina sína Carolinu Klüft.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Sjöþrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir er nýkomin heim frá Svíþjóð eftir fyrstu heimsókn sína til nýja þjálfarans síns, Agne Bergvall. Sá er þjálfari fyrrverandi heims- og ólympíumeistarans í sjöþraut, Carolinu Klüft, og samþykkti að gerast aðalþjálfari Helgu Margrétar í lok september.

Helga Margrét er í skýjunum með ferðina en hún var í viku í Växjö. „Þetta var algjör snilld og hrikalega gaman. Mér leist rosalega vel á þetta,“ segir Helga. Hún var svo sátt við ferðina að hún gat ekki fundið neina galla þegar hún var komin aftur heim. „Ég átti að skrifa eitthvað niður um það sem mátti fara betur eftir að ég kom heim en mér datt ekki neitt í hug til að skrifa niður á blað,“ segir Helga.

Vel var hugsað um hana úti því auk Bergvalls voru þeir Vésteinn Hafsteinsson, umboðsmaður verkefnisins, og Guðmundur Hólmar Jónsson, þjálfari Helgu á Íslandi, með á æfingunum.

„Það var því vel hugsað um mig og þetta var eiginlega of gott. Maður þarf bara að einbeita sér að því að æfa og þarf ekki að hugsa um neitt annað. Það var alveg frábært,“ segir Helga en hvernig leist henni á fyrstu alvöru kynnin af hinum heimsþekkta sjöþrautarþjálfara?

„Hann er virkilega hress karakter. Það er mikið stuð í kringum hann og hann virkar jákvæður. Hann er bara venjulegur karl og það eru engir stjörnustælar hjá honum,“ segir Helga og það kom henni jafnvel á óvart hversu mikinn áhuga hann sýndi henni.

„Hann hefur mikinn áhuga og það kom manni frekar mikið á óvart hvað hann var spenntur fyrir þessu öllu eins og maður sjálfur. Það er mjög gaman. Það eru allir mjög spenntir og mikill andi,“ segir Helga.

Helga Margrét kvartaði ekki mikið yfir erfiðum æfingum en segir að hún þurfi að læra mikið fyrir næsta fund þeirra eftir að jólaprófin í MH eru yfirstaðin.

„Hann var ekkert rosalega mikið að pína mig því að við fórum meira yfir tæknina. Hann var að fara yfir hvort hreyfingarnar væru réttar eða rangar og gaf okkur punkta til að vinna með hérna heima í framhaldinu. Auðvitað tók maður einhverjar erfiðar hlaupaæfingar en mér fannst þær ekkert erfiðar. Það erfiða var allir nýju hlutirnir sem voru að koma inn,“ segir Helga.

„Ég fékk nýtt æfingaprógramm eftir að ég kom heim og svo fer ég út aftur strax eftir jólaprófin. Ég verð þar fram að jólum en verð síðan heima um jólin. Við förum síðan í æfingabúðir til Tenerife strax eftir jól,“ segir Helga en það er að heyra á henni að hún geti vel hugsað sér að flytjast sem fyrst til Växjö.

„Það aldrei að vita nema að ég flytji þangað í framtíðinni. Mér leist rosalega vel á þetta og ég notaði líka tækifærið og skoðaði háskólann. Það er því aldrei að vita hvað verður í vor eða haust,“ segir Helga, sem játar því að það væri draumur að geta sameinað skólann og sportið.

En stóra spurning er hvort Helga hafi fengið að hitta fyrirmynd sína, sjálfa Carolinu Klüft.

„Því miður fékk ég ekki að hitta Klüft því hún var að fara að taka við einhverjum verðlaunum frá Sameinuðu þjóðunum. Ég átti að taka langstökksæfingu með henni og var orðin mjög spennt en þá kom þetta upp. Ég á það bara inni og það var kannski ágætt að byrja bara rólega svo maður fengi ekki taugaáfall eða eitthvað,“ segir Helga Margrét í léttum tón og hún felur það ekkert að allt gangi eins og í sögu þessa dagana.

„Það er langt síðan mér hefur liðið svona vel, bæði líkamlega og andlega. Ég brosi bara allan hringinn,“ segir Helga Margrét að lokum.

ooj@frettabladid.is



**Í SKÝJUNUM MEÐ FERÐINA** Helga Margrét Þorsteinsdóttir segir að það sé langt síðan henni hafi liðið svona vel líkamlega og andlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



N1

MICHELIN

„MICHELIN X-ICE ERU BESTU VETRARDEKK SEM ÉG HEF PRÓFAÐ HINGAÐ TIL...

...og hef ég þó prófað fjölda vetrardekkja gegnum tíðina, negld og ónegld, nú síðast undir EuroRAP mælingabílnum. Dekkin gefa frábært grip við allar aðstæður og eru hljóðlát og endingargóð. Best af öllu er þó að eyðslan er 0,52 lítrum minni á hundraðið en á sumardekkjunum sem bíllinn kom á frá framleiðanda.“

Ólafur Kr. Guðmundsson
tæknistjóri EuroRAP á Íslandi og dómari í Formúlu 1

**Þú færð Michelin dekkin hjá Hjólbarðaþjónustu N1, og hjá betri hjólbarðaverkstæðum um allt land.**

Kynntu þér nýja vefverslun með hjólbarða á **www.n1.is**

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

# MEIRI SNJÓ

# MEIRI SNJÓ



**NORTH ROCK ÚLPA, F/ FULLORÐNA**
Outlet verð kr. 15.000



**CATMANDOO ÚLPA, F/ BÖRN**
Outlet verð kr. 8.000



**CATMANDOO ÚLPA, F/ DÖMUR**
Outlet verð kr. 8.000



**KULDASTÍGVÉL, F/ DÖMUR**
Outlet verð kr. 6.000



**CHAMPION HETTUPEYSA, F/ FULLORÐNA**
Outlet verð kr. 4.995



**CHAMPION HETTUPEYSA, F/ FULLORÐNA**
Outlet verð kr. 4.995



**NORTH ROCK, SOFT SHELL DÖMUJAKKI**
Outlet verð kr. 8.000



**FÓTBOLTABÚNINGAR, FYRIR BÖRN**
Outlet verð kr. 3.500



## Next vörur
## frá kr. 500 - 2.000

## Úrval af jakkafötum
## frá kr. 9.995 - 19.995

**KORPU OUTLET**

**Stærsti lagermarkaður landsins**

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

**FH-Fram 34-38**
Mörk FH (skot): Sverrir Garðarsson 8 (11), Ólafur Guðmundsson 7(17), Ásbjörn Friðriksson 5/1(10/1), Ólafur Gústafsson 3 (4), Brynjar Geirsson 3 (7), Sigurgeir Árni Ægisson 2 (2), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (3), Hermann Ragnar Björnsson 2 (4), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (1).
Varin skot: Pálmar Pétursson 10 (24/2, 41%), Daníel Freyr Andrésson 9/1 (14/2, 64%).
Hraðaupphlaup: 2 (Ólafur ,Sverrir).
Fiskuð víti: 1 (Ólafur).
Mörk Fram (skot): Einar Rafn Eiðsson 12/4 (16/5), Jóhann Einarsson 5 (12), Magnús Stefánsson 4 (5), Halldór Sigfússon 4(8), Andri Berg Haraldsson 4(9), Haraldur Þorvarðarson 3(5), Róbert Aron Hostert 2 (6), Sigfús Páll Sigfússon 2(2), Kristján Svan Kristjánsson 2(2).
Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 12 (27/1, 44%), Björn Viðar Björnsson 3(6, 50%)
Hraðaupphlaupsmörk: 8( Einar 4, Matthías, Jóhann, Jóhann, Haraldur)
Fiskuð víti: 5(Róbert, Andri 2, Halldór, Magnús)

**Afturelding-HK 34-37**
Afturelding: Bjarni Aron Þórðarson 8, Þorkell Guðbrandsson 6, Jón Andri Helgason 6, Arnar Theodórsson 5, Jóhann Jóhannsson 5, Hrafn Ingvarsson 2, Reynir Ingi Árnason 2.
HK: Atli Ævar Ingólfsson 10, Ólafur Bjarki Ragnarsson 7, Sigurjón Björnsson 6, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 5, Daníel Berg Grétarsson 3, Bjarki Már Elísson 2, Hákon Bridde 2, Hörður Másson 2.

**Valur-Akureyri 17-23**
Mörk Vals: Valdimar F. Þórsson 6/1, Ernir Hrafn Arnarson 4, Gunnar Harðarson 2, Fannar Þorbjörnsson 2, Heiðar Þór Aðalsteinsson 1, Alexandr Jedic 1, Anton Rúnarsson 1,
Varin skot: Ingvar Kristinn Guðmundsson 13
Hraðaupphlaup: 2( Valdimar, Fannar )
Fiskuð víti: 2 ( Valdimar, Orri)
Utan vallar: 4 mínútur.
Mörk Akureyri: Bjarni Fritzson 7/1, Oddur Gretarsson 5, Guðmundur Helgason 4, Geir Guðmundsson 3, Bergvin Gíslason 2, Hörður F. Sigþórsson 1, Heimir Ö. Árnason 1
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 14
Hraðaupphlaup: 3 (Bjarni, Oddur, Guðmundur)
Fiskuð víti: 1 (Oddur)
Utan vallar: 6 mínútur.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **5** | **5** | **0** | **0** | **149-119** | **10** |
| HK | 5 | 4 | 0 | 1 | 167-164 | 8 |
| **Fram** | **5** | **3** | **0** | **2** | **171-149** | **6** |
| FH | 5 | 3 | 0 | 2 | 159-142 | 6 |
| **Haukar** | **4** | **2** | **0** | **2** | **91-101** | **4** |
| Afturelding | 5 | 1 | 0 | 4 | 130-146 | 2 |
| **Selfoss** | **4** | **1** | **0** | **3** | **108-120** | **2** |
| Valur | 5 | 0 | 0 | 5 | 125-158 | 0 |

*Powerade-bikar karla:*

**Stjarnan-Njarðvík 94-110**
Stjarnan: Jovan Zdravevski 29/5 fráköst, Marvin Valdimarsson 27/6 fráköst, Justin Shouse 27/4 fráköst, Ólafur Aron Ingvason 5, Kjartan Atli Kjartansson 4/4 fráköst, Guðjón Lárusson 2.
Njarðvík: Jóhann Árni Ólafsson 28/5 fráköst, Christopher Smith 22/7 fráköst, Rúnar Ingi Erlingsson 15, Lárus Jónsson 12/4 fráköst, Guðmundur Jónsson 8/4 fráköst, Páll Kristinsson 8/5 fráköst, Friðrik E. Stefánsson 6, Egill Jónasson 5, Kristján Rúnar Sigurðsson 4, Hjörtur Hrafn Einarsson 2.

**Höttur-KR 68-101**
Höttur: Viðar Örn Hafsteinsson 22/6 fráköst, Daniel Terrell 14/5 fráköst, Nicholas Kenrick Paul 13/10 fráköst, Kristinn Harðarson 7, Andrés Kristleifsson 4, Þorleifur Viggó Skúlason 4, Björn B. Benediktsson 2, Anton Helgi Loftsson 2.
KR: Marcus Walker 20, Brynjar Þór Björnsson 15, Ólafur Már Ægisson 14/6 fráköst, Ágúst Angantýsson 13/4 fráköst, Martin Hermannsson 11, Matthías Orri Sigurðarson 9, Jón Orri Kristjánsson 8, Finnur Atli Magnússon 7, Hreggviður Magnússon 4.

Akureyri er á toppi N1-deildar karla með fullt hús stiga eftir sigur á Val sem er enn án sigurs í deildinni:

# Fimm sigrar í röð hjá toppliði Akureyrar

**HANDBOLTI** Akureyri lagði Val 23-17 í Vodafonehöllinni í gær. Bæði lið voru lengi af stað og kom fyrsta mark Akureyringa ekki fyrr en eftir rúmlega 15 mínútur. Það kviknaði þó á þeim við fyrsta markið og náðu þeir fljótlega forskoti sem þeir héldu út leikinn.

„Að skora ekki fyrr en fyrri hálfleikur er hálfnaður er náttúrulega skelfilegt en vörnin var að halda og hélt hún okkur inni í leiknum. Við vorum bara 2-0 undir og á meðan vörnin gekk svona vel þá hafði ég ekki miklar áhyggjur. Ég vissi að þetta myndi koma en ég var óánægður að við skyldum ekki nýta okkur hraðaupphlaup fyrst vörnin hélt svona vel,“ sagði Atli Hilmarsson þjálfari Akureyrar.

„Við vissum að Valsmenn myndu koma brjálaðir í þennan leik. Við vorum búnir að vera á ágætis flugi fram að landsliðspásunni og maður var ekki viss hvernig við yrðum stemmdir,“ sagði Atli sem var kátari en Júlíus Jónasson, þjálfari Vals.

„Maður hélt um tíma að þetta færi 3-3. Það var lítið skorað í fyrri hálfleik og bæði liðin að spila mjög öflugan varnarleik. Ég er mjög ánægður með varnarleik liðsins,“ sagði Júlíus.

„Við misstum hins vegar einbeitingu á nokkrum köflum sem reyndist dýrt fyrir okkur. Það hendir líka oft lið sem eru á góðu flugi að hlutir virðast detta fyrir þau lið og mér fannst við lenda oft í því. Sóknarfráköstin voru oft að detta vel fyrir þá. Við höfum hins vegar trú á því að þetta fari að detta fyrir okkur og það styttist alltaf í fyrsta sigurinn hjá okkur.“ **- kpt**


**ERFITT** Það gengur ekkert hjá Júlíusi með Val. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tap hjá heilalausu liði FH

## Logi Geirsson sagði á dögunum að hann væri heilinn í liði FH. Án hans voru FH-ingar heila- og andlausir og töpuðu sanngjarnt gegn baráttuglöðu liði Fram.

**HANDBOLTI** Framarar unnu frábæran sigur á FH-ingum, 33-38, í fimmtu umferð N1-deildar karla í gær. Gestirnir höfðu undirtökin nánast allan leikinn en FH-ingar voru samt alltaf á hælum þeirra. Frábær barátta og leikgleði skilaði sigrinum hjá Fram en aftur á móti var mikið andleysi yfir leik FH og varnarleikur þeirra var í molum.

Logi Geirsson, leikmaður FH, var ekki leikfær í gær vegna meiðsla og það hafði greinilega mikil áhrif á spilamennsku liðsins.

Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram, var að vonum ánægður með leik sinna manna í gærkvöldi.

„Ég er virkilega ánægður með strákana en það koma ekki öll lið hingað í Krikann og sigra FH. Við vorum að spila alveg hreint frábæran sóknarleik allan leikinn og markaskorið dreifðist á allt liðið sem sýnir hversu mikla breidd við erum með. Varnarleikurinn hjá okkur gekk einnig mjög vel og við náðum að stoppa vinstri vænginn hjá þeim sem var markmiðið. Ég er mjög ánægður með þann stíganda sem er í liðinu. Við höfum verið að bæta okkur jafnt og þétt allt mótið og það er eitthvað að liðið á mikið inni,“ sagði Reynir eftir leikinn í gær.

„Þetta var langt frá því að vera ásættanlegt hjá okkur í kvöld,“ sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, eftir leikinn í gær.

„Við komumst í raun aldrei í takt við leikinn og það er mikið áhyggjuefni. Þetta er annar leikurinn í röð hjá okkur þar sem varnarleikurinn er mjög slakur en við byrjuðum mótið með virkilega sannfærandi vörn. Okkur virðist ganga illa að vinna úr hlutunum þegar við lendum undir í leiknum og það er eitthvað sem við verðum að skoða.“

FH-ingar virtust hugsa meira um störf dómarans en að spila handbolta.

„Strákarnir voru oft á tíðum að hugsa um allt annað en að einbeita sér að leiknum og það truflaði liðið mikið. Við pirruðum okkur allt of mikið á dómurunum og það bitnaði á leik liðsins,“ sagði Einar Andri svekktur eftir leikinn í gær. **- sáp**


**GRIMMARI** Framarar bitu hraustlega frá sér í Krikanum í gær og lönduðu sætum sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**TAP** Lítið gekk upp hjá Sigurgeiri Árna og félögum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLIT

*Evrópudeild UEFA:*

**A-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Juventus-Salzburg | 0-0 |
| Lech Poznan-Man. City | 3-1 |

Dimitrije Injac, Manuel Arboleda, Mateusz Mozdzen - Emmanuel Adebayor
Staðan: Lech 7 stig, Man. City 7, Juventus 4, Salzburg 2.

**B-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Bayer Leverkusen-Aris Salonika | 1-0 |
| Rosenborg-Atletico Madrid | 1-2 |

Markus Henriksen - Sergio Aguero, Tiago.
Staðan: Leverkusen 8, Atletico 7, Aris 4, Rosenborg 3.

**C-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Gent-Sporting Lisbon | 3-1 |
| Levski Sofia-Lille | 2-2 |

**D-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Club Brugge-Dinamo Zagreb | 0-2 |
| PAOK Salonika-Villarreal | 1-0 |

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| BATE Borisov-FC Sheriff | 3-1 |
| Dynamo Kiev-AZ Alkmaar | 2-0 |

Kolbeinn Sigþórsson og Jóhann Berg Guðmundsson komu af bekknum hjá AZ á 72. mínútu.
Staðan: BATE 10, Kiev 7, Sheriff 3, Alkmaar 3.

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| CSKA Moskva-Palermo | 3-1 |
| Lausanne-Sparta Prag | 1-3 |

**G-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| AEK Aþena-Anderlecht | 1-1 |
| Hadjuk Split-Zenit. St Petersburg | 2-3 |

**H-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Getafe-Stuttgart | 0-3 |
| OB-Young Boys | 2-0 |

Rúrik Gíslason spilaði síðustu níu mínútur leiksins fyrir OB.
Staðan: Stuttgart 12, Young Boys 6, Getafe 3, OB 3.

**I-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| PSV Eindhoven-Debrecen | 3-0 |
| Sampdoria-Metalist Kharkiv | 0-0 |

**J-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| PSG-Dortmund | 0-0 |
| Sevilla-Karpaty Lviv | 4-0 |

**K-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Liverpool-Napoli | 3-1 |

Steven Gerrard 3 - Ezequiel Lavezzi

| | |
|---|---|
| Steaua Búkarest-Utrecht | 3-1 |

Staðan: Liverpool 8, Steaua 5, Napoli 3, Utrecht 3.

**L-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Porto-Besiktas | 1-1 |
| Rapid Vín-CSKA Sofia | 1-2 |







Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir bikartap gegn Njarðvík í gær:

# Bakverðirnir okkar voru jarðaðir

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar tryggðu sér sæti í 16 liða úrslitum Powerade-bikars karla í körfubolta með 16 stiga sigri á Stjörnumönnum, 110-94, í Garðabænum í gær. Njarðvíkingar hefndu þar með fyrir tíu stiga tap í deildinni á sama stað fyrir aðeins tíu dögum.

Njarðvíkingar voru frumkvæðið allan tímann og náðu mest upp 25 stiga forskoti en Stjörnumenn náðu að laga stöðuna í lokaleikhlutanum eftir að hafa spilað andlausir fyrstu 30 mínúturnar í leiknum.

„Í stuttu máli þá jörðuðu bakverðir Njarðvíkur okkar bakverði í dag,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, og hristi hausinn.

„Við töluðum um það fyrir leikinn að Njarðvík væri svona lið sem væri að leita að sjálfstraustinu sínu. Við töluðum um það að við ætluðum ekki að færa þeim það. Við gáfum þeim það hins vegar í fyrsta leikhlutanum og mínir menn voru bara týndir í upphafi leiks,“ sagði Teitur og bætti við:


**STERKUR** Chris Smith átti fínan leik fyrir Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þeir fengu greinilega blóð á tennurnar í þessum leik, Njarðvíkingarnir, og það er ekki eins og maður hafi ekki séð þetta áður. Þetta minnti mig rosalega á úrslitakeppnina síðasta vor. Ég spyr mig bara með mitt lið og mína stráka hvort menn verða bara meiri kisur eftir því sem vettvangurinn verður stærri. Við verðum að breyta því ef við ætlum að gera eitthvað,“ sagði Teitur.

Jóhann Árni Ólafsson fór á kostum þegar Njarðvíkingar gerðu út um leikinn í kringum hálfleikinn.

„Núna kom alvöruleikur sem virkilega skipti máli þó ég ætli ekki að gera lítið úr deildinni. Ef ég mætti velja hvort við myndum vinna deildina eða bikarinn þá myndi ég klárlega taka þennan,“ sagði Jóhann sem skoraði alls 28 stig í leiknum.

„Auðvitað höfum við fengið að heyra það því Njarðvík er ekki vant því að tapa mörgum leikjum í röð. Við þurfum því að koma brjálaðir og vinna þennan leik,“ sagði Jóhann en Rúnar Ingi Erlingsson var líka annar leikmaður liðsins sem átti mjög góðan leik.

„Þetta var mjög ánægjulegur sigur því að við vitum sjálfir að við erum búnir að spila langt undir getu. Við erum búnir að taka okkur saman í andlitinu og þetta er það sem er fram undan,“ sagði Rúnar. **- óój**



BT
Eitthvað fyrir alla
spilað & skilað
37" Full HD
Engir vextir ekkert vesen
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
119.999
149.999
30.000kr lækkun
LG
LG 37" full HD LCD LG37LD420
Upplausn: 1920 x 1080 Contrast: High
Svartími: 4 ms
Búinn með leikinn?
Við kaupum hann af þér
komdu með gamla leikinn í BT og fáðu inneignarnótu í staðinn
Komdu og gerðu góð kaup í spiluðum leikjum
Plötuspilari
ION
Plötuspilari
Glæsilegur plötuspilari
USB tengi til að færa gömlu góðu plöturnar yfir á MP3
Hægt að tengja í græjur
Hugbúnaður til upptöku fylgir
24.999
Bluray spilari
Hlægilegt verð
LG
BLURAY spilari - LG BD560
ódýr - einfaldur og góður !
29.999
47" Full HD
15.000kr lækkun
LG
47 full HD LED LG47LD650
Upplausn: 1920 x 1080
Skerpa: 80.000:1
Svartími: 2 ms
234.999
249.999
BT
Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
20% afsláttur af leikföngum alla helgina
Aðeins í BT Skeifunni
Fæst aðeins í BT
Abbie
Leikföng frá Playmobil,Tomy, Fisher Price og Barbie
BT
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

## > Julianne Moore

„Í grunnskóla var ég algjör lúði. Það er alltaf einn nemandi sem er of lítill, annar sem þarf að ganga um með gleraugu, og einhver sem ekkert getur í íþróttum. Ég var allt þetta.“

***Julianne Moore leikur í The Lost World: Jurassic Park, sem er sjálfstætt framhald einnar vinsælustu myndar allra tíma sem sló öll aðsóknarmet í Bandaríkjunum. The Lost World hefst klukkan 21.10 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÝNIR SNILLDARTAKTA

# *Undarlega sambandið mitt við sjónvarpið*



Ég og sjónvarpið mitt stöndum á ákveðnum tímamótum í okkar sambandi. Mér finnst það hafa svikið mig með vondri dagskrá (nema þegar það sýnir kappleiki frá útlöndum, þá er ég glaður). Þessi svik hafa staðið lengi yfir og alltaf orðið svæsnari og svæsnari. Og nú er svo komið að ég treysti ekki lengur sjónvarpinu. Og þá er sambandið búið. Upp á það geta allir sambandsráðgjafar kvittað.

Við höfum vissulega gengið í gegnum súrt og sætt saman, ég hef bölvað því og það hefur bölvað mér (hvernig svo sem þið fáið það út). Einn af hápunktum okkar sambands var 17. júní árið 2000. Þá lá ég kylliflatur í sófanum eftir næturdrykkju á knæpum Reykjavíkur og horfði á Júragarðinn, meistarastykki Stevens Spielberg. Um svipað leyti og grameðlan hugsaði sér gott til glóðarinnar og sleikir út um yfir kjötinu á mannfólkinu sem situr fast í jeppum byrjaði jörðin að titra með tilheyrandi látum.

Eins og svo oft vill verða með skelþunna menn var heilabúið nokkuð lengi að vinna úr þessum upplýsingum enda taldi ég nokkuð víst að sjónvarpið væri aðal-sökudólgurinn fyrir hræðslunni sem greip mig. En þegar myndir fóru að detta af veggjum hætti mér að standa á sama og ég áttaði mig á því að sjónvarpið, þótt öflugt væri, átti engan hlut að máli. Þarna voru náttúruöflin að verki.

Þetta var ekki þægileg tilfinning. Og ég reikna ekki með að fá mér þrívíddarsjónvarp þegar slíkt verður í boði. Hvað ætti maður að gera ef jörð skelfur og maður er að horfa á Avatar í þrívídd? Þvílík brenglun á skilningarvitunum sem það hefði í för með sér. Sjónvarpinu verður ekki gert að flytja sitt hafurtask, það mun eiga sinn sess á heimilinu. En ég mun ekki treysta því og mun forðast það í lengstu lög.

## SJÓNVARPIÐ

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Sportið** (e)

**18.00 Manni meistari** (26:26)

**18.25 Frumskógarlíf** (13:13)

**18.30 Frumskógar Goggi** (26:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Seltjarnarness og Ísafjarðarbæjar. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.

**21.20 Sherlock** (3:3) Breskur sjónvarpsmyndaflokkur byggður á sögum eftir Arthur Conan Doyle. Þessar sögur gerast í nútímanum og segja frá því er læknirinn og hermaðurinn John Watson snýr heim úr stríðinu í Afganistan og hittir fyrir tilviljun einfarann, spæjarann og snillinginn Sherlock Holmes.

**22.55 Af því bara** Bandarísk bíómynd frá 2007. Afskiptasöm mamma reynir að finna rétta manninn handa dóttur sinni til að forða henni frá því að gera sömu mistök og hún gerði sjálf. (e)

**00.20 Kastljós** (e)

**00.40 Prag** Dönsk bíómynd frá 2006 um hjónin Christoffer og Maju sem fara til Prag að sækja líkið af pabba Christoffers. Í ferðinni koma úr kafinu ýmis leyndarmál sem ógna hjónabandi þeirra. (e)

**00.50 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. (e)

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Mermaids**

**10.00 What a Girl Wants**

**12.00 Alvin and the Chipmunks**

**14.00 Mermaids**

**16.00 What a Girl Wants**

**18.00 Alvin and the Chipmunks**

**20.00 The Cable Guy**

**22.00 Lonely Hearts**

**00.00 Silent Hill**

**02.05 Ask the Dust**

**04.00 Lonely Hearts**

**06.00 Yes Man**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Hvellur keppnisbíll, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Lalli, Kalli litli Kanína og vinir

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.05 Glee** (20:22)

**11.50 Mercy** (5:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (4:4)

**13.50 La Fea Más Bella** (266:300)

**14.35 La Fea Más Bella** (267:300)

**15.20 Gavin and Stacy** (2:7)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (18:25)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (20:21)

**19.45 Auddi og Sveppi**

**20.20 Logi í beinni**.

**21.10 The Lost World: Jurassic Park** Sjálfstætt framhald einnar vinsælustu myndar allra tíma sem sló öll aðsóknarmet í Bandaríkjunum.

**23.20 Southland Tales** Svört gamanmynd með spennuívafi um afar frumlega útfærslu á heimsendi í Los Angeles og fjallar um fræga hasarmyndahetju sem verður minnislaus og flækist inn í atburðarás nokkurra hópa í borginni.

**02.00 Capote** Philip Seymour-Hoffman hlaut Óskarsverðlaun fyrir magnaða túlkun sína á rithöfundinum sérstaka Truman Capote í þessari áhugaverðu mynd. Hún segir frá afar nákvæmri rannsókn sem hann gerði fyrir metsölubókina In Cold Blood þar sem hann fjallaði um mann sem myrti heila fjölskyldu með köldu blóði.

**03.50 Day Watch** Rússneskur tryllir um baráttu góðs og ills.

**05.55 The Simpsons** (20:21)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Lech - Man. City** Evrópudeildin.

**17.20 Napoli - Liverpool** Evrópudeildin.

**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.30 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur þar sem barna- og unglingastarfinu er veitt athygli.

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.



**21.00 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.

**21.30 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.

**22.20 Monte Carlo 2** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

**23.10 Monte Carlo 3** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan**

**17.00 Arsenal - West Ham**

**18.45 Blackburn - Chelsea**

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu. Allar helstu breytingarnar á liðunum skoðaðar, viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.

**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**22.00 Players 50 - 26**

**22.55 Premier League Preview 2010/11**

**23.25 Everton - Stoke**

## SKJÁREINN

**07.30 Game Tíví** (8:14)

**08.00 Dr. Phil** (41:175)

**08.40 Rachael Ray** (117:175)

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Rachael Ray** (118:175)

**17.30 Dr. Phil** (42:175)

**18.10 Friday Night Lights** (9:13)

**19.00 Melrose Place** (3:18) .

**19.45 Family Guy** (7:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.10 Rules of Engagement** (2:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.

**20.35 The Ricky Gervais Show** (2:13)

**21.00 Last Comic Standing** (9:14) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.

**21.45 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny** (8:8) Breskur gamanþáttur þar sem falin myndavél er notuð til að koma fólki í opna skjöldu.

**22.10 Hæ Gosi** (6:6)

**22.40 Sordid Lives** (9:12)

**23.05 Secret Diary of a Call Girl** (5:8)

**23.35 Law & Order: Special Victims Unit** (13:22)

**00.25 Whose Line is it Anyway** (13:20)

**00.30 Rachael Ray** (115:175)

**00.50 Premier League Poker II** (14:15)

**02.35 The Ricky Gervais Show** (2:13)

**03.00 Jay Leno** (137:260)

**03.45 Jay Leno** (138:260)

**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**08.00 World Golf Championship 2010**

**16.00 Ryder Cup Official Film 2008**

**17.15 Golfing World**

**18.05 Golfing World**

**18.55 World Golf Championship 2010**

**22.55 Golfing World**

**23.45 PGA Tour Yearbooks**

**00.30 ESPN America**

**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**18.50 The Doctors**.

**19.35 Last Man Standing** (8:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.

**20.30 Little Britain USA** (1:6) .

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS: Los Angeles** (12:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.

**22.35 Human Target** (3:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst. Grínspenna í anda Chuck, Louise og Clark og Quantum Leap.

**23.20 The Forgotten** (16:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.

**00.05 The Doctors**

**00.45 Last Man Standing** (8:8)

**01.40 Little Britain USA** (1:6)

**02.05 Auddi og Sveppi**

**02.35 Logi í beinni**

**03.20 Fréttir Stöðvar 2**

**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin gleður og ergir.

**21.00 Vogaverk** Það gerist flest í Vogunum sem ekki á að gerast, ný gamanþáttaröð á ÍNN.

**21.30 Ævintýraboxið** Íslendingum dettur eitt og annað í hug.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Logi í beinni



Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann. Gestir þáttarins að þessu sinni eru Erpur Eyvindarson, Ellý Ármannsdóttir og Raggi Bjarna. Þess má geta að Raggi Bjarna og Erpur munu m.a. flytja nýja lagið sitt „Allir eru að fá sér" sem nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundi **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið. **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Fjölradda sveiflusöngur **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.40** The Weakest Link **13.25** Deal or No Deal **14.00** Monarch of the Glen **14.50** Absolutely Fabulous **15.20** Absolutely Fabulous **15.50** My Family **16.20** Waterloo Road **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** My Hero **19.00** My Family **19.30** QI **20.00** How Not to Live Your Life **20.30** Hustle **21.20** My Family **21.50** QI **22.20** How Not to Live Your Life **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** The Green, Green Grass

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.55** Stillehavet rundt **13.00** Danmarks Indsamlingen 2010 **13.30** Sporløs **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Karlsson på taget **16.30** Rosa fra Rouladegade **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Niels Hausgaard show 2010 **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **21.15** We Own the Night **23.05** Kodenavn. Jane Doe

### NRK 1

**12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Sjukehuset i Aidensfield **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Palme ved reisens slutt **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.35** Norge rundt **19.00** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Tause vitner **22.15** Kveldsnytt **22.30** Tause vitner **23.20** Oasis - Don't Look Back In Anger

### SVT 1

**12.50** I Anneli **13.20** Veronica Mars **14.05** Starke man **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.50** Hundra procent bonde **16.20** Niklas Mat **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Skavlan **21.00** En andra chans **23.00** Elvis Costello med gäster **23.50** Sinchronicity


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is

Meiri Vísir.



ÍSLENSKA/SIA.IS LAE 52147 10/10

# Til sölu



## Hrólfsskálamelur
á Seltjarnarnesi




**Hrólfsskálamelur 2,** 2 íbúðir, 283,1 birtir m²
**Hrólfsskálamelur 4,** 5 íbúðir, 791,1 birtir m²
**Hrólfsskálamelur 6,** 6 íbúðir, 704,4 birtir m²
**Hrólfsskálamelur 8,** 6 íbúðir, 891,3 birtir m²

Fasteignirnar afhendast á ólíkum byggingarstigum.

**Hrólfsskálamelur 10-18**, byggingarréttur, um 3.800 brúttó m² ofanjarðar.

## Norðurbakki
í Hafnarfirði

**Norðurbakki 15,** 5 íbúðir, 652 birtir m²
**Norðurbakki 17,** 25 íbúðir, 2.998 birtir m²
**Norðurbakki 19,** 20 íbúðir, 1.976 birtir m²

Fasteignirnar afhendast á ólíkum byggingarstigum.

**Norðurbakki 21**, byggingarréttur, 3.817,9 birtir m².







*Eignirnar eru til sölu í heild eða að hluta. Ekki er tekið við tilboðum í minni einingu en sem nemur einum stigagangi. Tilboðum í eignirnar óskast skilað eigi síðar en fyrir kl. 16:00, 19. nóvember nk.*

*Nánari upplýsingar á skrifstofu félagins*
***Hátúni 2B,*** *í síma* ***594 4210****, gsm* ***660 4210***
*eða hjá* ***thorsteinn@landey.is***

Hátúni 2b | 105 Reykjavík
Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | www.landey.is

LANDEY

Landey ehf. er dótturfélag Arion banka og fer með eignarhald bankans á nýbyggingum og fasteignaþróunarverkefnum sem bankinn hefur tekið yfir.



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



*Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!*

ÞVOTTA DAGAR



ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
**Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!**

ORMSSON

ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG



☎ 530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



*„Það er lagið Til í allt með Friðriki Dór, Steinda Jr. og Ásgeiri, fáránlega ferskt lag af nýja disknum hans Frikka sem öskrar á mig að nú sé helgin komin.“*

Skúli Jón Friðgeirsson, knattspyrnumaður í KR.

# Kaldhæðin örlög Stefáns Karls

„Þetta er mjög kaldhæðið og í raun bara ömurlegt. En svona er bara þessi bransi og það verða bara Skype-jól í ár,“ segir Stefán Karl Stefánsson leikari.

Stefán er byrjaður að leika aftur græna tröllið í söngleiknum Hvernig Trölli stal jólunum, sem fer á flakk um mið- og suðurríki Bandaríkjanna og lýkur í Toronto í Kanada um jólin. Hann þarf að eyða jólunum einn í Toronto.

Stefán var staddur í Omaha þegar Fréttablaðið náði tali af honum og segir það hafa verið ógjörning að fljúga allri fjölskyldunni yfir landamærin til Kanada. „Það hefði kostað rúmlega hálfa milljón og slíkt hefði þýtt engar jólagjafir í ár.“ Stefán segir það óneitanlega grátbroslegt að ein af lykilsetningum sýningarinnar sé einmitt að enginn skuli vera einn um jólin.

„Ef ég væri „method“-leikari þá hefði þetta kannski verið í lagi. En ég er það náttúrlega ekki og þess vegna er þetta fúlt.“

Níutíu sýningar hafa verið skipulagðar en nánast uppselt er á þær allar, sem þýðir að Stefán mun að öllum líkindum leika fyrir rúmlega 200 þúsund manns þar sem ekkert leikhús undir 2.300 áhorfendum getur hýst sýninguna. „Við erum 32 leikarar og 64 alls. Við fljúgum á milli staða en leikmyndin og leikmunir eru ferjaðir á milli í ellefu áttatíu feta trukkum,“ útskýrir Stefán, sem verður því nánast á stanslausu ferðalagi næstu tvo mánuði en síðasta sýningin verður 2. janúar.

- fgg



**FÚLT** Stefán Karl þarf að vera einn um jólin en þegar hátíð ljóss og friðar stendur sem hæst verður hann í Toronto að leika í söngleiknum Hvernig Trölli stal jólunum.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 27.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 5.12. Kl. 11:00 | Ö | Sun 12.12. Kl. 14:30 | |
| Lau 27.11. Kl. 14:30 | Ö | Sun 5.12. Kl. 13:00 | Ö | Lau 18.12. Kl. 11:00 | |
| Sun 28.11. Kl. 11:00 | U | Sun 5.12. Kl. 14:30 | Ö | Lau 18.12. Kl. 13:00 | |
| Sun 28.11. Kl. 13:00 | U | Lau 11.12. Kl. 11:00 | | Lau 18.12. Kl. 14:30 | |
| Sun 28.11. Kl. 14:30 | U | Lau 11.12. Kl. 13:00 | | Sun 19.12. Kl. 11:00 | |
| Lau 4.12. Kl. 11:00 | U | Lau 11.12. Kl. 14:30 | | Sun 19.12. Kl. 13:00 | |
| Lau 4.12. Kl. 13:00 | Ö | Sun 12.12. Kl. 11:00 | | Sun 19.12. Kl. 14:30 | |
| Lau 4.12. Kl. 14:30 | Ö | Sun 12.12. Kl. 13:00 | | | |

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn | U | Fös 19.11. Kl. 20:00 | Ö | Sun 28.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn | Ö | Lau 20.11. Kl. 20:00 | Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 | |
| Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn | Ö | Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.t. | Ö | Sun 5.12. Kl. 20:00 | |
| Fös 12.11. Kl. 20:00 | U | Lau 27.11. Kl. 20:00 | Ö | | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 6.11. Kl. 13:00 | Ö | Lau 13.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 21.11. Kl. 13:00 | |
| Lau 6.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 14.11. Kl. 13:00 | Ö | Lau 27.11. Kl. 13:00 | |
| Sun 7.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 14.11. Kl. 15:00 | Ö | Lau 27.11. Kl. 15:00 | |
| Sun 7.11. Kl. 15:00 | Ö | Lau 20.11. Kl. 13:00 | | Sun 28.11. Kl. 13:00 | |
| Lau 13.11. Kl. 13:00 | Ö | Lau 20.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 28.11. Kl. 15:00 100 sýn. | U |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 4.11. Kl. 20:00 | U | Fös 12.11. Kl. 20:00 | U | Fös 26.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 5.11. Kl. 20:00 | U | Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö | Lau 27.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 6.11. Kl. 20:00 | U | Fös 19.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 | Ö |
| Fim 11.11. Kl. 20:00 | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 | Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 7.11. Kl. 19:00 | U | Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas. | Ö | Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. | Ö |
| Mið 10.11. Kl. 19:00 | U | Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. | Ö | Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. | Ö |
| Sun 14.11. Kl. 19:00 | U | Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. | Ö | | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 4.11. Kl. 20:00 | Ö | Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. | U | Fim 2.12. Kl. 20:00 Aukas. | |
| Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 | Ö |



Ástsæl saga

Litla bókin um Dísu ljósálf er loksins fáanleg aftur




Endurnýjaðu kynnin við þessa hugljúfu sögu

FORLAGIÐ
www.forlagid.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


KRISTINA MOORE: 20 MILLJÓNIR MANNA HORFA Á SÝNINGUNA Á NBC

# Íslenski fjárhundurinn á risasýningu í Bandaríkjunum

„Þetta er mjög mikilvæg sýning fyrir framtíðarvinsældir íslenska fjárhundsins í Bandaríkjunum,“ segir Kristina Moore, fjölmiðlafulltrúi hundasýningar Kennelklúbbsins.

Íslenski fjárhundurinn verður frumsýndur á hundsýningu Kennel-klúbbsins sem hefst í Philadelphiu í Bandaríkjunum í næstu viku. Sýningin er ein sú stærsta í heimi og er sýnd árlega á NBC-sjónvarpsstöðinni á þakkargjörðardaginn, sem nú ber upp á 20. nóvember. Búist er við að yfir 20 milljónir manna fylgist með útsendingunni.

„Þetta er ein virtasta hundasýning Bandaríkjanna,“ segir Moore. „Keppnin er föst hefð í lífi fjölmargra Bandaríkjamanna á þakkargjörðardaginn. Þeir horfa á Macy's-skrúðgönguna og hundasýninguna eftir á.“ Um 4.000 hundar verða til sýnis á sýningunni, en ásamt íslenska fjárhundinum verða fimm ný kyn frumsýnd.

> Keppnin er föst hefð í lífi fjölmargra Bandaríkjamanna á þakkargjörðardaginn. Þeir horfa á Macy's-skrúðgönguna og hundasýninguna eftir á.
>
> **KRISTINA MOORE**
> FJÖLMIÐLAFULLTRÚI KENNEL-KLÚBBSINS

Guðni Ágústsson, formaður deildar íslenska fjárhundsins, segir að þetta séu toppfréttir fyrir kynið. „American Kennel Club er stærsti klúbburinn, þó að þeir séu fleiri stórir í Bandaríkjunum,“ segir hann. „Forsagan er sú að það er búið að taka langan tíma að fá hundinn viðurkenndan þarna úti. Það hafa verið svona tveir til þrír stofnar að rífast, en þeir sem eru að standa í þessu núna höfðu samband við okkur og óskuðu eftir leiðbeiningum – að við segðum hvernig heimalandið vildi að hundurinn liti út.“

Kynið var viðurkennt 1. júlí síðastliðinn. Guðni segir að þar hafi stórt skref verið stigið og bætir við að þau í deild íslenska fjárhundsins hafi verið afar ósátt við hvernig málum var háttað áður en ný stjórn tók við í ISAA, Icelandic Sheepdog Association of America. „Öll hundakyn í heiminum hafa ákveðin ræktunarmarkmið sem segja til um hvernig hundurinn eigi helst að líta út,“ segir Guðni. „Við viljum að hundurinn sé viðurkenndur um allan heim, en við viljum að hann sé viðurkenndur eins og við segjum að hann eigi að vera.“

atlifannar@frettabladid.is



**GÓÐAR FRÉTTIR** Guðni Ágústsson, formaður deildar íslenska fjárhundsins, ásamt tíkunum Ylfu og Sunnu. Sérstök ættarnöfn þeirra eru Íseyjar-Ylfa og Keilis-Sunna. Guðni fagnar fréttunum af landvinningum íslenska fjárhundsins í Bandaríkjunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Toshiki syngur fyrir Gillz

„Þetta gekk bara vel, held ég, allavega var þetta mjög skemmtilegt,“ segir Toshiki Toma, prestur innflytjenda á Íslandi. Tökur standa nú yfir á sjónvarpsþáttaröð upp úr bók Egils „Gillz“ Einarssonar, Mannasiðir Gillz, sem Hannes Þór Halldórsson leikstýrir. Og á miðvikudagskvöld var blásið til allsherjar karókíveislu.

Eins og lög gera ráð fyrir varð auðvitað að hafa japanskan þátttakanda til að fanga rétta andrúmsloftið enda á karókí rætur sínar að rekja til Japans. Toshiki brást snöggur við beiðni um að syngja og tók lagið fyrir myndavélarnar. „Mig langaði fyrst til að syngja Frank Sinatra enda hefur hann verið í miklu uppáhaldi hjá mér. En það var einhver annar búinn að velja hann,“ útskýrir Toshiki, sem varð þá að velja Carpenters-lagið Yesterday Once More og flutti það auðvitað með glæsibrag.

Hannes Þór Halldórsson, leikstjóri þáttanna, var ákaflega ánægður með klerkinn og hans framlag. „Við vorum að fara þarna í hvernig maður á að haga sér í karókí og hvernig ekki,“ segir Hannes. Tökur á leikna hluta þáttaraðarinnar hafa staðið yfir í tólf daga og fjölda þjóðþekktra einstaklinga bregður þar fyrir, meðal annars Agli Ólafssyni, Eddu Björgvinsdóttur, Gísla Erni, Birgi Leifi og svo bregður Ásgeiri Kolbeins fyrir í litlu „feluhlutverki“. Aðalhlutverkin eru hins vegar í höndunum á Halldóri Gylfasyni, Jóhannesi Hauki, Steinda, Víkingi Kristjánssyni og Eddu Björg Eyjólfsdóttur. Hannes segir að nú verði hins vegar farið í upptökur á hetjunni sjálfri.

- fgg




**CARPENTERS-SNILLD** Toshiki Toma sagði það ekki hafa verið létt að flytja Yesterday Once More, hann hefði helst viljað syngja Frank Sinatra.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# TVÆR ALVÖRU KVIKMYNDIR FRUMSÝNDAR Í DAG







Nánar á www.facebook.com/graenaljosid.

græna ljósið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Útgefandi með afslætti

Þekkt hefur verið um árabil að fyrirtæki launi viðskiptavinum sínum með ýmsum kostaboðum. Með svipuðum hætti hefur Morgunblaðið um nokkurt skeið haldið úti Moggaklúbbi þar sem áskrifendum er gefinn kostur á afslætti af ýmsu, svo sem utanlandsferðum, fatahreinsun og fleiru. Í gær voru kostakjör í boði, þrjátíu prósenta afsláttur af tveimur bókum. Önnur þeirra smásagnasafnið „Ég sé ekkert svona gleraugnalaus“. Fyrir þá sem ekki vita er höfundur verksins **Óskar Magnússon,** útgefandi Morgunblaðsins síðastliðið eitt og hálft ár. Hin bókin er flettiútgáfa af sígildu sögunni um ævintýri Péturs Pan í íslenskri þýðingu Styrmis nokkurs Guðlaugssonar, fjölmiðlamanns svo fátt eitt sé nefnt.



### Bó gó í Hörpu

Tónlistarhúsið Harpa tekur nú á sig mynd við Reykjavíkurhöfn. Frá því að ákveðið var að reisa ferlíkið hafa gagnrýnisraddir hljómað; kostnaðurinn þykir of mikill auk þess sem klassísk tónlist ku verða ansi fyrirferðarmikil á dagskránni. Áhyggjurnar virðast allavega að hluta til vera ástæðulausar því nú heyrist að **Björgvin Halldórsson** ætli að halda sextugsafmælistónleika sína á næsta ári í Hörpu. Þessar gleðifréttir eru kærkomnar en ættu ekki að koma neinum á óvart, enda hyggst annar kóngur, Bubbi Morthens, halda Þorláksmessutónleika sína í Hörpu í framtíðinni.



**- jab, afb**

## Mest lesið VISIR.IS

1. Misstórir en báðir eru grænir
2. Lögreglan lokaði veitingahúsi á miðnætti í borginni
3. Auður: Hátterni Jóns Gnarr í ætt við einelti
4. Lenti í slysi og missti vinnuna í kjölfarið
5. Fundu fikniefnagöng milli Mexíkó og Bandaríkjanna







